

AÐALSKIPULAG DALVÍKURBYGGÐAR 2025-2045

FORSENDU- & UMHVERFISSKÝRSLA

6. mars 2026

Forsendu- og umhverfisskýrsla, fylgiskjal Aðalskipulags Dalvíkurbyggðar 2025-2045

EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT	2
Gögn skipulagsins	4
1. UMHVERFI OG NÁTTÚRA	5
1.1. Jarðfærði	6
1.1.1. Jarðhiti	6
1.2. Landslag	6
1.2.1. Fjallendi með inndölum (2.2)	6
1.2.2. Opnir jökulsorfnir firðir (6.2)	6
1.3. Vatnafar	7
1.3.1. Svarfaðardalsá	7
1.4. Gróðurfar	7
1.4.1. Vistgerðir	7
1.5. Dýralíf	8
1.5.1. Fuglalíf	8
1.5.2. Vatnalíf	9
1.6. Verndarsvæði	9
1.6.1. Friðland	9
1.6.2. Fólkvangur	9
1.6.3. Aðrar náttúruminjar	9
1.6.4. Hverfisvernd	9
1.6.5. Mikilvæg fuglasvæði	10
1.7. Óbyggð víðerni	12
1.8. Veðurfar	12
1.8.1. Hitastig	12
1.8.2. Ofankoma	12
1.8.3. Vindur	12
1.9. Náttúruvá	12
1.9.1. Jarðskjálftar	12
1.9.2. Ofanflóð	14
1.9.3. Vatnsflóð	14
1.9.4. Sjávarflóð	14
1.10. Loftslagsvái	14

1.10.1. Líkleg áhrif loftslagsbreytinga	14
1.10.2. Aðgerðir vegna áhrifa	17
2. BYGGÐ OG SAMFÉLAG	19
2.1. Þéttbýlin	20
2.1.1. Dalvík	20
2.1.2. Árskógssandur	20
2.1.3. Hauganes	20
2.2. Byggðarsaga	21
2.2.1. Þróun byggðar	22
2.2.2. Þróunin eftir 2000	23
2.2.3. Skipulagssaga	23
2.2.4. Menningarminjar	25
2.3. Íbúafjöldi	28
2.3.1. Þróunin fyrir 2000	28
2.3.2. Þróunin frá 2000	29
2.3.3. Þróun íbúafjölda á svæðisvísu	30
2.3.4. Íbúaspá	31
2.4. Samsetning íbúa	32
2.4.1. Aldurs- og kynjaskipting	32
2.4.2. Þjóðerni	33
2.4.3. Fjölskyldugerðir	33
3. ATVINNULÍF OG EFNAHAGUR	34
3.1. Landbúnaður	35
3.2. Sjávarútvegur	35
3.3. Iðnaður	35
3.4. Opinber þjónusta	35
3.4.1. Fræðslustarfsemi	35
3.4.2. Heilbrigðis- og félagsþjónusta	36
3.4.3. Stjórnsýsla	36
3.4.4. Neyðarþjónusta	36
3.5. Ferðaþjónusta	36
3.6. Landnotkun og auðlindir	37

3.6.1. Efnistaka	37
3.6.2. Sorphirða og flokkun	37
3.6.3. Skógrækt	37
3.6.4. Hlunnindi jarða	37
3.6.5. Flokkun landbúnaðarlands	37
3.6.6. Orkuöflun	39
4. SAMGÖNGUR OG VEITUR	41
4.1. Hafnir	41
4.1.1. Dalvíkurhöfn	41
4.1.2. Árskógssandshöfn	41
4.1.3. Hauganeshöfn	41
4.2. Vegasamgöngur	41
4.2.1. Jarðgöng	41
4.2.2. Almenningsamgöngur	41
4.3. Flugsamgöngur	42
4.4. Veitur	42
4.4.1. Vatnsveita	42
4.4.2. Hitaveita	42
4.4.3. Fráveita	42
4.4.4. Rafmagn	42
4.4.5. Fjarskipti	42
5. STEFNUMÓTUN	43
5.1. Gildi Dalvíkurbyggðar	43
5.2. Endurskoðun aðalskipulags	43
5.3. Undirstaða stefnumótunar	43
5.3.1. Hringrásarhagkerfið	43
5.3.2. Landsskipulagstefna	43
5.4. Framtíðarsýn mótuð	44
5.4.1. Niðurstöður SVÓT greiningar	44
5.5. Leiðarljós dregin fram	46
5.6. Viðfangsefni sem ekki er fjallað um	46
5.7. Samræmi við aðrar stefnur	46

5.7.1. Heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna	47
5.7.2. Landsskipulagsstefna 2024-2038	50
5.7.3. Aðrar stefnur og áætlanir á landsvísu	66
5.7.4. Stefnur og áætlanir á svæðisvísu:	77
5.7.5. Stefnur og áætlanir á staðarvísu	80

6. UMHVERFISMAT AÐALSKIPULAGS82

6.1. Aðferðafræði 82

6.2. Lýsing á áætlun og helstu breytingum 82

6.2.1. Framtíðarsýn og leiðarljós 82

6.2.2. Helstu breytingar frá gildandi aðalskipulagi 82

6.3. Tengsl við aðrar áætlanir og stefnumörkun 83

6.3.1. Landsskipulagsstefna 83

6.3.2. Heimsmarkmið SP og stefna stjórnvalda 83

6.4. Lýsing á núverandi aðstæðum 83

6.4.1. Náttúra, vistkerfi og verndarsvæði 83

6.4.2. Landbúnaður og landgæði 83

6.4.3. Vatnafar og vatnsvernd 84

6.4.4. Menningarminjar 84

6.4.5. Samfélag, lífsgæði og heilsufar 84

6.4.6. Loftslag, losun og kolefnisbinding 84

6.5. Mat á umhverfisáhrifum helstu breytinga84

6.5.1. Nýtt tjaldsvæði og hótél í Böggvisstaðafjalli 84

6.5.2. Stækkun Dalvíkurhafnar 84

6.5.3. Breytt aðkoma að Hauganeshöfn og uppbygging Sandvíkur 85

6.5.4. Athafna- og iðnaðarsvæði 85

6.5.5. Árskógsvirkjun 85

6.5.6. Skógræktar- og landgræðslusvæði og breytingar á landbúnaðarlandi 85

6.5.7. Þéttbýlisuppbygging 86

6.5.8. Efnistöku- og efnislosunarsvæði 86

6.6. Samlegðaráhrif og uppsöfnuð áhrif 86

6.7. Mótvægisáðgerðir 86

6.8. Vöktun og eftirfylgni 86

6.9. Niðurstaða umhverfismats 87

7. VALKOSTAGREININGAR 88

7.1. Staðsetning tjaldsvæðis Dalvíkur 88

7.1.1. Kröfur og viðmið fyrir tjaldsvæði 88

7.1.2. Valkostur A - Neðan skíðaskála í Böggvisstaðafjalli 90

7.1.3. Valkostur B - Sunnan við Ásgarð 91

7.1.4. Valkostur C - Tjaldsvæði við Brimnesá 92

7.1.5. Samanburður á valkostum 93

7.1.6. Lokaályktun 93

7.2. Stækkun hafnarsvæðis á Dalvík 94

7.2.1. Valkostur A – Stækkun hafnar til norðurs 95

7.2.2. Valkostur B – Stækkun hafnar á suðurhluta / við Sandskeið 96

7.2.3. Samanburður valkosta 97

7.2.4. Lokaályktun 97

7.3. Staðsetning nýs hótels á Dalvík 98

7.3.1. Valkostur A – Hótél neðan skíðaskála í Böggvisstaðafjalli 99

7.3.2. Valkostur B – Í Böggvisstaðafjalli sunnan við Brimnesá 100

7.3.3. Valkostur C – Á opnu svæði sunnan við Brimnesá 101

7.3.4. Valkostur D – Sunnan við Böggvisstaði 102

7.3.5. Samanburður valkosta 103

7.3.6. Lokaályktun 103

7.4. Framtíðarathafnasvæði Dalvíkur 104

7.4.1. Valkostur A Athafnasvæði á Böggvisstöðum 105

7.4.2. Valkostur B Athafnasvæði austan við Hrísa 106

7.4.3. Samanburður valkosta 107

7.4.4. Lokaályktun 107

7.5. Breytt aðkoma að Hauganeshöfn 108

7.5.1. Valkostur A – Eldri vegur endurnýjaður frá þjóðvegi 109

7.5.2. Valkostur B – Eldri vegur endurnýjaður að hluta 110

7.5.3. Samanburður valkosta 111

7.5.4. Lokaályktun 111

8. MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM FRAMKVÆMDA 112

Auglýsing tillögu– til lesenda

Þessi forsendu- & umhverfisskýrsla er fylgiskjal með aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2025-2045. Fylgir hún kynningar og samráðsferli þess.

Sveitarfélagið auglýsir nú tillögu að **nýju aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2025–2045** þar sem íbúum, landeigendum og öðrum hagsmunaaðilum gefst færi á að koma að athugasemdum og ábendingum. Öllum innsendum athugasemda verður svarað.

Hægt er að koma á framfæri athugasemdum og ábendingum við þessa tillögu með því að senda þær skriflega inn í gegnum Skipulagsgátt: www.skipulagsgatt.is/issues/2024/1264

Gögn skipulagsins

AÐALSKIPULAG DALVÍKURBYGGÐAR 2025-2045
samanstendur af:

- Greinargerð;
- Þéttbýlisuppdráttum fyrir Dalvík, Árskógssand, Hauganes og Laugahlíð í mælikvarðanum 1:10.000;
- Sveitarfélagsuppdrætti í mælikvarðanum 1:50.000;
- Þessari forsendu- og umhverfisskýrslu;
- Skýringaruppdráttum:
 - A: Flokkun landbúnaðarlands
 - B: Vegir í náttúru Íslands
 - C: Náttúruvernd
 - D: Náttúruvá
 - E: Skráðar minjar

Öll gögnin hafa sömu dagsetningu.

Unnið með Dalvíkurbyggð,




1. UMHVERFI OG NÁTTÚRA

Dalvíkurbyggð liggur milli Fjallabyggðar og Hörgársveitar, sunnan Ólafsfjarðarmúla og norðan Torfness við Eyjafjörð, til suðvesturs inn í landið um Svarfaðardal og Skíðadal.

Innan Dalvíkurbyggðar eru þrjár þéttbýlisstaðir: Dalvík, stærsti staðurinn sem liggur við mynni Svarfaðardals; Hauganes og Árskógssandur, sem eru minni sjávarþorp staðsett við Árskogsströnd. Þar má einnig finna smá þyrpingu íbúðarhúsa í Laugahlíð í Svarfaðardal. Byggðin dreifist að mestu á láglandi og meðfram strandlengju, en fer minnkandi þegar fjær dregur ströndinni og innar í dölunum.

Dalvíkurbyggð einkennist af stórum og smáum dölum sem skera háa og mikla fjallgarða Tröllaskagans. Um gróna dalina renna Svarfaðardalsá og Skíðadalsá sem sameinast undir fjallinu Stóllinn, einu helsta kennileiti sveitarfélagsins, og renna til sjávar austan við Dalvík.

Strandlengjan er að mestu gróin og einkennist af víkum og fjörum. Norðan Dalvíkur eykst brattinn við strandlengjuna þar sem hún verður klettótt nyrst og brattinn töluverður.¹



Mynd 1.1 Landslag og umhverfi Dalvíkurbyggðar.

¹ [Sagan - dalvikurbyggd.is](http://Sagan-dalvikurbyggd.is)

1.1. Jarðfærði

Berggrunnur Dalvíkurbyggðar er að mestu gerður úr blágrýti. Basískt og ísúrt gosberg og setlög, 3,3 milljón ára frá míósen og plíósen tímabilinu.

Jarðlagastaflinn hallar aðeins til suðurs og er víða að finna bergganga sem standa hornrétt á jarðlögin. Dæmi um slíkan er að finna í fjallinu Stólnum, þar sem að þykkur berggangur sker sig í gegnum fjallið.

Frá minni Svarfaðardals að Stólnum er berggrunnurinn úr setlögum frá nútíma sem mynduðust með framburði jökuláa.

En ísaldarjöklnir settu mikinn svip á svæðið. Þverdalir Eyjafjarðar mynduðust þegar eldvirkninni lauk og ísöldin skall á. Jöklarnir mótuðu landið og má víða sjá jökulgarða.

Hallamislægi liggja með hæstu tindum, meðfram dölunum. Þykk setlög með surtarbrandi frá míósen og fyrri hluta plíósen, sem myndast við löng hlé á gosvirkni.^{2 3}

1.1.1. Jarðhiti

Tvö jarðhitakerfi eru nýtt á Dalvík, við Hamar og við Brimnesborgir. Jarðhitakerfið við Hamar veitir heitu vatni til Dalvíkur en jarðhitakerfið við Brimnesborgir veitir heitu vatni til Árskógsstrandar og einnig inn í Svarfaðardal.⁴

² [Sagan - dalvikurbyggd.is](#)

³ [Náttúrufræðistofnun Íslands, 2022. Jarðfræði Íslands](#)

1.2. Landslag

Samkvæmt landslagsflokkun fyrir Ísland er að finna tvo landslagsflokka í sveitarfélaginu: Fjalllendi með inndölum og þröngir jökulsorfnir firðir, fjalllendi og inndalir. Tröllaskaginn og fjallendi hans eru metin sem ein heild, fjalllendi með inndölum, en strandlengjan í Eyjafirði sem opinn jökulsorfin fjörður.⁵

1.2.1. Fjallendi með inndölum (2.2)

Há fjöll og fjallgarðar nærri sjó með djúpum, grónum inndölum. Fjallshlíðar eru víða brattar og skriðular. Landslag einkennist af rofi og landmótun ísaldarjökulsins. Í hæstu fjallstindum eru smájökjar (skálarjökjar). Byggð er lítil utan stöku bæja í inndölum.

Fjallendi Dalvíkurbyggðar flokkast undir fjalllendi með inndölum, undirflokkur nr. 2.2.6 Tröllaskagi:

Háir og brattir fjallgarðar milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar. Fjöll ná frá sjó upp í um 1.500 m hæð yfir sjávarmáli. Djúpir vatns- og jökulsorfnir dalir skera fjallendið. Fjölmarga smájökla er að finna í fjöllum og dölum. Undirlendi dala er töluvert. Yfirborð er aðallega mosagrónir eða ógrónir melar, stórgrýttar ógrónar skriður í bröttum hlíðum og grasigrónir dalir. Byggð er nokkur í dölum og undirlendi nýtt til landbúnaðar. (beint)

⁴ [Hitaveita - dalvikurbyggd.is](#)

⁵ [Efla & LUC, 2020. Landslag á Íslandi](#)

1.2.2. Opnir jökulsorfnir firðir (6.2)

Brattir firðir með inndölum. Undirlendi er fremur lítið og upp af fjarðarbotnum ganga brött fjöll. Sjávarþorp og -bær og landbúnaður við sjávarsíðuna og í inndölum.

Láglandi Dalvíkurbyggðar flokkast undir Opna jökulorfna firði, undirflokkur nr. 6.2.2 Eyjafjörður:

Láglandi fjarðarins sem nær frá sjó upp í um 100 m hæð yfir sjávarmáli. Upp frá láglandi ganga há og brött fjöll. Yfirborð er vel gróið, gras- og mólendi, auk kjarr- og skóglendis. Byggð er mikil og er næststærsti þéttbýlisstaður landsins, Akureyri, í botni fjarðarins. Auk þessu eru minni þéttbýlisstaðir/byggðakjarnar og dreifð byggð á svæðinu. Land er nýtt til landbúnaðar

1.3. Vatnafar

Ár og lækir renna víða um sveitarfélagið, úr fjöllum niður dalina. Helstu árnar eru Svarfaðardalsá, sú allra stærsta, Skíðadalsá, Þorvaldsdalsá og Brimnesá en í þær renna minni þverár og lækir.

Mikið er um votlendi og tjarnir. Stærstu tjarnirnar eru allar staðsettar í friðlandi Svarfdæla, Hrísatjörn, Ytritjörn, Saurbæjartjörn og Tjarnartjörn. Við árósa Svarfaðardalsár er mikið votlendi og þar hefur myndast sjávarkambur í fjörunni.

Í fjallgördum sveitarfélagsins má einnig finna vötn og tjarnir á toppum fjallanna, meðal þeirra eru fjallavötnin Skeiðsvatn og Nykurtjörn.

1.3.1. Svarfaðardalsá

Svarfaðardalsá á upptök sín úr þverám og lækjum á hálendi Tröllaskaga. Hún er 29 km löng dragá og er vatnasvið hennar 450 km², að meðtalinni Skíðadalsá. Áin rennur um Svarfaðardal, til sjávar sunnan við Dalvík.⁶

Farvegur árinna er afar breytilegur milli ára vegna breytilegs vatnsrennslis og miklum framburði. Áreyrar með árseti eru algengar í ánni en neðst í dalnum eru bakkar hennar stöðugri og rennslíð minna. Sjávarkambur hefur myndast við árósa og er votlendi þar í kring ásamt miklu fuglalífi. Áin hefur mikil áhrif á landslag dalsins með rofi og framburði.⁷

⁶ Hafdís Eygló Jónsdóttir, 1998. Svarfaðardalsá - landbrot & farvegsbreytingar.

1.4. Gróðurfar

Landslag Dalvíkurbyggðar einkennist af háum fjallgördum og þröngum dölum inn á milli, og er þ.a.l. flatlendi fremur lítið og gróðurlendi takmarkað. Þrátt fyrir það er gróðurinn fjölbreyttur þar sem hann vex. Gróðurfarið skiptist nokkurn veginn í tvennt, fjalllendi sem einkennist af sandi, melum og klettum, og láglendi sem er almennt frekar gróið svæði, þar sem slegin tún, mólendi og votlendi eru ríkjandi.

Á Árskógsströnd má finna leifar af miklum skógi, talið er að skógur hafi vaxið þar fram á 18. öld. Skóglendið náði norður yfir Hámundarstaðaháls.⁸

1.4.1. Vistgerðir

Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands má finna skriður og kletta (yfiflokkur L3) í hlíðum fjalla en mela (L1) á toppum og heiðum þeirra. Einnig er að finna töluvert af smájökulum (L13) á toppum fjallanna.

Meðfram ám og inn dali sveitarfélagsins má finna graslendi (L9), mólendi (L10) og votlendi (L8). Þessar vistgerðir þekja stóran hluta láglendis á svæðinu og teygja sig aðeins upp hlíðar fjallanna. Graslendi er mest í dalsbotnum og er snarrótarvist (L9,4) og língresis- og vingulvist (L9,6) algengustu tegundirnar. Votlendi er víða við árnar, í fjallshlíðum, á láglendinu og við ströndina, en mismunandi er hvaða tegundir eru algengastar eftir staðsetningu. Mólendi teygir sig hæst upp í fjallshlíðarnar og er grasmóavist (L10,4) algengust.

⁷ Friðland Svarfdæla - dalvíkurbyggd.is

⁸ Skógræktarfélag Íslands, 1951. Ársrit Skógræktarfélags Íslands

Við bakka ána má finna bæði mela (L1) og moslendi (L5).

Við árósa Svarfaðardalsár er að finna mela, aðallega Hraungambravist (L5.3) en einnig má finna örlitla sandstrandarvist (L7.1), ásamt votlendi. Tún og akurlendi (L14.2) eru áberandi í dalsbotnum og við strandlengjuna meðfram vegum. Eitthvað er um skógrækt (14.3) á svæðinu, en það er aðeins Birkiskógur (L11) á einum stað í sveitarfélaginu, við rætur Karlsárjalls.

Nyrst á skipulagssvæðinu meðfram strandlengjunni er að finna sjávarkletta- og eyrarvist (L7.7) ásamt ljónslappaskriðuvist (L3.3) og urðarskriðuvist (L3.1). Þar er orðið töluvert brattara og þ.a.l. flatlendi minna. Eitthvað er af lúpínu (L14) en þó ekki mikið.⁹

⁹ Náttúrufræðistofnun Íslands, 2024. Vistgerðakort og mikilvæg fuglasvæði


1.5. Dýralíf

Mest er um fugla- og vatnalíf í sveitarfélaginu þó er eitthvað er um mink á svæðinu, og refi sem koma í friðlandið yfir varptímann og fram á sumar.¹⁰

1.5.1. Fuglalíf

Við ósa Svarfaðardalsár er mikið fuglalíf, þar verpa um 30 fuglategundir og enn fleiri tegundir nýta sér votlendið sem viðkomustað á leið sinni á varpslóðir. Algengustu tegundirnar eru grágæs, hettumávar, jaðrakan, rauðhöfði og stormmávar. Annars eru tegundir sem koma við í friðlandinu m.a. endur og gæsir, spörfuglar, mávar, vaðfuglar o.fl.

Fuglategundir sem eru í hættu á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands sem verpa í friðlandinu eru m.a. svartbakur, ásamt fýl, en hann sækist mikið í Ólafsfjarðarmúla og verpir þar. Himbrimi og gulönd eru í nokkurri hættu en sjást af og til í sveitarfélaginu. Himbrimi hefur sest að á Hrísatjörn þar sem hann er heimaríkur. Flórgoði er áberandi á svæðinu ásamt lómi. Nokkrar ábyrgðartegundir Íslands hafa sést eða verpa þar, heiðagæs, helsingi, æður, heiðlóa, rauðbrystingur, hrossagaukur og spói.¹¹



Mynd 1.2 Vatnafar Dalvíkurbyggðar og í nágrenni.

¹⁰ Friðland í Svarfaðardal, stjórnunar og verndaráætlun 2021-2030

¹¹ Akureyrarbær o.fl. 2017. Fuglaskoðun við Eyjafjörð.

1.5.2. Vatnalíf

Fisk er að finna í Svarfaðardalsá, Skíðadalsá og Þorvaldsdalsá, tegundir á borð við silung, bleikju, lax og urriða. Einnig er eitthvað um fisk í Hrísatjörn, en þar er að finna sjóbleikju og sjóbirting ásamt urriða. Hægt er að veiða á öllum þessum stöðum.

Hvali er víða að finna í Eyjafirði og eru tvö hvalskoðunarfyrirtæki í sveitarfélaginu, eitt á Dalvík og annað á Hauganesi, sem er elsta hvalskoðunarfyrirtæki landsins.¹²

Seli er einnig að finna í Eyjafirði, en samkvæmt korti Náttúrufræðistofnunar Íslands af selalátrum við strendur Íslands þá sest landselur að á Hálshöfða austan við Dalvík. Og sjást þeir því stundum í og við Dalvík.¹³

1.6. Verndarsvæði

Í Dalvíkurbyggð eru fimm svæði á Náttúruminjasrá, eitt friðland, einn fólkvangur og þrjú svæði flokkuð sem aðrar náttúruminjar.¹⁴ Sjá yfirlitskort um verndarsvæði á mynd 1.3 hér aftar.

1.6.1. Friðland

1.6.1.1. Friðland í Svarfaðardal

Friðlandið er 540 ha á stærð og var fyrst friðlýst árið 1972, staðsett í Svarfaðardal við Svarfaðardalsá. Frá árósum, sunnan við byggðina, meðfram Skíðabraut að Húsabakka inn í Svarfaðardal. Þetta er elsta votlendisfriðland landsins og var friðlýsingin endurskoðuð árið 1980.

Friðlandið hefur bæði þurra árbakka og blautar mýrar. Mikil líffræðileg fjölbreytni er á svæðinu en þar er að finna yfir 160 tegundir votlendisplantna. Við ósa árinna er mikið votlendi og fylgir því fjölbreytt fuglalíf. Um friðlandið liggja fallegar gönguleiðir og eru þar tvö fuglaskoðunarhús.¹⁵

1.6.2. Fólkvangur

1.6.2.1. Böggvisstaðafjall

Fólkvangur í Böggvisstaðafjalli var stofnaður árið 1994 og var friðlýsingin endurskoðuð árið 2011. Fólkvangurinn er 306 ha á stærð, staðsettur fyrir ofan byggð Dalvíkur í Böggvisstaðafjalli, friðlýsingin á að tryggja nýtingu svæðisins sem útivistarsvæði. Samþykkt var nýtt deiliskipulag fyrir svæðið árið 2021. Þar er skíðasvæði Dalvíkinga og skíðaskáli, ásamt fallegri skógrækt og gönguleiðum.¹⁶

1.6.3. Aðrar náttúruminjar

1.6.3.1. Fjalllendi milli Skagafjarðar & Eyjafjarðar

Úr náttúruminjasrá:

501. Fjallendið milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar, (423), Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu. (1) Hálendi milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar norðan Þjóðvegur nr. 1 á Öxnadalshéiði. Á vestanverðum skaganum eru mörk miðuð við 200 m h.y.s., mörk ná víðast í sjó fram á norðanverðum skaganum og á austanverðum skaganum eru mörk í 150-250 m h.y.s. (2) Hálendur og hrikalegur

skagi með djúpum dölum, stórbrotið land. Á hæstu fjöllum eru jöklar. Um hálendið liggja fornar leiðir milli byggða.

1.6.3.2. Sauðakotsrípill

Rípill staðsettur á Upsaströnd, norðaustan við Sauðaneshnjúka. Jökulurðir frá lokum ísaldar.

1.6.3.3. Hólsrípill

Rípill staðsettur á Upsaströnd, austur af Hólshyrnu. Jökulurðir frá lokum ísaldar.

1.6.4. Hverfisvernd

Í fyrra aðalskipulagi voru nokkur svæði afmörkuð sem hverfisverndarsvæði. Þetta eru svæði sem eru með sögulegt, náttúrulegt eða menningarlegt gildi, án þess að vera vernduð samkvæmt lögum.

1.6.4.1. Verndarsvæði Vá-Múla

Svæði á Ólafsjarðarmúla þar sem að landslag er fjölbreytt og jarðfræðiminjar eru margar og mismunandi.

Ákvæði á verndun sérstakra landslagsgerða, jarðmyndana og stórbrotins landslags.

1.6.4.2. Verndarsvæði Hóls- og Karlsár

Minjar um framskið dalsjökuls frá ísaldarlokum, með þeim merkustu í Eyjafirði.

Ákvæði um verndun minja um framskið dalsjökuls frá ísaldarlokum.

1.6.4.3. Upsinn í Bæjarfjalli

Mikið og sérkennilegt berghlaup. Ákvæði er um verndun berghlaups vegna fjölbreyttra

¹² Hvað er í boði í Dalvíkurbyggð - dalvikurbyggd.is

¹³ Náttúrufræðistofnun Íslands, 2020. Selalátur

¹⁴ Náttúruminjasrá – ust.is

¹⁵ Friðland í Svarfaðardal, stjórnunar og verndaráætlun 2021-2030

¹⁶ Deiliskipulag Fólkvangs í Böggvisstaðafjalli

landslagsmyndanna. Svæðið hefur mikið útvistargildi.

1.6.4.4. Verndarsvæði Nykurtjarnar og Steindyragsils

Á svæðinu hefur fundist geislasteintegundin erionít, sem hefur ekki áður fundist á landinu ásamt því hafa fundist merkisplöntur á svæðinu. Ákvæði um verndun sérstakra landslagsgerða og jarðmyndana; stórbrotins landslags og fjölbreytts útvistarvæðis.

1.6.4.5. Urðirnar hjá Urðum

Tvö berghlaup og berggangar sem mynda stapa og dranga úr klettabeltunum. Ákvæði um verndun sérstakra landslagsgerða og jarðmyndana; stórbrotins landslags.

1.6.4.6. Verndarsvæði Vatnsdals. Vatnsdalur, Vatnsdalshólar og Skeiðsvatn (II)

Fjölbreytt og fagurt landslag Vatnsdalsins, nokkuð aðgengilegt fyrir almenning og er töluvert sótt af göngufólki. Ákvæði um verndun sérstakra landslagsgerða og jarðmyndana; stórbrotins landslags.

1.6.4.7. Búrfellsjökull, Teigardalsjökull og jökulminjar við þá

Dálitlir botnjöklar. Ákvæði um verndun sérstakra landslagsgerða og jarðmyndana; stórbrotins landslags. Svæðið er vegna eðlis og staðsetningar að mestu sjálfvarið.

1.6.4.8. Verndarsvæði Hvarfs og Tungna

Hvarfið myndar samfelt svæði með Tungunum og Dælishólum, ásamt Stólum. Ákvæði um verndun

sérstakra landslagsgerða og jarðmyndana; stórbrotins landslags. Stóllinn er táknfall og höfuðeinkenni Svarfaðardals.

1.6.4.9. Verndarsvæði Hofsrár, Hofsrárgil og Goðafoss

Tvískipt gil með fossum. Ásamt berghlaupi sem hefur komið úr Hofsskál, Hofshólar. Ákvæði um verndun sérstakra landslagsgerða og jarðmyndana; stórbrotins landslags.

1.6.4.10. Garnir (Lokugörn) í Hámundarstaðafjalli (II)

Giljakerfi sem eru mynduð af jaðarvatni ísaldarjöklanna. Ákvæði um verndun minja um framskið jökla og samspils vatns og íss við mótun lands frá ísaldarlökum.

1.6.4.11. Jökulminjar á Hámundarstaðahálsi, Hálhöfði og Hálshorn (II)

Svæði með jökulminjum og hefur myndast höfði í sjó fram þar sem að laugavætla hefur myndast upp í klettunum. Ákvæði um verndun jökulminja s.s. jökulkerja frá lokum ísaldar sem eru merkilegt rannsóknarefni, í tengslum við jökulruðningshólana í mynni Hálsdals.

1.6.4.12. Volgra í Merkivík

20°C heit uppspretta í sjávarmáli Merkisvíkur. Verndun volgrar uppsprettu.

1.6.4.13. Steinninn Skjöldur

Steinn með merkilegum hringlaga dældum eða skálum. Ákvæði um verndun sérstæðrar náttúruminjar.

1.6.4.14. Brúarhvammur, Svínakeldur við Þorvaldsdalsá

Vitt gil sem hefst um brúna og Þorvaldsárfoss. Ákvæði um verndun sérstakra landslagsgerða, jarðmyndanna og stórbrotins landslags og fjölbreyttra náttúruminja.

1.6.4.15. Verndarsvæði Þorvaldsdals


Fjöldi merkra náttúruminja, fjölbreytt og sérkennilega fagurt landslag. Mikil berghlaup hafa stíflað dalinn á nokkrum stöðum sem hafa myndað grundir og votlendi. Þarna eru merkar sögulegar minjar, sumar friðlýstar. Þarna er einnig að finna einu kjarraleifarnar sem eru eftir á Árskógsströnd. Ákvæði um verndun sérstakra landslagsgerða, jarðmyndana og búsetuminja; stórbrotins landslags og fjölbreyttra náttúruminja.

1.6.4.16. Steinskotssteinn

Geysistört grettistak á múnnum austur af Stærra-Árskógi, rétt fyrir norðan gamla Hauganesveginn. Verndaður sem sérstæðar náttúruminjar.

1.6.5. Mikilvæg fuglasvæði

Svæðið meðfram Ólafsfjarðarmúla er talið vera mikilvægt fuglasvæði og er hluti þess innan sveitarfélagsmarka Dalvíkurbyggðar. Ólafsfjarðarmúli er hátt og bratt fjall staðsett yst í Eyjafirði vestan megin, milli Ólafsfjarðar og Upsastrandar. Svæðið telst sem alþjóðlega mikilvæg sjófuglabbyggð því þar verpir fyll.



Mynd 1.3 Yfirlitskort um verndarsvæði í Dalvíkurbyggð og nágrenni.

1.7. Óbyggð víðerni

Óbyggð víðerni eru skilgreind í náttúruverndarlögum nr. 60/2013 sem og heimild ráðherra til að kortleggja þau. Af hálfu stjórnvalda hefur ekki verið unnið að kortlagningu óbyggðra víðerna og því er stuðst við kortlagningu Wildland Research Institute, WRI, sem er sjálfstæð stofnun við háskólann í Leeds í Englandi. Sjá nánar á www.vidernakort.is

Mynd 1.4, hér aftar, sýnir niðurstöður kortlagningar óbyggðra víðerna WRI í Dalvíkurbyggð og nágrenni.

Samkvæmt víðerna korti WRI er mest allt undirlendi í Dalvíkurbyggð skilgreint utan víðerna (e. not wild), eins og annars staðar í Eyjafirði. Þetta eru svæði sem eru undir miklum áhrifum af mannlegum vegsummerkjum.

Fjallagarðar og fjallendi Tröllaskaga er að miklu leyti skilgreint sem kjarnasvæði. Kjarnasvæði eru villtustu víðerni landsins þar sem aðgengi er erfitt og finna má óspillta náttúru sem er laus við ummerki mannsins. Engin svæði í Eyjafirði tilheyrja djúpkjarnasvæðum, sem flest eru á jöklum hálendisins.

¹⁷ [Veðurstofa Íslands. Ársmeðalhiti og útgildi á sjálfvirkum stöðvum 2023](#)

¹⁸ [Helga Íris Ingólfssdóttir, 2011. Frá Böggvisstaðasandi til Dalvíkur](#)

1.8. Veðurfar

Í Dalvíkurbyggð eru veturnir kaldir og snjópungir en sumrin stutt og frekar hlý.

Veðurstofa Íslands rak sjálfvirka veðurathugunarstöð á Dalvík til ársins 2008 og úrkomustöð á Tjörn til 2017. Frá 2008 hefur verið veðurathugunarstöð á Hámundarstaðahálsi í eigu Vegagerðarinnar.

Sveitarfélagið fékk einnig veðurstöð að gjöf 2015, frá fyrirtækjunum Kötlu og Sportferðum, fyrir skíðasvæði Böggvisstaðafjalls. En sú veðurstöð er ætluð skíðafólki að skoða færð og veður í fjallinu.

1.8.1. Hitastig

Hæsta hitastig sem hefur mælst á Dalvík var árið 1999 en þá mældust 25,7°C.

Árið 2023 var meðalhitinn í sveitarfélaginu 3,24°C, heitasti dagur ársins náði 21,2°C og sá kaldasti -13,4°C.¹⁷

1.8.2. Ofankoma

Byggðir á norðanverðum Tröllaskaganum eru með þeim snjópungstu á landinu og er ágúst eini mánuðurinn sem snjóar ekki. Stærsti hluti úrkomunnar fellur í desember til apríl, þá aðallega í formi snjókomu eða slyddu.

¹⁹ Lögreglustjórinn á Akureyri, Almannavarnanefnd Eyjafjarðar & Almannavarnanefnd Fjallabyggðar, 2011. *Áhættuskoðun almannavarna í umdæmi lögreglustjórans á Akureyri.*

1.8.3. Vindur

Landslag hefur mikil áhrif á vinda og stefnu þeirra og eru algengustu vindáttirnar á Dalvík þær sömu og meginstefnur fjarðanna, norðaustur og suðvestur áttir. Suðlægir vindar eru algengari að vetri til en norðlægir á sumrin sem tengist hafgolunni sem nýtur á sólríkum dögum.

Norðan og norðaustan áttir eru hvössustu vindáttirnar en suðvestan áttin getur líka verið ansi hvöss.¹⁸

1.9. Náttúruvá

Helsta náttúruvá sem gætir í sveitarfélaginu er jarðskjálftahætta og ofanflóð.

1.9.1. Jarðskjálftar


Jarðskjálftabelti liggur um Dalvík með vest-norð-vestlæga stefnu og er Dalvíkurbyggð flokkuð í hæsta áhættuflokk gagnvart jarðskjálftahættu.

1.9.1.1. Dalvíkurskjálftinn

Árið 1934 skall á harður jarðskjálfti á Norðurlandið sem mældist 6,2 á richter að stærð. Jarðskjálftinn hafði mest áhrif á Dalvík og nærsveitir og var því nefndur Dalvíkurskjálftinn. Mikil eyðilegging varð á svæðinu, sum hús gjör eyðilögðust og urðu skemmdir á nánast öllum byggingum á svæðinu, en ekkert manntjón varð. Miklar lagfæringar og endurbyggingar urðu á bænum í kjölfar skjálftans.¹⁹

²⁰

²⁰ [Sagan - dalvikurbyggd.is](#)



Mynd 1.4 Kortlagning óbyggðra víðerna samkvæmt Wildland Research Institute, WRI, ásamt ám og vötnum. Sjá nánar á www.vidernakort.is

1.9.2. Ofanflóð

Ofanflóð (skriður, grjóthrun og snjóflóð) eru nokkuð tíð í Dalvíkurbyggð líkt og sveitarfélögunum í kring.

Dalvíkurbyggð er staðsett á Tröllaskaganum sem er stærsta samfellda fjallasvæði landsins, með bröttum fjallshlíðum og getur skaginn oft verið afar snjópungur. Snjóflóð falla reglulega í bröttum fjallshlíðunum og eru þau tíð í Svarfaðardal. Veðurstofan gerði könnun á snjóflóðaaðstæðum í Svarfaðardal árið 2006 og var það í fyrsta skipti sem svæði í dreifbýli var tekið fyrir.

Ásamt snjóflóðahættu í Svarfaðardal falla snjóflóð reglulega í Skíðadal og norðan þéttbýlis Dalvíkur, og eru þessi svæði einnig í hættu vegna snjóflóða.

Á Upsaströnd falla reglulega snjóflóð sem hafa mikil áhrif á samgöngur, þar sem að eina leiðin að Múlagöngum er um Upsaströnd.

Einnig kemur fyrir að snjóflóð falli í Bökkvisstaðafjalli, skíðasvæði sveitarfélagsins, en þau eru ekki talin ógna núverandi skíðasvæði sveitarfélagsins.²¹

1.9.3. Vatnsflóð

Árstíðarbundin flóð verða reglulega í Svarfaðardal. Í vetrarflóðum myndast klakastíflur sem geta hækkað vatnsborðið. Í mestu vorflóðum hækkar vatnsborðið töluvert meira, hækkinin hefur orðið svo mikil að áin brýtur bakka sína og hefur flætt inn í hús, en það er ekki tíður atburður.

²¹ Sveinn Brynjólfsson o.fl., 2006. *Könnun á snjóflóðaaðstæðum í Svarfaðardal*

²² Siglingastofnun Íslands, 2011. *Yfirlitsskýrsla um sjóvarnir*

1.9.4. Sjávarflóð

Munur á hæsta flóði og lægstu fjöru við Dalvík er 1,36 m en litlar líkur eru taldar á að sjávarflóð valdi usla. Ölduhæð getur þó orðið talsverð og ölduálag er mikið við byggð á Dalvík, Árskógssandi og Hauganesi.²²

Landbrot hefur verið vandamál við byggðina á Dalvík og á Árskógssandi og hafa sjóvarnargarðar verið reistir við öll þéttbýlin. Miklar endurbætur voru gerðar á sjóvörnum árið 2021.²³

1.10. Loftslagsváin

Hröð aukning gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu gerir það að verkum að loft verður almennt heitara og rakara, sjórinn hlýrri og súrari, jöklar og íshellur fara minnkandi og eyðilendi stækka. Þetta leiðir til þess að vistkerfin breytast mun hraðar en þau hafa áður gert í jarðsögunni. Svo hratt að þau verða ekki söm aftur.

Loftslagið kring um Ísland er að breytast hratt svo veðursveiflur verða ýktari þannig að á tímabili fjölgar þurrka dögum og á öðrum tímum eykst úrkomuákefð. Hvoru tveggja þarf að bregðast við. Ekki er lengur nóg að leita leiða til að draga úr magni gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu heldur þurfa samfélög að búa sig undir og aðlaga sig að óhjákvæmilegum afleiðingum loftslagsbreytinga.

Loftslagsváin lýsir sér í atburðum sem valda tjóni með ýmsum hætti, allt frá loftslagstengdum

²³ [Fréttir – dalvikurbyggd.is](#)

²⁴ [Loftslagsráð, 2020. Að búa sig undir breyttan heim](#)

²⁵ [Halldór Björnsson o.fl., 2023. Umfang og afleiðingar hnattrænna](#)

náttúruhamförum sem skapa neyðarástand til stöðugra en hægfara breytinga sem valda minna tjóni en oftast.²⁴

1.10.1. Líkleg áhrif loftslagsbreytinga

Talið er líklegt að búast megi við fleiri hamfara-tifellum, svo sem vegna aftakaúrkomu, hvassviðra, hættu á flóðum í ám og úr jaðarlónum, skriðufalla, sjávarflóða, tíðari eldgosa og gróðurelda.

Þá verða sjávarstöðubreytingar mikil áskorun fyrir strandsamfélög og mikilvægt að takast á við þær svo draga megi úr framtíðartjóni. Brýnt er að vanda til skipulagsákvæðana því þær munu hafa áhrif löngu eftir að sjávarstaða hækkar verulegra.

Tafla 1.1 sýnir yfirlit líklegra áhrifa loftslagsbreytinga á Dalvíkurbyggð.²⁵

Þegar rignir/snjóar þá fellur meira til í einu, með tilheyrandi álagi á samgöngur og fráveitu. Með auknu magni ofankomu eru enn meiri líkur á flóðum úr ám og þá sérstaklega í Svarfaðardalsá, ásamt auknum snjóflóðum og skriðuföllum í bröttum fjallshlíðum sveitarfélagsins.

Hækkun sjávarborðs getur haft áhrif á lágsvæði sveitarfélagsins. Í Loftslagsatlas Íslands má finna mat á mögulegri útbreiðslu sjávarflóða miðað við ólíkar sviðsmyndir. Mynd 1.5 sýnir mögulega útbreiðslu sjávarflóðs með 50 ára endurkomutíma árið 2100 samkvæmt loftslagsatlasinum.

Samkvæmt mati á framtíðar sjávarstöðu mun gæta flóða við árósa, hafnarsvæði og strandlengju

[loftslagsbreytinga á Íslandi](#)

sveitarfélagsins. Miðað við mögulega útbreiðslu sjávarflóðs með 50 ára endurkomutíma árið 2100, stafar íbúabyggð í Dalvíkurbyggð ekki bein ógn af flóðunum. Á Dalvík myndi flæða inn dalinn, um árfarveg Svarfaðardalsár, og mesta hættan yrði við Sandskeið. Eitthvað gæti flætt inn á hafnarsvæðið og upp árósa við Brimnesá.

Á Árskógssandi myndi flæða inn á hafnarsvæðið og við árósa Þorvaldsdalsár.

Á Hauganesi gæti flóð náð inn á hafnarsvæðið, Sandvík og strandsvæði norðan við byggðina.


Talsverð óvissa er um mat á framtíðar sjávarstöðu og því er ekki ráðlegt að taka kortin mjög bókstaflega fyrir einstaka byggingar eða hverfi. Þau sýna hins vegar vel áhrif hækkunar sjávarstöðu á mögulega útbreiðslu strandflóða, og sýna hvar landhalla og landslag gera byggð berskjaldaða fyrir hækkandi sjávarstöðu og flóðum. Með öðrum

orðum má nýta kortin til að sjá hvar líklegast er að flóð verði. Óvissan snýr meira að því hversu mikið mun flæða og hversu algeng slík flóð verða.

Skýringaruppdrátt um náttúruvá fylgir aðalskipulaginu. Þar má sjá yfirlit með útlínum snjóflóða, landhalla og mögulega útbreiðslu sjávarflóða.

Tafla 1.1 Yfirlit líklegra áhrifa loftslagsbreytinga á Dalvíkurbyggð.

Líkleg áhrif loftslagsbreytinga	Áhætta	Afleiðingar í Dalvíkurbyggð
Úrkomuákefð eykst - mikil úrkoma á skömmum tíma - úrkoma í lengri tíma	Flóðahætta við strendur, árbakka og læki eykst Aukin framburður í ám Auknar líkur á snjóflóðum Auknar líkur á skriðuföllum Aukið álag á fráveitu	Landbrot eykst. Aukin hætta á tjóni á mannvirkjum. Aukin hætta á skriðuföllum í fjallshlíðum.
Sjávarborðshækkun	Flóðahætta eykst í vondum veðrum.	Landbrot eykst Sjávarflóð
Rúmmál jökla minnkar	Breyting á árfarvegum og vatnsborði áa. Klakastíflur geta myndast.	Flóð Skemmdir á mannvirkjum. (og þar af leiðandi auknar leysingar sem leiða að flóðum)
Súrnun og hlýnun sjávar	Breytingar á lífríki sjávar.	Breytt aflasamsetning. Minni/meiri tekjur af sjávarfangi.
Þurrkadögum fjölgar	Auknar líkur á gróðureldum (sinubruna og skógareldar)	



Mynd 1.5 Möguleg útbreiðsla sjávarflóðs með 50 ára endurkomutíma árið 2100, miðað við sviðsmynd SSP5-8.5 Úr Loftslagsatlas Íslands (2026).

1.10.2. Aðgerðir vegna áhrifa

Í fjórðu samantektarskýrslu vísindanefndar um loftslagsbreytingar kemur skýrt fram að mikilvægt sé að draga sem mest úr losun gróðurhúsa-lofttegunda og aðlagast þeim breytingum sem óumflýjanlegar eru.²⁶

Samkvæmt 5. gr laga nr. 70/2012 ber sveitarfélögum að setja sér loftslagsstefnu þar sem tilgangur stefnunnar er að auðvelda sveitarfélögum að draga markvisst úr áhrifum loftslagsbreytinga. Setja þarf metnaðarfull markmið og móta aðgerðir til að fylgja þeim eftir. Stefnan skal innihalda skilgreind markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjöfnun sveitarfélagsins ásamt aðgerðum svo að þeim markmiðum verði náð.

Dalvíkurbyggð hefur ekki lokið við gerð loftslagsstefnu en vinnur að slíku í samstarfi við Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE).

1.10.2.1. Dregið úr losun

Nauðsynlegt er að ráðast í aðgerðir sem miða að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Sveitarfélagið getur ráðist í ýmsar aðgerðir líkt og að breyta orkugjöfum í samgöngum, endurheimt votlendis og fræða íbúa sveitarfélagsins.

Dalvíkurbyggð hefur sett umhverfisstefnu fyrir hafnir sveitarfélagsins þar sem markmiðið er að draga úr mengun, fylgja reglum og reglugerðum

um umhverfismál ásamt öruggum starfsskilyrðum þar sem miðlað er upplýsingum og fræðslu. Hægt væri að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með því að rafvæða hafnirnar.²⁷

Gerð var svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi árið 2023 með markmið að draga markvisst úr myndun úrgangs og auka endurnotkun og endurnýtingu.²⁸

Í stjórnunar- og verndaráætlun Friðlands Svarfaðardals segir að leitast skal við að endurheimta votlendi innan friðlandsins á svæðum þar sem ekki er um að ræða hefðbundna nýtingu ásamt því að ljúka malarnámi innan friðlandsins.²⁹

Nokkrar hleðslustöðvar fyrir rafbíla er að finna í sveitarfélaginu og er unnið að því að bæta við þær.

1.10.2.2. Kolefnisbinding

Möguleiki á kolefnisbindingu í sveitarfélaginu er til dæmis með aukinni skógrækt en í Dalvíkurbyggð eru nú þegar nokkur skógræktarsvæði og er áhugi á fjölgun þeirra. Komið hefur verið á samstarfi við sauðfjárnætur um kolefnisbindingu með skógrækt, landgræðslu og/eða endurheimt votlendis.

Unnin var samantekt á mögulegum tækifærum til endurheimtar votlendis á norðurlandi eystra. Stuðst

var við landupplýsingar frá Landgræðslunni um skurði og jarðir í opinberri eigu hjá Þjóðskrá. Sérfræðingar voru fengnir til að meta hvaða skurðir væru heppilegir til endurheimtar og gætt þess að ekki yrði gengið á framræst land í notkun. Um er að ræða grófa greiningu á stóru landsvæði þar sem eftir á að bæta við staðbundna þekkingu og meiri nákvæmni.

Í Dalvíkurbyggð eru skráðir 344 km af skurðum. Þar af eru 82 km af skurðum taldir líklegir til að vera heppilegir til endurheimtar í sveitarfélaginu. Af þeim skurðum sem taldir eru heppilegir til endurheimtar eru samtals 15 km í eigu sveitarfélagsins.³⁰

1.10.2.3. Aðlögun

Aðlögun snýr að því að búa samfélög undir að takast á við afleiðingar loftslagsbreytinga. Vísindanefndir vinna skýrslur um áhrif loftslagsbreytinga á Íslandi og á þeim þarf að byggja við mat á áhættu og mótun aðlögunaraðgerða. Til dæmis þarf að gæta þess hvar byggð er skipulögð til framtíðar með tilliti til aukinnar áhættu á sjávar- og árflóðum, en einnig hvernig eigi að verja þá byggð sem er sérstaklega útsett fyrir áhrif vegna loftslagsbreytinga.³¹

1.10.2.4. Blágrænar ofanvatnslausnir

Blágrænar ofanvatnslausnir líkja eftir náttúrulegri hringrás vatns með því að beina rigningu og bráðnun snjós í jarðveg og gróður í stað fráveitulagna. Þær fela í sér lausnir á borð við

²⁶ Halldór Björnsson o.fl., 2023. [Umfang og afleiðingar hnattrænna loftslagsbreytinga á Íslandi](#)

²⁷ [Umhverfisstefna fyrir hafnir Dalvíkurbyggðar](#)

²⁸ Sveinn Brynjólfsson o.fl., 2006. *Könnun á snjóflóðaaðstæðum í Svarfaðardal*

²⁹ Umhverfisstofnun, 2021. *Friðland í Svarfaðardal, stjórnunar og verndaráætlun 2021-2030*

³⁰ Smári Jónas Lúðvíksson, 2024. Endurheimt votlendis á Norðurlandi eystra. SSNE.

³¹ [Umhverfis-, orku & loftslagsráðuneytið, e.d.](#)

regnbeð, gróðuræsi, tjarnir, græn þök og gegndræp yfirborð, sem draga úr álagi á fráveitukerfi, bæta vatnsgæði og stuðla að aukinni gróðurtengingu og líffræðilegri fjölbreytni.

Ofanvatnslausnir eru hannaðar til að stýra magni ofanvatns og jafna afrennsli þannig að hámarksrennsli minnkar, eins og gerist á óbyggðum svæðum. Þær virka sem samhangandi keðja sem hefst þar sem regnvatn fellur til jarðar og lýkur þegar vatnið skilar sér í lokaviðtaka.


Í ljósi loftslagsbreytinga, sem auka tíðni og ákefð úrkomu, verða blágrænar ofanvatnslausnir mikilvægur þáttur í að draga úr flóðahættu, bæta aðlögunarhæfni byggðar og draga úr mengun vatns, auk þess sem þær styðja við kolefnisbindingu og skapa heilsusamlegra borgarumhverfi.

Dalvíkurbyggð hefur ekki áður sett sér stefnu eða markmið um blágrænar ofanvatnslausnir.

2. BYGGÐ OG SAMFÉLAG

Dalvíkurbyggð er næst nyrsta sveitarfélagið í vestanverðum Eyjafirði og þriðja fjölmennasta í firðinum. Þéttbýli sveitarfélagsins eru þrjú, Dalvík sem er stærsta þéttbýlið, Árskógssandur og Hauganes sem eru töluvert minni. Þéttbýlin þrjú eru staðsett við strandlengjuna. En víðar er búið um sveitarfélagið og er til að mynda húsabyrping við Laugahlíð í Svarfaðardal.

Norðurland eystra samanstendur af 11 sveitarfélögum: Fjallabyggð, Dalvíkurbyggð, Hörgársveit, Akureyrarbær, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur, Þingeyjarsveit, Norðurþing, Tjörneshreppur og Langanesbyggð. Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE) heldur utan um og þjónustar öll sveitarfélögin nema Tjörneshrepp. Samtökin gáfu út sóknaráætlun Norðurlands eystra 2020-2024 og vinna nú að Svæðisskipulagi fyrir Norðurland eystra.³² Markaðsstofa Norðurlands (MN) er samstarfsvettvangur Norðurlands í ferðamálum. Árið 2021 gaf MN út Áfangastaðaáætlun Norðurlands og var stofnuð áfangastaðastofa á Norðurlandi í kjölfarið.³³



³² [Um SSNE – ssne.is](#)

³³ [Fréttir – ssne.is](#)

2.1. Þéttbýlin

2.1.1. Dalvík

Dalvík er næst fjölmennasti bær Eyjafjarðar á eftir Akureyri og hefur samfélagið á Dalvík í gegnum tíðina reitt sig á sjósókn og landbúnaði og verið framarlega í flokki sjávarútvegs, en í dag er atvinnulífið fjölbreytt og ferðapjónustan vaxandi atvinnugrein.

Byggðin á Dalvík hófst við sandinn, þar sem í dag er gatan Sandskeið. Með árunum dreifðist byggðin meðfram bakkanum og óx svo í átt að Böggvisstaðafjalli.³⁴

Grænn ás liggur í gegnum miðjan bæinn þar sem helsta þjónustan er staðsett. Elstu húsin eru dreifð víða meðfram bakkanum en þó flest í takt við uppbyggingu bæjarins. Uppbyggingin gefur til kynna að hugað hafi verið snemma að skipulagi bæjarins.

Helstu stofnanir eru einnig staðsettar í miðbænum og stendur kirkjan tignarleg, efst fyrir miðju bæjarins. Íþróttamiðstöðin ásamt grunnskólanum eru staðsett syðst í bænum.

Byggðin á Dalvík myndaðist snemma og einkennist af ein- og tvílyftum einbýlum, ásamt raðhúsum sem fjölgaði eftir 1970. Mesta uppbyggingin var á árunum 1975-1995, þegar fólksfjölgunin var mest.

2.1.2. Árskógssandur

Á Árskógssandi er lítil byggð við höfnina sem myndaðist út frá sjósókn, staðsett vestan árósa Þorvaldsdalsár. Lengi vel var sjósókn helsta atvinnugrein íbúa en það hefur breyst með aukinni ferðapjónustu, þótt sjósóknin skipi enn sinn sess í samfélaginu.

Byggð tók að myndast snemma á Árskógssandi og hefur íbúafjöldi verið frekar sveiflukennður miðað við lítið þéttbýli. Byggðin myndaðist jafnt og þétt í gegnum árin og einkennist af ein- og tvílyftum einbýlum ásamt nokkrum raðhúsallengjum. Þéttbýlið heldur enn áfram að stækka og var þar uppbygging raðhúsa á tveimur lóðum á árunum 2022 og 2024.

Á hafnarsvæðinu starfa nokkur fyrirtæki tengd sjósókn og fer ferja frá Árskógssandi til Hríseyjar. Þar er einnig Bruggsmiðjan Kaldi og samhliða er rekið hótél og bjórböð, sem hafa orðið að helsta kennileiti bæjarins.

2.1.3. Hauganes

Hauganes liggur við Selárvík og myndaðist einnig út frá sjósókn. Þéttbýlið er minnst af þremur þéttbýlum sveitarfélagsins.

Rétt eins og á Árskógssandi hefur atvinna tengd sjósókn dregist saman og ferðapjónustan orðin ein helsta atvinnugreinin.

Ferðapjónustufyrirtæki í bænum hafa nýtt sér tengingar við sjósóknina sem aðdráttarafl. Þar er sem dæmi að finna elsta hvalskoðunarfyrirtæki landsins.

Byggðin samanstendur af ein- og tvílyftum einbýlum ásamt raðhúsallengjum. Byggðin var að mestu leyti mynduð fyrir aldamót en vegna fækkunar á íbúum hefur ekki verið byggt, þar til ársins 2023 þegar byggð var raðhúsallengja.³⁵



Mynd 2.1 Þéttbýli Dalvíkurbyggðar


³⁴ [Byggðauprunarkort – Dalvíkurbyggð.is](#)

³⁵ [Íbúafjöldi sveitarfélaga og byggðakjarna í ársbyrjun](#)

2.2. Byggðarsaga

Helgi magri er talinn hafa fyrstur numið land við Hámundarstaði á Árskógsströnd ásamt Hámundi heljarskinni, og eru Hámundarstaðir taldir vera elsta bújörð við Eyjafjörð. Helgi flutti sig fljótt um set og lét Hámundi eftir upphaflega landnámið sem og bæinn sem hann var síðan kenndur við. Svæðið milli Svarfaðardals og Hörgárdals kallaðist Galmaströnd og eignaðist Hámundur allt það svæði.

Fljótlega eftir uppbyggingu við Hámundarstaði er talið að bæir á borð við Hella, Hagi, Birnunes og Kálfsskinn hafi risið á Árskógsströnd, ásamt bæ í Þorvaldsdal, en enginn bær á sunnanverðri Árskógsströnd er nefndur sem mögulegt landnámsbýli. Talið er að Árskógi hafi verið skipt í tvennt snemma eða alveg frá upphafi. Eyða er í þekkingu manna um landnám í Þorvaldsdal, talið er að þar hafi verið tímabundin byggð snemma sem hafi síðan skilið eftir sig rústir. Kjarninn í Árskógi er talinn hafa fljótlega orðið að valdamiðju um og eftir kristnitöku, þar sem kirkja og bænhús eru byggð þar og á bæjum í kring. Talið er að byggð hafi frekar fljótlega þétt í kringum Árskóg. Eitt kuml hefur fundist á svæðinu í Stærri-Árskógi, beggja vegna við ána sem gefur til kynna að byggð hafi myndast fyrir árið 1000. Flestir bæirnir höfðu kirkjur og bænhús og bendir það til sjálfstæði þeirra. Byggð á helstu jörðunum hélst stöðug í gegnum aldirnar og ný býli mynduðust.



Mynd 2.2 Helstu bæir byggðarsögunnar.

Svarfaðardalurinn er talinn hafa verið numinn af Þorsteini svörfuði og Karli rauða syni hans. Þeir eru taldir hafa numið land frá Noregi og að Helgi Magri hafi bent þeim á ónumið land, þar sem Þorsteinn settist að á bænum Grund í Svarfaðardal en Karl á Karlsá á Upsaströnd.

Hof var líklega fyrsta byggða ból í Svarfaðardal en þar bjó Ljótólfur goði. Ljótólfur og Þorsteinn voru andstæðingar og er talið að Karl rauði hafi verið drepinn í Láginni ásamt mönnum sínum.

Talið er að byggð hafi myndast snemma á svæðinu. En verulega ber á milli heimilda um landnám í Svarfaðardal í Landámabók og Svarfdælasögu. Ljótólfur er talinn hafa náð yfirtöku yfir dalnum að lokum og gaf hann manni að nafni Skíði, Skíðadal, sem var líklega nefndur eftir honum.

Flestir bændur eru sagðir hafa búið á Tjörn og Völlum. Þrír landnámskjarnar mynduðust í sveitarfélaginu, fyrsti sitthvoru megin við Brimnesá á Böggvisstaðasandi. Þar sem að kirkjur og bænhús risu, sem gefur til kynna að byggð hafi myndast snemma, en slíkt var að finna á fyrr nefndum bæjum, ásamt kumlum sem hafa fundist við Brimnesá, á Böggvisstaðasandi. Byggð var þéttust á svæðinu milli Tjarnargarðshorns og Þverár, byggðarkjarnar með þungamiðju á Bakka og Grund. Síðasti kjarninn var á Urðum, sem er landmesta jörðin, innar í Svarfaðardal. Út frá byggðarkjörnunum þremur risu síðan fleiri bæir. Þessi býli voru flest byggð strax á landnámsöld en

smájarðir byggðust ekki fyrr en seinna. Smábýlin voru a.m.k. byggð fyrir árið 1600 og gætu sum verið frá landnámsöld.

Vestan megin í Skíðadal er talið að byggð hafi myndast milli Tungufells og Þverár. Frásagnir um bæ í Skíðadal eru af Möðruvöllum en ekki er vitað hvar þeir voru staðsettir, sennilega á þessu bili, mögulega í landi Dæla og/eða Måsstaða. En þungamiðja Skíðadals hefur verið á Mástöðum. Talið er að forn býli séu á svæðinu sem voru reist á 10. öld. Á 15. öld lögðust nokkur býli í eyði og varð uppbygging í dalnum á 17. öld.

Bæði í Svarfaðardal og Skíðadal er ljóst að byggð hófst yst í dölunum og færðist síðar innar. Ytri hluti Svarfaðardals er eitt af kumlaríkustu svæðum landsins.^{36 37 38 39}

2.2.1. Þróun byggðar

Fólk fluttist að í dalinn, sem taldist afar gott landbúnaðarland þar sem búskapur var stundaður. Góð lendingarskilyrði voru víða í Dalvík, sem hét þá Böggvisstaðasandur og var þar stunduð sjósókn. Um 1860 fór fólk að færast úr dalnum í átt að ströndinni, þar sem að sjómannastéttin var farin að myndast og atvinnuhættir að þróast.

Um árið 1881 hófst föst búseta á Böggvisstaðasandi en byggðin var afar óstöðug til að byrja með. Talið er að fyrstu íbúarnir hafi fest rætur um 1887 á sandinum. Fyrstu hús bæjarins voru líklega staðsett við Flæðaveg, Sandskeið og Grundargötu, um 1900. Þar á meðal húsin Frón,

Sandgerði og Nýibær sem standa þar enn í dag. Fleiri hús risu á fyrsta áratugi tuttugustu aldarinnar, bæði við sandinn en einnig í landi bæjarins Brimness. Myndun kaupsins hefur beina tengingu við sjósókn, þar sem að byggð fór að myndast þegar sjósókn fór að þróast á svæðinu. Verslun varð ekki ráðandi fyrr en seinna.

Um aldamótin fékk bærinn nafnið Dalvík og varð að einum þýðingarmesta útgerðarbæ Norðurlands, þegar fyrstu vélbátarnir komu í þorpið 1906. Árið 1909 fékk bærinn kaupsréttindi en fyrir þann tíma gekk illa að halda uppi verslun vegna hafnarleysis og sótti fólk annað í verslun. Árið 1912 var úthlutað lóð fyrir verslun á Böggvisstöðum og aðeins seinna verslunarleyfi á Brimnesi. Árið 1919 var útibú KEA, Kaupfélag Svarfdæla stofnað, sem hafði mikil áhrif á verslun í bænum. Eftir stofnun KEA og löggildingu kaupsins fór bærinn að stækka og íbúum að fjölga. Árið 1920 voru settar upp tvær smábryggjur, sem voru þó í einkaeigu, sem svar við vaxandi útvegi og þörf á betri hafnarskilyrðum. Bryggjurnar gjörbreyttu landnýtingunni og fór byggð við bakkann að þróast.

Vegna skorti á plássi í landi Böggvisstaða hófst uppbygging í landi Brimness, sem teygði sig að lokum út fyrir lóðamörk. Þessi tvö lönd skiptu bænum lengi vel í tvo hluta. Byggðin fylgdi vaxandi sjósókn og hafði hún dreifst meðfram allri strandlengjunni um 1940.

Erfitt reyndist Dalvíkingum að fá almennilega höfn en árið 1939 hófust framkvæmdir að nýrri höfn.

³⁶ Skíðadalur í Kolbeinsdal. Vangaveltur um örnefni

³⁷ Fornleifaskráning í Eyjafirði XII

³⁸ Fornleifaskráning í Eyjafirði XIX

³⁹ Fornleifaskráning í Eyjafirði XVI

Nyrðri hafnargarðurinn próaðist stöðugt fram að árinu 1948 þegar hann var klár, en við gerð hafnarinnar varð ósætti um kostnað hennar, sem leiddi að skiptingu hreppsins í tvennt, Svarfaðardalshreppur og Dalvíkurhreppur. Árið 1960 var síðan syðri hafnargarðurinn gerður.

Með betri hafnarskilyrðum, skilvirkari samgöngum og blómstrandi atvinnulífi fjölgaði íbúum Dalvíkur töluvert á árunum 1940 til 1960. Bærinn hélt áfram að stækka, höfnin að þróast og atvinnutækifæri sköpuðust. Á tímabili Norðurlandssíldarinnar var Dalvík þriðja stærsta síldarsöltunarhöfn landsins.

Á árunum 1970-1980 var mikil þróun í sveitarfélaginu. Árið 1974 fékk Dalvík kaupstaðarréttindi. Íbúum fjölgaði og var mikil uppbygging á íbúðarhúsum. Á þessum árum voru margar opinberar byggingar byggðar. Íbúum hélt áfram að fjölga, bærinn að þróast og fjölbreyttari atvinna var í boði fram að árinu 1990. Frá 1990 til 2000 staðnaði fjölgun íbúa, vegna niðurskurðar í fiskveiðikvóta, sem hafði mikil áhrif á atvinnulíf bæjarins.

2.2.2. Þróunin eftir 2000

Árið 2000 voru íbúar Dalvíkurbyggðar 2050 talsins en hefur þeim farið fækkandi síðan. Þrátt fyrir fækkun íbúa frá aldamótum hefur sveitarfélagið haldið uppbyggingu áfram og hefur íbúðum í sveitarfélaginu fjölgað með hverju árinu.

Frá árinu 2000 hefur byggingarmagn aukist og íbúðum fjölgað, byggðin teygði sig lengra í suðvestur og núverandi byggð þéttist. Byggt var

menningarhúsið Berg, íþróttamiðstöð og fótboltavöll, húsnæði tengt ferðaþjónustu, ýmsar stofnanir og iðnaðarhúsnæði. Höfnin á Árskógssandi var stækkuð ásamt höfninni á Dalvík, en hún var stækkuð til muna og á henni byggt fiskvinnsluhús Samherja.

2.2.3. Skipulagssaga⁴⁰

Fyrsti uppdráttur af Dalvík var gerður árið 1920 af Freymóði Jóhannssyni, málara. Ekki er hægt að kalla uppdráttinn skipulagsuppdrátt en gerð var grein fyrir húsum, götum og helstu leiðum um þorpið ásamt ræktunarlandi.

Guðmundur Hannesson, prófessor, var fenginn til að hjálpa við skipulag þorpsins árið 1936. Hann var mikill áhugamaður um skipulag og hafði gefið út ritið *Um skipulag bæja*, árið 1916. Árið 1941 hafði hann gert lauslega tillögu að skiplagi Dalvíkur en skortur á mælingum og grunnkortum gerði erfitt fyrir. Uppdráttur af Brimneslandi var gerður árið 1942 vegna mikillar þróunar á landinu. Þrátt fyrir skort á mælingum var tillagan samþykkt ári seinna. Ekki var þó farið eftir þessari tillögu, þar sem að nýtt skipulag var samþykkt skömmu seinna og mælingar af bænum gerðar árið 1944.

Árið 1946 var gerður skipulagsuppdráttur á vegum skipulagsnefndar ríkisins. Þetta skipulag lagði grunninn að legu bæjarins. Neðsti hluti bæjarins hélst óbreyttur frá teikningum Guðmundar Hannessonar. Byggðin fór að myndast, opnu svæðin fyrir miðju bæjarins sem skiptust um Kirkjuveg og Hólaveg og kirkjan, sem stendur efst.

Iðnaðar- og athafnasvæði við strandlengjuna og verslun og þjónusta við Hafnarbraut. Allt fyrir neðan Svarfaðarbraut í dag liggur eins og gert var ráð fyrir í skipulaginu ásamt legu Karlsrauðatorgs, Bárugötu, Karlsbraut og Öldugötu. Hér er tekið tillit til legu landsins neðan við kirkjuna og í Láginni (svæðið við Karlsrauðatorg) og því leyft að vera.

Á Árskógsströnd var fyrst hugað að skipulagi árið 1959, fyrir Hauganes. Árið 1970 var óskað eftir skipulagi fyrir þorpið á Litla Árskógssandi og sama ár, skipulagi fyrir alla sveitina.

Árið 1975 gerði Davíð Arljótsson skipulag af íbúðarbyggð á Hauganesi. Sigtryggur Stefánsson gerði skipulag af íbúðarhverfum á Litla-Árskógssandi ásamt skipulagi að hafnarsvæðunum á Árskógssandi og Hauganesi, og iðnaðarsvæðinu við Þorvaldsdalsá.

2.2.3.1. Aðalskipulagstillaga Dalvíkur 1969

Fyrsta aðalskipulagstillaga Dalvíkur var gerð árið 1969 af skipulagi ríkisins. Með aukinni umferð vegna tilkomu þjóðvegarins yfir Ólafsfjarðarmúla þurfti að ákveða legu vegarins í gegnum bæinn. Tillagan var auglýst en aldrei endanlega staðfest, þrátt fyrir það var unnið eftir henni.

Þau atriði sem áhersla var lögð á:

- Staðsetning þjóðvegarins í gegnum bæinn, um Skíðabraut, Hafnarbraut og Gunnarsbraut.
- Þjónustan færð frá því að vera aðeins við Hafnarbraut, í átt að miðju bæjarins.
- Íbúðarbyggð dregin lengra til suðurs og vesturs.
- Opinberum byggingum fjölgað.

⁴⁰ Helga Íris Inngólfsdóttir, 2011. *Frá Bógvisstaðasandi til Dalvíkur*

2.2.3.2. Aðalskipulag Dalvíkur 1980-2000

Enn er þjóðvegurinn helsta áhyggjuefnið, lega hans og hættan sem skapast á horni Skíðabrautar og Hafnarbrautar. Böggvisbraut var lögð frá Árgerði, fyrir ofan bæinn, yfir Brimnesá og út á þjóðveginn norðan byggðar. Flest öll þjónusta var þarna komin í miðbæinn en þó einhver enn við Hafnarbrautina. Árið 1971 var byggt minkabú á Böggvisstöðum sem kom í veg fyrir alla byggð í 500 m radíus frá minkabúinu.

Þær breytingar sem gerðar voru frá fyrra skipulagi:

- Veginum er haldið óbreyttum með skilyrðum um bætt öryggi.
- Gert var ráð fyrir Böggvisbraut sem öðrum valmöguleika til að komast í gegnum bæinn.
- Ný íbúðasvæði merkt inn norðan, vestan, og sunnan við byggðina, en minkabúíð á Böggvisstöðum hindraði stóran hluta syðsta íbúðasvæðisins.
- Leikvöllum bætt við skipulagið ásamt aðalgöngustígum og reiðleiðum.
- Umhverfið betur skilgreint: opin svæði og landbúnaður merkt inn á uppdrátt.
- Hér er ekki skilgreind röðun á húsum eða byggingum innan reita, heldur svæðin merkt sem íbúðarbyggð.

2.2.3.3. Aðalskipulag Dalvíkur 1992-2012

Aðalskipulag 1992-2012 er ekki ósvipað fyrra skipulagi. Þegar þetta skipulag var gefið út var starfsemi minkabúsins við Böggvisstaði lokið og því gat byggðin teygst í suður. Mikið var byggt á síðasta skipulagstímabili og var nýjum íbúðum bætt inn á skipulagið ásamt ítarlegum upplýsingum.

Þær breytingar sem gerðar voru frá fyrra skipulagi:

- Aftur var skilgreind ný íbúðabyggð, norðan, sunnan og vestan við núverandi byggð en nyrsta og syðsta byggðin er merkt sem svæði til síðari nota.
- Böggvisstaðir eru merktir sem iðnaðarsvæði.
- Samgöngur eru skilgreindar betur: göngustígar merktir um allan bæ, þjóðvegurinn skilgreindur sem stofnbraut og Böggvisbraut sem safngata.
- Kirkjugarðar sérstaklega skilgreindir.
- Fólkvangurinn Böggvisstöðum og Friðlandið sérstaklega skilgreint.

2.2.3.4. Aðalskipulag Árskógshrepps 1991-2011

Þetta aðalskipulag var fyrsta og eina aðalskipulag Árskógshrepps þar sem að skipulagsmörkin afmörkuðust af Hámundarstaðarhálsi í norðri og við Torfanés í suðri.

Í skipulaginu er gert ráð fyrir aukinni þörf fyrir útivist, umhverfisvernd, skógrækt og íþróttaaðstöðu. Mikið af lóðum eru í boði í hreppnum, bæði fyrir íbúðarhúsnæði og iðnað.

Þau atriði sem áhersla var lögð á:

- Hafnarmannvirki
- Göngustígar
- Þjónustuíbúðir
- Umhverfis- og skógræktarmál
- Áframhaldandi félagsstarf og aðstaða til þess
- Uppbygging og endurbætur á vatnsveitukerfinu
- Athugun á hagkvæmari hitaveitu

2.2.3.5. Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar 2008-2020

Þetta var fyrsta aðalskipulagið eftir stofnun Dalvíkurbyggðar, þegar Dalvíkurkaupstaður, Svarfaðardalshreppur og Árskógshreppur

sameinuðust árið 1998. Gerður var sveitarfélagsuppdráttur og þéttbýlisuppdrættir. Áður en vinna hófst við skipulagið var haldið íbúáþing árið 2006 en einnig var unnið umhverfismat áætlaða. Áhersla er lögð á sterkan miðbæ, þéttingu byggðar, vöxt byggðar í suður með tengingu við skóla og íþróttasvæði, blöndun íbúðamöguleika og uppbyggingu íþróttaaðstöðu.

Þær breytingar sem gerðar voru frá fyrra skipulagi:

- Íbúðarsvæði minnkað til muna. Áætluð svæði fyrir íbúðarbyggð ná ekki jafn langt í suður og svæðin norðan fjarlægð.
- Iðnaðarsvæði syðst við strandlengjuna og við Böggvisstaði minnkað.
- Blönduð byggð sunnan við skóla- og íþróttasvæði.
- Mikið er lagt upp úr náttúruvernd, ásamt minjum og helstu sérstöðu svæðisins.
- Svarfaðardal og Árskógsströnd bætt við skipulag: öll svæði skilgreind, bætt við íbúðarbyggð á Árskógssandi, Hauganesi og Laugahlíð; Töluvert stærra athafnasvæði á Árskógssandi; Svæði til sérstakra nota merkt bæði í Laugahlíð og á Hauganesi.
- Skilgreind fristundabyggð, landbúnaðarland, athafnasvæði, hverfisvernd, verndarsvæði ásamt jarðgöngum og stofnlögnum.

2.2.4. Menningarminjar

2.2.4.1. Friðlýstar fornleifar⁴¹

Í Dalvíkurhrepp eru 10 friðlýstar fornleifar, hér fyrir neðan er skráning þeirra :

- **Grund**, friðlýst árið 1932:
“Lögrjetta“, svo nefnd, í Blakksgerði, suðvestur frá Grund.
- **Göngustaðakot**, friðlýst árið 1932:
Klaufarness-rústir skammt frá Svarfaðardalsá.
- **Háls**, friðlýst árið 1932:
Dalsbæjar-rústir hins forna, allstórar, skammt frá sjónum.
- **Hof**, friðlýst árið 1932:
Svonefnd “goðatóft“ og girðing umhverfis, á litlum hól norður frá bænum.
- **Másstaðir**, friðlýst árið 1932:
Akurgirðingar fornar í norðausturhorni Skíðadal.
- **Tungufell**, friðlýst árið 1976:
 - I) Rústir eyðibýlisins Kringlu, ásamt kringlóttum garði umhverfis, rétt fyrir framan brúna á Svarfaðardalsá.
 - II) Rústir eyðibýlisins Syðra-Tungukots, túngarður forn og allar húsarústir innan hans, beint upp af Kaupstaðarhvammi fyrir sunnan skilaréttina á Tungunum í Svarfaðardal.
- **Vellir**, friðlýst árið 1932:
Svonefnd “Lögrjetta“, stór ferhyrnd tóft á lágum bala.

⁴¹ Skrá um friðlýstar fornleifar. Fyrsta útgáfa 1990

⁴² Fornleifar í Bökkvisstaðafjalli. Dalvík: Deiliskráning innan fólkvangs

⁴³ Deiliskráning í landi Kónsstaða, Skíðadal: Deiliskráning vegna frístundabyggðar

- **Stóru-Hámundarstaðir**, friðlýst árið 1984
Rústasvæði Neðra-Hálsakots og Efra-Hálsakots, áður kallað Stóri-Háls einu nafni, þar á meðal garðlög mikil og aðrar rústir ofan og neðan þjóðveggar.
- **Syðra-Kálfskinn**, friðlýst árið 1932:
Haugur Hræreks konungs Dagssonar, fyrir norðvestan túnið.
- **Stærri-Árskógur**, friðlýst árið 1972:
 - I) Rústir eyðibýlisins Hávarðarstaða í Þorvaldsdal.
 - II) Rústir eyðibýlisins Þórhallsstaða eða Þórhallskots í Þorvaldsdal.

2.2.4.2. Friðaðar fornleifar

- **Bökkvisstaðafjall**: 59 fornleifar eru skráðar á 29 minjastöðum við skipulag fólkvangs, en talið er að byggð á þessu svæði sé mjög forn. Þrjár jarðir voru í landi Bökkvisstaðafjalls, Brimnes, Hrafnstaðir og Bökkvisstaðir þar sem að flestar minjarnar eru. Samkvæmt Svarfdælu bjó Karl sonur Karls rauða Þorsteinssonar á Upsum en börn hans samkvæmt sögunni á Bökkvisstöðum. Upphaf byggðar á Dalvík hófst á þessum slóðum. En þarna er að finna kuml sem gefa til kynna hve forn staðurinn sé.⁴²
- **Kónsstaðaland**: Samkvæmt jarðabók frá árinu 1712 stóð býli nyrst í landi Kónsstaða sem hét Þverárkot. Býlið var staðsett við Þverá þar sem nú standa sumarbústaðir. Stærstur hluti minjanna hefur farið undir túnasléttur en þar má sjá garðalög. Árið 2020 fundust leifar af Vallargarði sem hefur verið í kringum túnið. Svo

⁴⁴ Hamar og Hamarskot í Dalvíkurbyggð: Deiliskráning vegna frístundabyggðar og iðnaðarsvæðis.

⁴⁵ Deiliskrá fornleifa við Brimnesá Dalvík: vegna virkunarhugmynda

⁴⁶ Fornleifaskráning í Eyjafirði XIX: Fornleifar í Þorvaldsdal og syðsta

virðist vera sem jörðin hafi síðan verið sameinuð Kónslandi.⁴³

- **Hamar**: Á jörð Hamars er net forngarða ásamt kumli á tveimur stöðum sem eru talin vera frá 10.-11. öld og gefa upp ríka sögu staðarins. Elsta heimildin um svæðið er frá árinu 1191 þegar Eyjólfur söpi bjó þar. Svo virðist sem bærinn Hamar hafi verið í bændaeign allt fram að 16. öld þegar Ari Jónsson sonur biskups keypti jörðina. Bærinn hefur staðið til allt að 1953 en á bæjarhólnum stendur í dag steinsteypt bæjarhús.⁴⁴
- **Hrísar - leið**: Leið sem lá yfir Hríshólma, frá Hrísum að Hálsi norðan við þjóðleiðina. Ekki er vitað hvað leiðin er gömul né hversu lengi hún var þarna, en hún hefur greinilega verið í notkun í byrjun 20. aldar.⁴⁵
- **Hrærekshól**: Þar er staðsett minnismerki um Hrærek konung á Hrærekshól. Talið er að Hrærekur konungur Dagsson frá Heiðmörk í Noregi sé grafinn á þessum stað, sem er talinn hafa dáið að Kálfaskinni árið 1022. Þetta er talin vera eina konunglega gróf landsins.⁴⁶

2.2.4.3. Friðlýst hús

Aðeins þrjú hús eru friðlýst í sveitarfélaginu og eru það allt kirkjur: Urðarkirkja, Vallarkirkja og Tjarnarkirkja.

Kirkjurnar í Svarfaðardal þykja merkilegar þar sem þær einkennast af byggingarlagi sínu. Þær eru allar byggðar eins, með kirkjuturn sem er lægri en kirkjan sjálf.⁴⁷

[hluta Árskógsstrandar að hreppamörkum](#)

⁴⁷ [Sagan – dalvíkurbyggð.is](#)

Urðakirkja

Byggingarár: 1902

Hönnuður: Gísli Jónsson forsmiður frá Hofi.

Friðuð: 1. Janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði

Elsta heimild kirkjunnar er frá árinu 1318. En kirkjan sem í dag stendur var vígð árið 1902, þar sem að fyrri kirkjan sem þar stóð fauk af grunni sínum haustið 1900 í kirkjurokinu í Svarfaðardal, en hún var byggð árið 1850. Núverandi kirkja er timburhús sem stendur á hlöðnum grunni og er máluð að utan og innan.

Vallakirkja

Byggingarár: 1997-2000

Hönnuður: Jon Nordsteien arkitekt.*

Friðuð: 22. maí 2003 af menntamálaráðherra samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga um húsafriðun, nr. 104/2001. Friðun tekur til ytra og innra borðs.

*Núverandi hús er nákvæm eftirlíking Vallakirkju sem Þorsteinn Þorsteinsson smiður á Upsum smíðaði árið 1861 og brann 1. nóvember 1996.

Vallarkirkja er elst kirknanna og eru fyrstu heimildir af henni frá síðasta tug 12. aldar, sennilega reist stuttu eftir kristnitöku og hefur þar staðið kirkja síðan. Árið 1861 var vígð ný timburkirkja þar sem að fyrri kirkjan, gerð úr torfi var orðin ansi hrörleg. Árið 1900 varð kirkjan fyrir miklum skemmdum í

- Brekka – Tomman, Hafnarbraut 21. Byggt árið 1920.
- Grímsnes, Stórhólsvegur 9. Byggt árið 1900.
- Harðangur, Grundargata 7. Byggt árið 1919.
- Steinn, Sandskeið 16. Byggt árið 1914.

kirkjurokinu og voru unnar miklar úrbætur á kirkjunni árin eftir, byggður var nýr klukkuturn fyrir framan kirkjuna sem var gjöf frá Zophanías Þorkelssyni árið 1947. Árið 1979 kviknaði í kirkjunni út frá oliufni, hægt var að laga skemmdirnar og var unnið að þeim næstu ár ásamt viðgerðum á burðarvirki og nýrri klæðningu. Árið 1995 átti að fara í endurbætur á ný þar sem farið var að sjást verulega á húsinu. Þremur vikum áður en átti að endurvígja kirkjuna kviknaði aftur í henni og urðu miklar skemmdir á kirkjunni í þetta skiptið.



Mynd 2.3 Vallakirkja í Svarfaðardal í maí 2024. Mynd: YRKI

Kirkjan var endurbyggð og var gerð vönduð endurgerð af kirkjunni sem brann. Núverandi kirkja hefur sama útlit og sú fyrri, með klukkuturninum fyrir fram. Kirkjan var endurvígð 18. maí 2000 og var hún friðuð af menntamálaráðherra í kjölfar

- Ás – Skólinn – Gamli skóli, Grundargata 2. Byggt árið 1916.
- Frón, Grundargata 15. Byggt árið 1896.
- Vallholt, Skíðabraut 15. Byggt árið 1920.
- Sandgerði, Flæðavegur 2. Byggt árið 1905.
- Nýibær, Flæðavegur 4. Byggt árið 1899.

tillögu Húsafriðunarnefndar með vísun í vandaða endurgerð.

Tjarnarkirkja

Byggingarár: 1892-1893

Hönnuður: Jón Stefánsson forsmiður frá Dalvík og hugsanlega einnig Gísli Jónsson forsmiður frá Hofi sem að mestu vann innansmið.

Friðuð: 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði.

Kirkjunnar er fyrst getið í Auðunarmáldaga frá 1318. Áður en núverandi kirkja var vígð árið 1892 stóð þar lítil 40 ára gömul torfkirkja. Árið 1900 í kirkjurokinu skekkist kirkjan á grunni sínum en nokkru síðar færðist hún aftur á sinn stað. Árið 1991 var farið í miklar endurbætur á kirkjunni en reynt var að halda upprunalegri gerð kirkjunnar að sem mestu leyti. Núverandi kirkja er timburhús með klukkum frá því um 1700, steindir gluggarnir eru frá 1961 eftir Valgerði Hafstað myndlistakonu.

2.2.4.4. Friðuð hús⁴⁸

Í þéttbýli Dalvíkur:

- Framnes. Byggt árið 1920.
- Upsakapella, Upsir. Byggt árið 1903.
- Árbakki, Karlsbraut 29. Byggt árið 1900.
- Brimnes, Brimnesbraut. Byggt árið 1921.
- Höfn, Karlsrauðatorg 4. Byggt árið 1905.
- Agðir, Karlsrauðatorg 9. Byggt árið 1919.
- Sunnuhvoll, Hafnarbraut 18. Byggt árið 1910.

⁴⁸ [Minjavefsja Minjastofnunar Íslands](#)

- Vegamót. Byggt árið 1914.

Svarfaðardalur:

- Kvihús (Atlastaðir). Byggt árið 1890.
- Ytra-hvarf. Byggt árið 1875.
- Vellir. Byggt árið 1902.
- Uppsálar. Byggt árið 1896.
- Gullbringa. Byggt árið 1921.
- Arngrímsstofa. Byggt árið 1883.

Árskógsströnd:


- Krossar. Byggt árið 1921.

Þorvaldsdalur:

- Kleif. Byggt árið 1900.

2.2.4.5. Umsagnarskyld hús

Eigendum húsa og mannvirkja sem njóta ekki friðunar en voru byggð árið 1940 eða fyrr er skylt að leita állits hjá Minjastofnun Íslands ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa. Í sveitarfélaginu eru um 90 hús byggð árið 1940 eða fyrr en njóta ekki friðunar og eru því umsagnarskyld hjá Minjastofnun Íslands.⁴⁹



Mynd 2.4 Yfirlit yfir skráðar menningarminjar í sveitarfélaginu

⁴⁹ [Fjöldi íbúða eftir byggingarári](#)

2.3. Íbúafjöldi

Íbúafjöldi Dalvíkurbyggðar hefur sveiflast í gegnum árin. Byggð þróaðist í sveitunum til að byrja með og fjölgaði íbúum hratt með uppbyggingu sveitarfélagsins.

Með sjósókn færðist byggðin nær sjónum og eru þéttbýlin þrjú öll sjávarpláss þar sem að stór meirihluti íbúa býr í dag.


Skoðuð var þróun íbúafjölda sveitarfélagsins í gegnum árin ásamt mannfjöldaspám. Einnig var skoðað nær- og fjærumhverfi til viðmiðunar.

Tölurnar veita upplýsingar sem hægt er að nota sem forsendur fyrir frekari uppbyggingu og þróun í sveitarfélaginu.

2.3.1. Þróunin fyrir 2000

Byggð þróaðist hratt á Dalvík. Fólk bjó fyrst um sinn inn í dalnum, áður en það færði sig nær sjónum til Dalvíkur þegar sjósókn varð vinsælli. Árið 1910 var íbúafjöldi í Svarfaðardal 981, áratugi seinna voru íbúarnir orðnir 1046 og þar af 466 íbúar í þéttbýli Dalvíkur. Árið 1946 skiptust svæðin í tvennt og til varð Svarfaðardalshreppur og Dalvíkurhreppur, þá voru íbúar Dalvíkur orðnir 907 og íbúar Svarfaðardalshrepps 394. Íbúum Dalvíkurhrepps hélt áfram að fjölga á meðan íbúum Svarfaðardalshrepps fækkaði.

Árskógshreppur var fámennnt sveitarfélag, þar bjuggu 551 íbúar árið 1920 en 368 árið 1990 og hefur íbúum þéttbýlisins farið fækkandi síðan.



Mynd 2.5 Íbúafjöldi Dalvíkurbyggðar til ársins 1990. Byggt á gögnum frá Hagstofu Íslands


2.3.2. Þróunin frá 2000

Árið 2000 voru íbúar sveitarfélagsins 2050 talsins og hafa þeir aldrei verið jafn margir og þegar sveitarfélögin þrjú sameinuðust árið 1998. Íbúum hefur farið fækkandi síðan og voru fæstir árið 2017, 1815 talsins.

Íbúum hefur almennt fækkað í sveitarfélaginu, minnst á Árskógssandi, þar voru íbúar 128 árið 2000 en árið 2026 eru þeir 111. Mest hefur þeim fækkað á Hauganesi en þar voru íbúar 164 árið 2000 en aðeins 118 árið 2026 eða 28% fækkun.

Á Dalvík voru 1450 íbúar árið 2000 en 1385 árið 2026. En 72% íbúa sveitarfélagsins búa í þéttbýli Dalvíkur. Fyrir utan þéttbýlin búa 311 íbúar víðsvegar um sveitir Dalvíkurbyggðar.

Í upphafi árs 2026 voru íbúar sveitarfélagsins samtals 1925. Íbúar sveitarfélagsins voru því 125 færri en árið 2000.⁵⁰



Mynd 2.6 Íbúafjöldi Dalvíkurbyggðar til ársins 2026, eftir þéttbýlum. Byggt á gögnum frá Hagstofu Íslands

⁵⁰ [Mannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitarfélögum 1998-2026](#)

2.3.3. Þróun íbúafjölda á svæðisvísu


Sé þróunin borin saman við þróun íbúafjölda á Norðurlandi eystra má sjá tvær andstæður. Þróunin á Norðurlandi eystra er jákvæð, þar sem að greinileg fjölgun er á íbúum, annað en í Dalvíkurbyggð þar sem að íbúum hefur fækkað nema allra síðustu ár.

Sjá má að bæði í Dalvíkurbyggð og á Norðurlandi eystra er augljós fjölgun íbúa árunum 2006 til 2008 og á árunum 2017 til 2019.⁵¹


Þróun íbúafjölda í sveitarfélaginu er því ekki í takt við landshlutann. Á árunum 2000-2026 hefur íbúum á Norðurlandi Eystra fjölgað úr 28.082 í 32.296 og hafa íbúar landshlutans aldrei verið fleiri. Árið 2000 voru Dalvíkurbúar 7,3% af íbúum Norðurlands eystra en eru í dag 6%.

Mest fjölgun hefur orðið á Akureyri og í sveitarfélögunum næst Akureyri, í öllum öðrum sveitarfélögum fer íbúum fækkandi.⁵²

Sama á við á landsvísu, frá aldamótum hefur Íslendingum fjölgað en íbúum Dalvíkurbyggðar fækkað hægt og bitandi. Árið 2000 voru íbúar Dalvíkurbyggðar 0,73% af íbúum landsins en nú 0,49%. Íslendingum hefur fjölgað um 41% á meðan Dalvíkingum hefur fækkað um 6%.



Mynd 2.7 Þróun íbúafjölda á svæðisvísu. Byggt á gögnum frá Hagstofu Íslands



Mynd 2.8 Þróun íbúafjölda á landsvísu. Byggt á gögnum frá Hagstofu Íslands

⁵¹ [Mannfjöldi eftir landshlutum, kyni og aldri 1. Janúar 1998-2026](#)

⁵² (Byggðastofnun, 2020)


2.3.4. Íbúaspá

Samkvæmt húsnæðisáætlun Dalvíkurbyggðar 2025 mun íbúum sveitarfélagsins fjölga á næstu 10 árum miðað við lág-, mið- og háspá.

Mannfjöldaspáin gerir ráð fyrir að árið 2034 verði íbúar sveitarfélagsins samtals 1.971 samkvæmt lágspá, 2.036 samkvæmt miðspá og 2.050 samkvæmt háspá.⁵³

Samkvæmt mannfjöldaspá Byggðastofnunar 2023-2074 helst íbúafjöldi nokkuð óbreyttur næstu fimm árin (miðgildi) eða um 1.845 íbúar. Síðan fari íbúum smám saman fækkandi og árið 2045 verði íbúar samtals 1.591. Sé horft til efri 90% marka spárinnar þá mun íbúum fara fjölgandi allt til ársins 2041, eða 2.354 íbúar, en fari síðan fækkandi. Í lægri mörkum er íbúum að fækka allt tímabilið, fari úr 1.874 íbúum niður í 870 íbúa árið 2045.⁵⁴

Byggðastofnun setur fyrirvara á spá sína, sem byggir á nálgun sem er kölluð „að fram haldi sem horfir“. Spáin getur gefið þokkalega mynd af mannfjöldapróun til skemmri tíma, t.d. 15 ára, en taka verður niðurstöðum til lengri tíma með fyrirvara.



Mynd 2.9 Spá um íbúafjölda í Dalvíkurbyggð til ársins 2045, byggt á íbúaspá Byggðastofnuna.

⁵³ [Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun, 2025](#)

⁵⁴ (Einar Örn Hreinsson desember 2023)

2.4. Samsetning íbúa



2.4.1. Aldurs- og kynjaskipting

Fólksfjöldapíramídi eða aldurspíramídi, sýnir á myndrænan hátt hvernig íbúar í sveitarfélaginu skiptast eftir aldurshópum og tvískiptingu kynja.

Mikil breyting hefur orðið á aldursdreifingu sveitarfélagsins á þessu tímabili, auk þess er áhugavert að sjá mun milli kynjanna.

Almennt er frekar jöfn aldursdreifing meðal karla í Dalvíkurbyggð. Meiri breyting verður á aldursdreifingu kvenna, en dreifingin hefur jafnast og hefur konum 50 ára og eldri fjölgað.

Aldursdreifing í Dalvíkurbyggð fylgir aldursdreifingu Norðurlands eystra. Aldursdreifing landshlutans og sveitarfélagsins er líkari hjá körlum en konum, sem er öfugt við árið 2000.^{55 56}



Mynd 2.10 Hlutfallsleg aldurs- og kynjaskipting í Dalvíkurbyggð árin 2000 og 2026. Byggt á gögnum frá Byggðastofnun.

⁵⁵ Mannfjöldi eftir landshlutum, kyni og aldri 1. Janúar 1998-2026

⁵⁶ Íbúafjöldi sveitarfélaga og byggðakjarna

2.4.2. Þjóðerni

Árið 2000 voru íbúar með erlendan uppruna 3,3% af heildarfjölda íbúa sveitarfélagsins, en fjölgaði í 12,6% árið 2025. Erlendum ríkisborgurum hefur farið fjölgandi á landinu öllu síðustu árin.

Hlutfall erlendra ríkisborgara hefur verið lægra á Norðurlandi eystra en á landsvísu. Hlutfall erlendra ríkisborgara í Dalvíkurbyggð er aðeins hærra en á Norðurlandi eystra, en þó ekki jafn hátt og á landsvísu.⁵⁷

	2000	2025
DALVÍK	3,5%	12,6%
NORÐURLAND EYSTRÁ	1,8%	10,6%
ÍSLAND	2,6%	17,4%

2.4.3. Fjölskyldugerðir

Hagstofa skoðar hvernig íbúafjöldi sveitarfélaga raðast niður í fjölskyldugerðir. Þar eru fjölskyldugerðir flokkaðar í hjónabönd og óvígða sambúð (hér skilgreint sem pör), með og án barna, einstaklinga og einstæða foreldra.

Sjá má hvernig fjölskyldugerðir hafa greinilega breyst á tímabilinu. Sjá má að fólki án barna hefur fjölgað hlutfallslega og eru fjölskyldugerðir án barna orðnar fleiri en þær með börnum. Árið 2000 voru fjölskyldugerðir án barna 43% en árið 2026 55%.⁵⁸

	Árið 2000		Árið 2026	
	Dalvíkurbyggð	Ísland	Dalvíkurbyggð	Ísland
EINSTAKLINGUR ÁN BARNNA	24%	28%	29%	35%
HJÓN/PAR ÁN BARNNA	19%	19%	26%	21%
HJÓN/PAR MEÐ BÖRNUM	50%	44%	40%	36%
EINSTAKLINGUR MEÐ BÖRN	7%	9%	5%	8%

Tafla 2.1 Fjölskyldugerðir í Dalvíkurbyggð og á landsvísu. Byggt á gögnum frá Hagstofu Íslands.

⁵⁷ [Íbúar svæða eftir ríkisfangi](#)

⁵⁸ [Kjarnafjölskyldur eftir sveitarfélögum og fjölskyldugerð 1998-2023](#)

3. ATVINNULÍF OG EFNAHAGUR

Atvinnulífið er gott í Dalvíkurbyggð en talið frekar einsleitt og er því er mikilvægt að auka fjölbreytni. Unnið er að því með því að styrkja frumkvöðlastarf, m.a. með styrkjum frá Uppbyggingarsjóði Norðurlands. Einnig stofnaði Samherji hf. félagið Drifta EA árið 2023 sem var ætlað til að byggja upp frumkvöðla- og nýsköpunarstarf í Eyjafirði.⁵⁹

Samkvæmt Hagstofu Íslands voru 1023 einstaklingar starfandi í sveitarfélaginu árið 2023. Á tímabilinu 2005 til 2023, voru flestir starfandi í sveitarfélaginu árið 2006 eða 1080 einstaklingar, en árið 2021 voru þeir fæstir eða 975 talsins. Lítið er þó um atvinnuleysi í sveitarfélaginu.⁶⁰

Tafla 3.1 sýnir hlutfall launþega eftir atvinnugreinum. Upplýsingar gefa til kynna að sjávarútvegur er stærsta atvinnugreinin í sveitarfélaginu, fiskveiðar og -vinnsla skila 34,2% tekna sveitarfélagsins. En greinin hefur þó farið minnkandi, þar sem að 46,6% tekna sveitarfélagsins komu frá sjávarútveginum árið 2010. Tekjur opinberra starfa hafa vaxið töluvert með árunum og eru næst stærsta atvinnugreinin.

Dreifing tekna sveitarfélagsins eru áþekkar öðrum landshlutum, sjá má hvernig opinberum störfum fer fjölgandi og landbúnaður fer minnkandi. Tekjur sem koma frá sjávarútveginum eru enn þá stórt hlutfall tekna en hefur farið minnkandi. Vöntun er á störfum fyrir langskólagengið fólk í sveitarfélaginu, líkt og sérfræði-, vísinda- og tæknileg starfsemi ásamt störfum í upplýsinga og fjarskipta starfsemi.

Tafla 3.1 Hlutdeild greina í atvinnutekjum⁶¹

	2010	2022
Landbúnaður og skógrækt	1,4%	1,2%
Fiskveiðar	26,2%	14,6%
Fiskeldi	0,3%	0,0%
Framleiðsla (án fiskvinnslu)	9,4%	10,9%
Fiskvinnsla	20,4%	19,6%
Veitustarfsemi	0,5%	0,5%
Byggingastarfsemi	4,8%	5,0%
Verslun og viðgerðir á ökutækjum	5,2%	4,5%
Flutningur og geymsla	2,3%	3,8%
Gististaðir og veitingarekstur	1,8%	1,8%
Upplýsingar og fjarskipti	0,2%	0,3%
Fjármálastarfsemi og sérhæfð þjónusta	3,2%	5,5%
Sérfræði-, vísinda- og tæknileg starfsemi	0,7%	2,6%
Opinber störf	21,8%	28,3%
Önnur starfsemi	1,6%	1,3%

⁵⁹ [Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, 2024. Húsnæðisáætlun](#)

⁶⁰ [Fjöldi starfandi með lögheimili á Íslandi samkvæmt skráum eftir árum, kyni, aldri, bakgrunni og búsetu 2005-2023](#)

⁶¹ [Byggðastofnun, 2023. Tekjur einstaklinga eftir svæðum 2008-2022](#)

3.1. Landbúnaður

Landbúnaður hefur verið undirstaða byggðar í Dalvíkurbyggð frá upphafi. Umfang greinarinnar hefur þó dregist saman í sveitarfélaginu, en landbúnaður og skógrækt skilaði aðeins 1,2% af heildartekjum sveitarfélagsins árið 2022.

Býlum hefur fækkað en framleiðsla hefur á sama tíma aukist. Með breyttum aðstæðum og bættum samgöngum hefur búsetumynstur sveita breyst mikið. Fólk býr um allt láglendi sveitarfélagsins og stundar landbúnað. Mörg fyrirtæki sveitarfélagsins þjónusta landbúnaðinn og kaupa bændur þjónustu og vörur af sveitarfélaginu. Eyjarfjarðarsvæðið nýtur góðs af landbúnaðinum sem hefur skapað störf og tekjur í gegnum tíðina.

Gríðarlegar kostnaðar- og vaxtahækkningar hafa reynst bændum erfiðar og má sjá brest í afkomu í flestum greinum landbúnaðarins.

Árið 2024 voru 26 sauðfjárbú í sveitarfélaginu og 19 nautgripabú. Flestir bændur stunda fjárbúskap og er mjólkurframleiðsla aðal afurð landbúnaðar sveitarfélagsins. Ásamt því eru rekin loðdyra- og kjúklingabú á svæðinu. Hestamennska er einnig stunduð af krafti, bæði meðal bændu og bæjarbúa, en í Dalvíkurbyggð er að finna eitt stærsta hesthús landsins og er þar hestfélagið Hringur starfrækt.

Tvær réttir er að finna í sveitarfélaginu, Tungurétt í Svarfaðardal og önnur við Þorvaldsdalsá.

Ýmis matvælaframleiðsla er starfrækt í Dalvíkurbyggð þar má t.d. nefna fiskframleiðslu, bruggsmiðju og grænmetisræktun.

3.2. Sjávarútvegur

Undirstaða búsetu og atvinnulífs í þéttbýlum Dalvíkurbyggðar er útgerð og fiskvinnsla. Árið 1906 komu fyrstu vélbátarnir til Dalvíkur og óx bærinn hratt í kjölfarið. Lengi voru aðeins viðarbryggjur og önnur minni mannvirki tengd smábátum þar sem að erfitt reyndist að fá höfn á Dalvík. Í dag er Dalvíkurhöfn stór fiski- og vöruhöfn þar sem ýmis fyrirtæki eru staðsett. Þar á meðal er nýtt fiskvinnsluhús Samherja, þar sem hátækni er í fyrirrúmi og þykir húsið með þeim flottari á landinu. Samherji hf. er stærsta útgerð sveitarfélagsins.

Samkvæmt tölum Hagstofu var þvilíkur vöxtur í afla Dalvíkurhafnar á árunum 2014-2018 en hefur aftur farið minnkandi. Aflinn er langmestur í Dalvíkurhöfn og minnstur á Hauganesi.⁶²

Á Hauganesi hefur sjávarútvegurinn þróast út í ferðaþjónustu með saltfiskveitingastað.

Fiskidagurinn mikli var fjölskylduhátíð þar sem hefðin var að bjóða upp á hina ýmsu fiskrétti og kom fólk alls staðar frá að heimsækja þessa fjölsóttu fjölskylduhátíð. Hátíðin var haldin á Dalvík 2001 til 2023 en ákveðið var að leggja hátíðina af.

3.3. Iðnaður

Iðnaður annar en fiskvinnsla er nokkur í sveitarfélaginu. Eitt stærsta fyrirtæki sveitarfélagsins er Sæplast sem hefur starfað á Dalvík frá árinu 1984 og framleiðir vörur úr plasti. Nokkuð er um verkstæði í Dalvíkurbyggð, þar eru meðal annars bifreiða-, véla-, tré- og rafmagnsverkstæði ásamt því er steypustöð á Dalvík. Áætlanir eru um seiðaeldisstöð við Hauganes.

3.4. Opinber þjónusta

Árið 2024 voru 59 stöðugildi á vegum ríkisins í Dalvíkurbyggð, af 2387 stöðugildum á norðurlandi eystra. 78,3% þeirra voru á Akureyri.

Á landsvísu eru samtals 28.979 ríkisstörf og eru 70,3% þeirra á höfuðborgarsvæðinu.⁶³

3.4.1. Fræðslustarfsemi

Þrjú leik- og grunnskólar eru í sveitarfélaginu og eru þeir grænfána skólar. Leikskólinn krílakot og grunnskólinn Dalvíkurskóli eru staðsettir á Dalvík. Árskógarskóli er síðan leik- og grunnskóli staðsettur á Árskógi, þar sem að leikskólinn Leikbær og Árskógarskóli sameinuðust árið 2012. Í Dalvíkurskóla er kennt frá 1.-10. bekk en í Árskógarskóla 1.-7. bekk.⁶⁴

Bókasafn Dalvíkurbyggðar er staðsett í Bergi menningarhúsi. Tónlistarskólinn á Tröllaskaga er einnig starfræktur á Dalvík. Tónlistarskólinn var stofnaður 2016 og er samrekin af Dalvíkurbyggð

⁶² Mælaborð Fiskistofu

⁶³ Bygðastofnun, 2023. Stöðugildi á vegum ríkisins

⁶⁴ Menntun – Dalvíkurbyggð.is

og Fjallabyggð. Tónlistanámið fer fram í Víkurröst Dalvík og í Árskógarskóla en einnig í Fjallabyggð.⁶⁵

Víkurröst er frístundahús sveitarfélagsins og ásamt tónlistaskólanum er þar félagsmiðstöð sveitarfélagsins og námsver Símeý (Símenntunarstöð Eyjafjarðar).

3.4.2. Heilbrigðis- og félagsþjónusta

Heilsugæsla Dalvíkur er starfrækt af Heilbrigðisstofnun Norðurlands (HSN). Heilsugæslan er staðsett á Hólavegi 6 og þar starfa læknir og hjúkrunarfræðingur, ásamt því er starfrækt tannlæknastofa á heilsugæslunni.

Skólahjúkrunarfræðingur starfar í báðum grunnskólum sveitarfélagsins, á vegum HSN.

Iðju- og þroskaþjálfar starfa fyrir sveitarfélagið í skólunum og við félagsþjónustuna.

3.4.2.1. Hjúkrunarheimilið Dalbær

Hjúkrunarheimilið Dalbær stendur við Kirkjuveg. Þar er einnig boðið upp á dagvist og starfrækt félagsstarf fyrir aldraða sem og öryrkja. Þar vinna hjúkrunarfræðingar, iðjuþjálfari og almennir starfsmenn.⁶⁶

3.4.2.2. Félagsþjónusta

Félagsmálaráð fer með málefni félagsþjónustunnar í umboði sveitarstjórnar. Markmið félagsþjónustu Dalvíkurbyggðar er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi íbúa og stuðla að velferð á grundvelli samhjalpar.

Sveitarfélagið býður upp á margvíslega félagslega þjónustu fyrir íbúa sína, og á Dalvíkurbyggð t.d. íbúðir ætlaðar félagsþjónustunni. Veitt er mismunandi þjónusta bæði börnum og fullorðnum, inn á heimilum sem og úti í samfélaginu.⁶⁷

3.4.3. Stjórnsýsla

Skrifstofur Dalvíkurbyggðar eru staðsettar í Ráðhúsi Dalvíkur.

Útibú Landsbankans á Dalvík er einnig staðsett í Ráðhúsinu.

3.4.4. Neyðarþjónusta

Lögreglustöðin á Dalvík er staðsett á Gunnarsbraut 6. Dalvíkurbyggð er í umdæmi Norðurlands eystra sem hefur aðsetur á Akureyri. Umdæmið er eitt það stærsta á Íslandi en hefur aðeins fjórar stöðvar fyrir utan Akureyri. Að meðtalinni Dalvíkurbyggð eru lögreglustöðvar umdæmisins á Húsavík, í Fjallabyggð og á Þórshöfn.

Slökkvilið Dalvíkur er í sama húsnæði og Lögreglan og starfa þar 19 slökkviliðsmenn. Þjónustusvæði slökkviliðsins er Dalvíkurbyggð ásamt jarðgangna í Ólafsfjarðarmúla en slökkviliðið er í samstarfi við önnur slökkvilið í Eyjafirði.

Björgunarsveit Dalvíkur er staðsett á Gunnarsbraut 4 þar sem að fólk á öllum aldri hittist einu sinni í viku til þess að sinna starfinu. Björgunarsveitin er vel búin ýmsum tækjum og búnaði, með öflugan og reyndan mannskap. Samstarf er gott milli sveitarfélagsins og björgunarsveitarinnar og hefur Dalvíkurbyggð styrkt björgunarsveitina frá árinu

2009 þegar tvær björgunarsveitir sveitarfélagsins sameinuðust, Björgunarsveit Árskógsstrandar og Dalvíkur.⁶⁸

3.5. Ferðaþjónusta

Ferðaþjónustan hefur vaxið gríðarlega síðustu ár og er orðin ein af stærstu atvinnugreinum landsins, þar sem að 12,5% landsmanna starfa við greinina.

Covid-19 faraldurinn setti strík í reikninginn árin 2020 og 2021. Ferðaþjónustan er að ná sér aftur á strík og var sumarið 2023 næstfjöldmennasta ferðamannasumarið frá upphafi. Árið 2018 var stærsta ferðamannasumarið, en sumarið 2023 náði 98% fjölda ársins 2018.

48% allra ferðamanna heimsóttu norðurlandið sumarið 2023, 36% þeirra gistu á norðurlandi og var herbergjanýting þeirra um 80%.⁶⁹

Ferðaþjónustan hefur farið hratt vaxandi í Dalvíkurbyggð líkt og á öllu landinu. Sveitarfélagið býður upp á mismunandi þjónustu fyrir ferðamenn. Gistingu er að finna bæði á Dalvík og Árskógsandi en einnig víða um dreifbýlið, þar sem algengt er að bændur breyti býlum sínum í gististaði. Allskonar afþreying er í boði líkt og hvalaskoðun, heitir pottar við sjóinn, bjórböð, golf, hestaferðir, skiði og eru gönguferðir vinsælar þar sem að náttúran er eitt helsta einkenni sveitarfélagsins.

Bjórböðin opnuðu árið 2017 á Árskógsandi. Böðin eru einn vinsælasti ferðamannastaðurinn í sveitarfélaginu og hafa vakið mikla lukku.

⁶⁵ Skólanámsskrá tónlistarskólans á Tröllaskaga 2023-2024

⁶⁶ Dalbær – Dalvíkurbyggð.is

⁶⁷ Félagsmálasvið – Dalvíkurbyggð.is

⁶⁸ Sameining tveggja björgunarsveita – Dalvíkurbyggð.is

⁶⁹ Ferðaþjónusta í tölum – sumar 2023

Siglt er frá Dalvíkurhöfn til Grímseyjar og frá Árskógssandi til Hríseyjar.⁷⁰

3.6. Landnotkun og auðlindir

Sveitarfélagið er um 600 km² að stærð. Samkvæmt Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 var stærstur hluti landsins flokkaður sem óbyggt svæði eða 73,4%. Næst á eftir er landbúnaðarsvæði, sem þekur 24,7% landsins. Telja þessir tveir flokkar því 98% alls lands og allir aðrir flokkar aðeins 2%.

Landnotkunarflokkur	Stærð (ha)	Hlutfall (%)
Óbyggt svæði	43.893	73,4
Landbúnaðarsvæði	14.785	24,7
Opin svæði	545	0,9
Fristundabyggð	214	0,4
Iðnaðarsvæði	155	0,2
Íbúðarbyggð	105	0,2
Annað	108	0,2
Samtals	59.805	100

Dalvíkurbyggð býr yfir miklu undirlendi sem er tiltölulega flatt og með litlum landhalla, undir 8%. Slík svæði verða sífellt eftirsóknarverðari eftir því sem framboð af sambærilegu landi í Eyjafirði minnkar. Þetta skapar tækifæri til vandaðrar og sjálfbærrar þróunar byggðar og atvinnusvæða, þar sem hægt er að samræma nýtingu landsins við náttúruvernd og samfélagsleg markmið.

3.6.1. Efnistaka

Nokkuð er um námur í sveitarfélaginu og eru flestar þeirra í Svarfaðardal.

Tvær efnisnámur eru staðsettar inn á mörkum Friðlands Svarfdæla, en samkvæmt friðlýsingaskilmálum er óheimilt að opna nýjar námur í friðlandinu. Stefnt er að því að malarnámi ljúki í friðlandinu og Dalvíkurbyggð gangi frá námunum.⁷¹

Talsvert efni hefur verið tekið úr áreyrum Svarfaðardalsár og Skíðadalsár. Þar eru efnistökmöguleikar taldir góðir þar sem að efnið endurnýjar sig og fyllist aftur vegna framburðar. Áður en efnistaka fer fram skal þó skoða ítarlega þau áhrif sem efnistaka úr ám sveitarfélagsins kann að hafa á lífríki og vistgæði þeirra, ásamt áhrifum á landeigendur. Skoða skal möguleika á efnistöku annarsstaðar en í ám ef möguleiki gefst, til þess að koma í veg fyrir neikvæð áhrif.

3.6.2. Sorphirða og flokkun

Á hverju heimili er sorpi flokkað í almennt, lífrænt og endurvinnanlegt. Terra ehf. sér um sorphirðu í Dalvíkurbyggð.

Öðru sorpi er fargað í Endurvinnslustöð Dalvíkurbyggðar sem er staðsett við Sandskeið, en Gámapjónustan sér um rekstur hennar. Í endurvinnslustöðinni er tekið á móti sorpi sem er síðan sent áfram á aðra staði, þar sem það er unnið frekar til að lágmarka úrgang til urðunar.

Blandaður og óvirkur úrgangur sem kemur frá Dalvíkurbyggð er sendur í Stekkjarvík þar sem hann er urðaður. Lífrænn úrgangur frá sveitarfélaginu er sendur í Moltu í Eyjafirði þar sem hann er jarðgerður.

Baggaplasti er einnig safnað og er það hirt einu sinni í mánuði fyrir utan júlí og ágúst.⁷²

Flokkun Eyjafjarðar ehf. gerði svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi 2023-2036 þar sem að markmiðið er að draga markvisst úr myndun úrgangs og auka endurnotkun og endurnýtingu. Þar koma fram upplýsingar um stöðu úrgangsmála og aðgerðir til að bæta endurnotkun, endurnýtingu og förgun.⁷³

3.6.3. Skógrækt

Nokkuð er um skógrækt í láglandi sveitarfélagsins. Nytja-, skjól- og útivistarskógar eru víða á svæðinu. Bændur hafa víða ræktað skóg á landi sínu, einnig er að finna skóga í landi sveitarfélagsins en lítið er um skóg í kringum þéttbýli sveitarfélagsins. Nokkur skógræktarfélag sjá um skóga í Dalvíkurbyggð.

3.6.4. Hlunnindi jarða

Hlunnindi jarða eru af ýmsu tagi og hafa fylgt sumum jörðum langt aftur í tímann, þetta getur sem dæmi verið dúntekja, reki, lax- og silungaveiði, skógur eða beitarland.

3.6.5. Flokkun landbúnaðarlands

Í fyrra aðalskipulagi var landbúnaðarlandi skipt í tvo flokka. L1 var mestallt land neðan 300 m hæðarlínu

⁷⁰ Dalvík – einstök upplifun
⁷¹ (Umhverfisstofnun, 2021)

⁷² Endurvinnslustöð – Dalvíkurbyggð.is
⁷³ (Stefán Gíslason, 2023)

og byggði sú afmörkun á einföldu viðmiði, óháðu staðháttum eða landnotkun. L2 var svæði sem almennt teljast hentug til búvöruframleiðslu og byggir afmörkunin fyrst og fremst á ræktuðu landi. Á L2 svæðum voru í gildi strangari reglur um nýtingu en á L1. Var þetta gert til að vernda gott ræktunarland í sveitarfélaginu og halda því sem svæði til landbúnaðarnota, í samræmi við meginmarkmið um varðveislu góðs landbúnaðarlands.

Í landsskipulagsstefnu er lögð áhersla á að sveitarfélög byggji skipulagsákvæðanir um nýtingu lands í dreifbýli á kerfisbundinni flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreiningu og vistgerðarflokkun. Þar er sérstaklega áréttað að land sem hentar vel til ræktunar skuli að jafnaði ekki tekið undir aðra nýtingu á óafturkræfan hátt.

Ein af skilgreindum aðgerðum landsskipulagsstefnu var kortlagning ræktunarlands sem hentar til matvælaframleiðslu. Í því skyni hefur verið unnin grunnflokkun landbúnaðarlands undir stjórn Lands og skóga. Kortlagningin nær til landsins alls.

Markmið með flokkun landbúnaðarlands:

- Viðurkennt verði að vernda beri gott ræktunarland eins og aðrar auðlindir þjóðarinnar.
- Stuðla að því að góðu ræktunarlandi verði ekki spillt með því að ráðstafa því í annað.
- Tryggja sem best hnökralausa sambúð landbúnaðar, þéttbýlis og annarrar landnotkunar.

3.6.5.1. Aðferðafræði við grunnflokkun landbúnaðarlands á vegum Lands og skóga

Við flokkun landbúnaðarlands er beitt aðferð sem nefnist fjölþátta ákvarðanagreining í landupplýsingakerfi (e. *GIS-based Multi-Criteria Decision Analysis*). Aðferðin felst í því að kortleggja helstu umhverfisþætti og skilgreina viðmið sem annað hvort útiloka landsvæði alfarið eða hafa áhrif á mat á því hversu hentugt tiltekið svæði er til ræktunar.

Viðmið greiningarinnar skiptast í tvo meginflokka, áhrifaþætti og takmarkanir. Áhrifaþættir lýsa umhverfislegum aðstæðum sem hafa áhrif á gæði lands til ræktunar og almenna hentugleika svæða. Takmarkanir eru hins vegar svæði sem ekki koma til álita sem landbúnaðarland.

Allir áhrifaþættir eru kortlagðir, metnir og þeim úthlutað hæfiseinkunn á kvarðanum 1–10 eftir því hversu vel landið hentar til ræktunar. Svæði sem fá einkunnina 1 teljast illa hentug, en svæði með einkunnina 10 teljast mjög vel hentug. Áhrifaþáttum er jafnframt gefið mismikið vægi sem endurspeglar hlutfallslegt mikilvægi hvers þáttar í samanburði við aðra þætti í greiningunni.

Takmarkanir fá einkunnina 0 og teljast ekki hæfar til landbúnaðarnota, hvorki til matvælaframleiðslu né akuryrkju.

Við val á áhrifaþáttum, mótun einkunna þeirra og ákvörðun vægis er lagt til grundvallar efni leiðbeininga um flokkun landbúnaðarlands, reynslu af flokkun í tengslum við gerð aðalskipulags, auk samráðs við fagaðila með sérþekkingu á ræktun,

jarðvegi og vistkerfum. Á grundvelli kortlagningar, einkunna og vægis áhrifaþátta er framkvæmd fjölþátta ákvarðanagreining í landupplýsingakerfi. Niðurstaðan er sett fram á hentugleikakorti sem sýnir hentugleika lands til ræktunar á kvarðanum 0–10.

Að lokinni greiningu er landbúnaðarlandi skipt í fjóra flokka:

1. Mjög gott ræktunarland.
2. Gott ræktunarland.
3. Sæmilegt ræktunarland.
4. Lélegt ræktunarland.

3.6.5.1.1. Ávinningur og annmarkar

Helsti kostur flokkunar landbúnaðarlands með fjölþátta ákvarðanagreiningu er að unnt er að greina stór landsvæði á samræmdan hátt og taka tillit til samlegðaráhrifa margra áhrifaþátta samtímis. Þannig byggjast niðurstöður ekki á einstökum föstum viðmiðum, heldur á heildstæðu mati þar sem mismunandi umhverfisþættir eru vegnir saman. Svæði geta því talist góð ræktunarlönd þrátt fyrir óhagstæð skilyrði að einstökum þáttum, svo lengi sem aðrir þættir vege það upp.

Helsti annmarki aðferðarinnar snýr að takmarkaðri nákvæmni gagna. Vistgerðakort og önnur grunngögn eru unnin á tiltölulega grófum mælikvarða og upplýsingar um jarðvegsdýpt og yfirborðsgrjót liggja ekki fyrir. Af þeim sökum geta svæði sem eru nýtt til ræktunar fallið í lægri flokka, einkum þar sem áhrifaþættir með hátt vægi, svo sem landhalli, draga úr heildareinkunn.

Því er mikilvægt að sveitarfélög fari í faglega rýni á niðurstöðum áður en flokkunin er nýtt í skipulagsvinnu.

Flokkunin er unnin í rastaformi með 5 m upplausn en einfölduð í flákaform þar sem lágmarksstærð svæða er 3 hektarar, í samræmi við aðalskipulag sveitarfélaga. Við þá einföldun geta smærri svæði fallið út, sem þarf sérstaklega að hafa í huga þegar flokkunin er notuð við mat á litlum svæðum.

Hægt er að kynna sér nánar grunnflokkun landbúnaðarlands á [upplýsingasíðu verkefnisins](#).

3.6.5.2. Flokkun landbúnaðarlands í Dalvíkurbyggð

Við flokkun landbúnaðarlands í Dalvíkurbyggð var stuðst við grunnflokkun Lands og skóga. Þar sem allt land innan sveitarfélagsins, sem liggur undir 300 m hæð yfir sjávarmáli, er skilgreint sem landbúnaðarland, var grunnflokkunin afmörkuð við þessa hæðarmörk.

Þá voru kortlagðar frekar takmarkanir á ræktun. Í samræmi við stefnu aðalskipulags um verndun náttúruskóga og votlendi eru þau útilokuð sem ræktunarland. Einnig er land útilokað frá ræktun sem hefur verið ráðstafað undir þéttbýli og útivistarsvæði.

Þá var stuðst við upplýsingar um ræktanlegt land úr gagnagrunni HMS. Gert er ráð fyrir að ræktuð tún falli alltaf í flokk 1 eða 2. Ef grunnflokkunin skilgreindi þau utan þessara flokka, voru þau færð upp um flokk.

3.6.5.2.1. Niðurstöður flokkunar

Niðurstöður flokkunar landbúnaðarlands í Dalvíkurbyggð má sjá í eftirfarandi töflu og að hluta til á

aðalskipulaginu, má sjá nánar kort af niðurstöðum.

Flokkur	Stærð (ha)	Hlutfall
1. Mjög gott ræktunarland	809,5	5,1%
2. Gott ræktunarland	1981,1	12,6%
3. Sæmilegt ræktunarland	3533,2	22,4%
4. Lélegt ræktunarland	9444,2	59,9%

Mjög gott ræktunarland er einna helst að finna á Árskógsströnd og fremst í Svarfaðardal. Gott ræktunarland er að finna í Svarfaðardal og fremst í Skíðadal. Meiri hluti þess sem flokkast sem lélegt ræktunarland (flokkur 4) er í brattari fjallshlíðum.

Ekki er útilokað að nýta það land sem lendir í lakari flokkum þó að kornrækt sé þar ólíkleg til árangurs. Svæðin má t.d. nota til beitar eða undir skógrækt.

3.6.5.2.2. Fyrirvari á niðurstöðum

Eins og áður segir byggir flokkunin á landfræðilegum gögnum með þeim takmörkunum sem þau hafa í sínum grófa mælikvarða. Vegna stærðar svæðisins og umfangs er ekki hægt að mæla jarðvegsþykkt eða jarðvegsgerð. Flokkunin er því ákveðin nálgun á líkleg landgæði og kemur aldrei í stað mælinga eða rannsókna á staðnum. Því skal alltaf vera möguleiki á að endurskoða flokkunina ef nákvæmari gögn liggja fyrir eða þegar hagsmunaaðili óskar eftir því með rökstuddum athugasemdum.

3.6.6. Orkuöflun

Gerð hefur verið frumathugun á möguleikum smávirkjana í sveitarfélaginu, ásamt sölu á rafmagni inn á dreifikerfi þannig að sveitarfélagið gæti verið sjálfu sér nægt um rafmagn. Niðurstöður

má sjá nánar í skýrslunni *Smávirkjanir í Dalvíkurbyggð*⁷⁴.

Áætlað uppsett afl liggur á bilinu 60-520 kW fyrir hvern virkjunarkost. Skortur er þó á staðbundnum gögnum um vatnafar og rennsli áa í sveitarfélaginu. Sveitarfélagið hefur ákveðið í kjölfarið að láta framkvæma rennislismælingar í nokkrum vatnsföllum innan sveitarfélagsins.

Helstu áskoranir fyrir vatnsaflsvirkjanir í sveitarfélaginu er að í sumum tilfellum liggja virkjanakostir innan svæða sem njóta hverfisverndar í aðalskipulagi. Þá þarf að rannsaka betur framburð í sumum ám.

⁷⁴ Smávirkjanir í Dalvíkurbyggð. Úttekt á valkostum. Mannvit. (2015)

4. SAMGÖNGUR OG VEITUR

4.1. Hafnir

Í Dalvíkurbyggð er að finna þrjár hafnir, eina í hverjum byggðarkjarna, en framkvæmdasvið heldur utan um Hafnasjóð Dalvíkurbyggðar sem á og rekur þessar hafnir.

4.1.1. Dalvíkurhöfn

Dalvíkurhöfn er stærsta höfn sveitarfélagsins, en þar er löng saga um sjósókn. Framkvæmdir á höfninni hófust árið 1939 og hefur verið mikil uppbygging á henni síðan þá. Nyrðri hafnargarðurinn var gerður árið 1939 og syðri garðurinn árið 1960. Síðan þá hafa bæst við smábátahöfn og ferjuhöfn, en ferja fer frá Dalvík til Grímseyjar og Hríseyjar.

Árið 2019 var bætt nýrri viðlegu við höfnina, austurgarð, sem umbreytti höfninni ásamt því var fiskvinnsluhús Samherja byggt á höfninni. Höfnin er full búin og þar er fjölbreytt starfsemi tengd sjávarútvegi, vöruflutningi og ferðaþjónustu.⁷⁵

4.1.2. Árskógssandshöfn

Árskógssandshöfn er fiskihöfn sem var byggð árið 1987 og liggur hafnargarðurinn til norðurs ásamt minni ferjubryggju. Ferja fer frá Árskógssandshöfn til Hríseyjar.⁷⁶

4.1.3. Hauganeshöfn

Hauganeshöfn er lítil fiskihöfn þar sem að ferðaþjónusta er ríkjandi, en mesta umferðin um höfnina er vegna hvalskoðunarbáta. Hafnargarðurinn liggur til suðurs ásamt lítilli smábátahöfn.

4.2. Vegasamgöngur

Þjóðvegur nr. 82, eða Ólafsfjarðarvegur, liggur í gegnum Dalvíkurbyggð meðfram strandlengjunni. Frá Múlagöngum sem liggja frá Ólafsfirði, um Ólafsfjarðarveg til suðurs að Hörgársveit. Að Árskógssandi liggur Árskógssandsvegur og Hauganesvegur að Hauganesi, ekki er neinn vegur á milli þessa tveggja þéttbýliskjarna, en til eru hugmyndir um slíkan.

Inn Svarfaðardalinn liggur Svarfaðardalsvegur vestan megin og Skíðadalsvegur austan megin, þar er bundið slitlag þar til að dalurinn skiptist í tvennt, þar er restin af leiðinni inn Svarfaðar- og Skíðadal malarvegur.

Strætó nr. 78 gengur um Dalvík, fer frá Akureyri til Siglufjarðar og stoppar á þjóðveginum bæði á Dalvík og við Árskógssand.⁷⁷

4.2.1. Jarðgöng

Múlagöng voru byggð árið 1990, eru 3,4 km að lengd og liggja í gegnum Ólafsfjarðarmúla. Göngin eru einbreið með mætingarútskotum og eru þau

talin þola 1000 bíla umferð að meðaltali, en umferð um göngin er farin að nálgast þolmörkin. Frá árinu 2008 hefur umferð um Múlagöng aukist um 5% ár hvert. Göngin standast ekki nútímakröfur um öryggi auk þess liggur vegurinn að þeim um þekkt snjóflóðahættusvæði.

Vegagerðin gaf út jarðgangaáætlun árið 2023 þar sem ný 8,8 km löng göng, frá Karlsá að Burstabrekkudal í Ólafsfirði, eru til skoðunar. Leiðin myndi stytast um tæpa 4 km og væru göngin staðsett sunnar en syðsta gilið þar sem snjóflóð falla við Dalvík. Nýju göngin myndu því sneiða fram hjá snjóflóðasvæðinu við Upsaströnd.

Ný göng myndu hafa jákvæð áhrif á samfélagið, bæði með því að stytta vegalengdina en einnig gera þau öruggari og áreiðanlegri yfir vetrar tímenn. Ásamt því gætu göngin orðið varaleið þegar Öxnadalsheiði er lokuð.⁷⁸

4.2.2. Almenningsamgöngur

Sem stendur eru engar almenningsamgöngur innan þéttbýliskjarna Dalvíkurbyggðar. Hins vegar keyrir strætó tvisvar á dag á milli Akureyrar og Siglufjarðar, með viðkomu í Dalvík. Með því skapast möguleiki á að tengja saman þéttbýliskjarnana í sveitarfélaginu með vistvænum og umhverfisvænum hætti.

⁷⁵ [Dalvíkurhöfn – Dalvíkurbyggð.is](#)

⁷⁶ [Árskógssandshöfn – Dalvíkurbyggð.is](#)

⁷⁷ [Mögulegar framkvæmdir í vegagerð á Norðurlandi eystra, 2021](#)

⁷⁸ [Jarðgangaáætlun. Tillaga að forgangsröðun jarðgangakosta, 2023](#)

4.3. Flugsamgöngur

Engan flugvöll né landingastað er að finna í Dalvíkurbyggð. Næsti flugvöllur við Dalvíkurbyggð er Akureyrarflugvöllur.

Frá Akureyri er flogið til Reykjavíkur, Vopnafjarðar um Þórshöfn og til Grímseyjar. Ásamt því eru þrjú flugfélög að fljúga erlendis frá Akureyri.

Einnig er flugvöllur á Siglufirði sem er notaður fyrir sjúkraflug og sjónflug, þar er ekki skipulagt flug.

4.4. Veitur

4.4.1. Vatnsveita

Framkvæmdasvið annast hlutverk Vatnsveitu Dalvíkurbyggðar sem sér til þess að veita neysluvatni til sveitarfélagsins.

Vatn er tekið úr austurbakka Svarfaðardalsár í landi Bakka, í Upsanum ofan við Dalvík og í Brattavallahólum á Árskógsströnd. Farið er að huga að nýjum vatnstökustað fyrir Árskógsströnd í Þorvaldsdal. Flestir bæir sveitarfélagsins eru tengdir inn á aðalveituæðina en þó einhverjir með sín eigin vatnból.⁷⁹

4.4.2. Hitaveita

Frá árinu 1969 hefur jarðhitakerfið við Hamar í Svarfaðardal verið nýtt til húshitunar í Dalvík. Annað jarðhitakerfið var tekið í notkun árið 1998 og hefur síðan þá verið nýtt til húshitunar á Árskógsströnd. Árið 2007 voru kerfin samtengd og hefur heitu vatni verið veitt í Svarfaðardal síðan þá.

Hitaveita Dalvíkur annast öflun, dreifingu og sölu á heitu vatni til íbúa og er hún rekin af framkvæmdasviði Dalvíkurbyggðar.⁸⁰

4.4.3. Fráveita

Fráveitukerfi þéttbýlis Dalvíkurbyggðar er rekið af framkvæmdasviði sveitarfélagsins og er blandkerfi. Ein og sama pípan flytur húsaskólþ, afrennsli hitaveitukerfa, iðnaðar- og ofanvatn til sjávar. Viðtaki skólpsins er öflugur og þynnist skólpið fljótt út í sjónum. Með því að sameina allar útrásir í eina uppfyllir Dalvík ákvæði laga og reglugerða um mengunarvarnir.

Árið 2009 var tekin í notkun ný fráveitudælustöð sem fullnægir kröfum reglugerðar um fráveitu og skólþ. Dælustöðin dælir skólpi frá Dalvík um 420 m skólþögn. Tvær dælur eru í dælustöðinni, þar sem auðvelt er að koma fyrir grófhreinsun og hreinsibúnaði sem samsvarar fyrsta þreps hreinsun, en 90% af því fráveituvatni sem fer um útræsi er hreinsað.^{34 81}

Sjór við strandlengju Dalvíkurbyggðar er talinn síður viðkvæmur viðtaki samkvæmt reglugerð um fráveitur og skólþ (798/1999). Síður viðkvæmir viðtakar eru skilgreindir sem ármynni og strandsjór þar sem endurnýjun vatns er mikil og losun tiltekinnar mengunar er ekki talin hafa skaðleg áhrif á umhverfið.

Miðað við reglugerð um varnir gegn mengun vatns (796/1999) er Dalvíkurbyggð í flokki A þar sem ástand vatns er ósnortið.⁸²

4.4.4. Rafmagn

Dalvíkurlína liggur milli Akureyrar og Dalvíkur og sér Dalvíkurbyggð fyrir rafmagni. Í desember 2019 skemmdust 30 möstur í miklu óveðri og var ákveðið að fara í úrbætur. Verið er að vinna að nýrri línu, Dalvíkurlínu 2. Hún á að tryggja örugga orkuafhendingu til Dalvíkur með nýjum 66 kV jarðstreng. Dalvíkurlína 1 mun standa óbreytt og verður því tvöföld tenging til Dalvíkur.⁸³

Rarik sér um dreifingu rafmagns innan sveitarfélagsins. Tvær aðveitustöðvar eru í sveitarfélaginu, ein við Hríshöfða á Dalvík og önnur við Stærri Árskóg, sem veita orku um dreifikerfi Rarik til neytenda.

Árið 2021 fékk björgunarsveitin á Dalvík færanlegar rafstöðvar sem eru hugsaðar m.a. til þess að nota þegar neyðarástand skapast.

4.4.5. Fjarskipti

4.4.5.1. Farsímasamband

Símasamband er almennt gott en á það til að detta út í óveðrum. Neyðarlínan hefur verið í forsvari í verkefni sem á að tryggja samfelld fjarskipti í langvarandi rafmagnsleysi, sem fellst í ýmsum úrbótum og uppfærslum á núverandi búnaði.

4.4.5.2. Ljósleiðari

Búið er að leggja ljósleiðara í sveitarfélaginu sem er tengdur inn á heimili bæði í þéttbýli og dreifbýli.

⁷⁹ [Dalvíkurbyggð. Staðardagskrá 21. Úttekt á núverandi umhverfisaðstæðum](#)

⁸⁰ [Fréttir, 24. apríl 2020 – dalvikurbyggd.is](#)

⁸¹ [Fréttir, 17. febrúar 2009 – dalvikurbyggd.is](#)

⁸² [Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024. Helstu forsendur](#)

⁸³ [Akureyri – Dalvík. Yfirlit framkvæmda – landsnet.is](#)

5. STEFNUMÓTUN

Í þessum kafla er farið yfir forsendur og hvernig stefna aðalskipulagsins var mótuð. Framtíðarsýnina sjálfa, leiðarljós og stefnur má sjá í greinargerð aðalskipulagsins.

5.1. Gildi Dalvíkurbyggðar

Dalvíkurbyggð hefur sett sér gildi sem eru undirtónn stefnumótunar og framtíðarsýnar aðalskipulagsins: virðing, jákvæðni og metnaður.

5.2. Endurskoðun aðalskipulags

Um er að ræða heildarendurskoðun á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar. Fyrra aðalskipulag sveitarfélagsins var ætlað að gilda til ársins 2020 og var staðfest í ágúst 2009. Síðan þá hafa orðið verulegar breytingar á lagaumhverfi sem snýr að skipulagsmálum, þar á meðal breytingar á skipulagslögum, lögum um náttúruvernd, mannvirkjalögum og lögum um menningarmínjar.

Auk þess stendur sveitarfélagið frammi fyrir nýjum áskorunum sem ekki var tekið á í eldra skipulagi. Má þar nefna áhrif loftslagsbreytinga, þróun í ferðaþjónustu, breytta nýtingu landbúnaðarsvæða og nýjar áskoranir í orku- og auðlindamálum. Þá hefur ríkisvaldið fært sveitarfélögum ný verkefni og skyldur sem þarf að taka tillit til í aðalskipulagi, svo sem flokkun landbúnaðarlands og verndun vega í náttúru Íslands. Með þessari nýju aðalskipulagstillögu er brugðist við þessum áskorunum með skýrum stefnum, leiðbeinandi

tilmælum og ákvæðum sem miða að sjálfbærri þróun og verndun náttúru og samfélags.

5.3. Undirstaða stefnumótunar

Undirstaða og megin undirtónn við stefnumótun aðalskipulags er hugmyndafræðin um sjálfbæra þróun:

- Að þróun mæti kröfum nútímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að mæta sínum þörfum.
- Að þróun auki efnahagsleg verðmæti um leið að gæðum náttúrunnar er viðhaldið ásamt því að mannréttindi eru efl.

Sjálfbær þróun byggir á þremur meginstoðum: vistfræðilegri (náttúra), félagslegri (samfélag) og efnahagslegri (efnahagur).

Þó megin markmið stefnunnar um sjálfbærrar þróunar miði að því að finna snertiflöt þessara stoða er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að hver stoð er innbyrðis tengd og að samfélag og efnahagur eru háð náttúrunni. Náttúran mun áfram þrífast með eða án mannkynsins en samfélag mannkyns verður ekki til án náttúru og vistkerfa þeim í hag. Þá verður efnahagur ekki til án góðra náttúrugæða og samfélaga sem búa til verðmætin.

Við stefnumótun aðalskipulagsins er því horft til þess að styrkja samfélagið og efnahaginn án þess að ganga fram af endurheimt vistkerfa.

5.3.1. Hringrásarhagkerfið

Stefnumótunin er einnig undir áhrifum hugmynda hringrásarhagkerfisins.

Hugmyndin um hringrásarhagkerfið byggir á að veita íbúum aukin lífsgæði án þess að slíta út auðlindum jarðar og gæta að náttúrulegri endurnýjun þeirra.

Í hringrásarhagkerfi er horft til þess að endurnýta hráefni aftur þannig að dregið verði úr sóun og förgun. Gera meira með minna.

Hringrásarhagkerfi auðveldar að ná loftslagsmarkmiðum en styður einnig við aukna samfélagsvitund þar sem betri nýting, endurnýjun og endurnotkun elur á samstarfi og aukinni samnýtingu hluta. Með því að deila, endurnýta og hjálpast við að draga úr sóun og óþarfa neyslu. Þannig getur breytt neysluhegðun leitt til minna álags á umhverfið og á sama tíma aukið samstöðu meðal fólks. Gott dæmi um þetta er að deila notkun á verkfærum og koma nothæfum fötum til þeirra sem geta notað þau áfram.

5.3.2. Landsskipulagstefna

Einnig var lagt til grundvallar, framtíðarsýn og meginmarkmið landsskipulagsstefnu.

Landsskipulagsstefna byggir á eftirfarandi framtíðarsýn í skipulagsmálum: Skipulag stuðli að sjálfbærri þróun og lífsgæðum fólks, styðji samkeppnishæfni og sé sveigjanlegt og stuðli að viðnámsþrótti gagnvart umhverfisbreytingum.

5.4. Framtíðarsýn mótuð

Dalvíkurbyggð setur fram heildstæða framtíðarsýn til næstu 20 ára sem lýsir æskilegu ástandi samfélagsins, umhverfis og byggðar til framtíðar.

Framtíðarsýnin markar stefnu sveitarfélagsins um þróun byggðar, innviða, þjónustu, atvinnulífs og náttúruverndar og er leiðarljós við alla stefnumótun í aðalskipulagi.

Framtíðarsýnin byggir, meðal annars, á kjarnaspurningum á borð við:

- Hvernig samfélag viljum við byggja?
- Hvaða gæðum og sérkennum viljum við standa vörð um?
- Hvernig tryggjum við sjálfbæra nýtingu lands og auðlinda?
- Hvert viljum við beina vexti og uppbyggingu?

Skipulagsráð og sveitarstjórn unnu saman að mótun framtíðarsýnar fyrir aðalskipulagið. Framtíðarsýnin lýsir þeirri stöðu sem sveitarfélagið vill vera í og þeim áhrifum sem stefnt er að ná fyrir samfélagið og umhverfið.

Framtíðarsýnin myndar grunn að stefnumiðum, markmiðum og skipulagsákvæðum aðalskipulags. Sýnin er samræmd landsskipulagsstefnu, stefnum stjórnsvalda og alþjóðlegum skuldbindingum Íslands, þar á meðal á sviði sjálfbærrar þróunar, loftslagsmála, mannréttinda og samfélagslegrar velferðar. Með þessu tryggir framtíðarsýnin heildstæða nálgun á þróun samfélags og byggðar og stuðlar að vistvænni og fjölbreyttri byggð í sátt við náttúru, menningararf og efnahagslegar forsendur Dalvíkurbyggðar.

Framtíðarsýnin er þannig leiðarstjarna við ákvarðanatöku sveitarfélagsins og stuðlar að markvissri, sjálfbærri og ábyrgri þróun Dalvíkurbyggðar til framtíðar.

Liður í stefnumótuninni var að draga fram styrkleika, veikleika, ógnir og tækifæri (SVÓT) fyrir sveitarfélagið. Tilgangurinn var að greina núverandi stöðu sveitarfélagsins og koma auga á möguleg tækifæri. Þetta var gert á sameiginlegum vinnufundi skipulagsráðs og sveitarstjórnar. Á íbúafundi þegar skipulagslýsing var kynnt var einnig farið yfir SVÓT greininguna og hún unnin áfram með viðstöddum.

5.4.1. Niðurstöður SVÓT greiningar

Til að framtíðarsýnin verði raunhæf, mælanleg og framkvæmanleg þarf hún að byggja á vandaðri stöðuggreiningu. SVÓT-greining (styrkleikar, veikleikar, ógnir og tækifæri) er viðurkennd aðferð í stefnumótun sem varpar ljósi á stöðu og framtíðarmöguleika sveitarfélags út frá bæði innri og ytri aðstæðum. Innri þættir, þ.e. styrkleikar og veikleikar, lýsa eiginleikum sveitarfélagsins í nútíð, svo sem gæðum byggðar, þjónustu, innviðum og atvinnulífi. Ytri þættir, þ.e. tækifæri og ógnir, taka til þeirra áhrifa sem geta skapast vegna þjóðfélagsbreytinga, markaðspróunar, loftslagsbreytinga, lýðfræðilegra þátta og stefnumótunar stjórnsvalda.

Styrkleikar og tækifæri benda á svið þar sem sveitarfélagið hefur sérstöðu sem rétt er að byggja á í framtíðarsýn.

Veikleikar og ógnanir varpa ljósi á áskoranir sem nauðsynlegt er að mæta með skýrum áherslum og aðgerðum í skipulagi.

Greiningin hjálpaði til við að afmarka hvaða þættir skipta mestu máli til framtíðar, bæði til að efla jákvæða þróun og bregðast við áhættuþáttum.

Niðurstöður SVÓT greiningar voru flokkuð niður í fjóra yfirflokka. Flokkunin byggir á megin viðfangsefnum og málaflokkum aðalskipulags.

5.4.1.1. 1. Umhverfi & náttúra Styrkleikar

- Náttúran, frá fjöllum að fjöru
- Staðsetning í Eyjafirði
- Góð útivistarsvæði
- Gönguleiðir
- Skíðasvæðið

Veikleikar

Engin atriði komu fram

Tækifæri

- Strandlínan sem útivistarsvæði
- Fleiri hjólaleiðir og gönguleiðir
- Frekari nýting auðlinda

Ógnir

- Loftslagsbreytingar – áhrif og óvissa
- Mengandi athafnastarfsemi
- Ásókn í auðlindir
- „Eyðilegging“ fornminja, tap á menningararfi

5.4.1.2. 2. Byggð & samfélag Styrkleikar

- Nálægð við Akureyri
- Byggðin dreifð

- Blómlegt mannlíf
- Öflugt menningarhús / menningarlíf
- Afþreying fyrir alla
- Íþrótt- og æskulýðsstarf gott
- Íþróttamannvirki til fyrirmyndar
- Góð heilsugæsla

Veikleikar

- Skortur á íbúðalóðum
- Byggð dreifð
- Byggðakjarnar illa nýttir
- Skortur á atvinnulóðum (*snertir líka atvinnulíf*)
- Vantar sterkari miðbæ
- Vantar græn almenningsrými í miðbæ (m. afþreyingu fyrir börn)
- Vantar framtíðarsýn í skólamálum
- Vantar þingmenn

Tækifæri

- Búsetumöguleikar – hluti af atvinnusóknarsvæði Eyjafjarðar
- Lífsgæðakjarnar – uppbygging fyrir eldri borgara
- Vantar góðan „kósý“ miðbæ
- Nálægðin við Akureyri (meiri þjónusta)
- Byggð í sveit og frístundabyggðir
- Leiksvæði og uppbygging fyrir fjölskyldufólk
- Nýta hönnunartillögu fyrir uppbyggingu miðsvæðis
- Öflugt safn sem dregur að bæði íbúa og gesti

Ógnir

- Hæg uppbygging á íbúðarhúsum
- Nálægðin við Akureyri (samkeppni um íbúa)
- Íbúum fækkar annars lagið

- Hæg uppbygging í samgöngum

5.4.1.3. 3. Atvinnulíf & efnahagur

Styrkleikar

- Öflugt atvinnulíf

Veikleikar

- Opinberum störfum hefur fækkað
- Skortir sérþekkingu í atvinnulífið
- Atvinnulíf einsleitt
- Vantar aðstöðu fyrir störf án staðsetningar
- Vantar stefnu í atvinnumálum

Tækifæri

- Atvinna án stóriðju
- Atvinnulíf sem hluti af vinnusvæði Eyjafjarðar
- Bygging í ferðaþjónustu
- Störf án staðsetningar

Ógnir

- Minnkandi atvinnumöguleikar og fá sérfræðistörf
- Uppbygging atvinnu í öðrum sveitarfélögum → fólksflutningar

5.4.1.4. 4. Samgöngur & veitur

Styrkleikar

Engin atriði komu fram

Veikleikar

- Vantar vistvænar samgöngur, innan sem utan sveitarfélags

Tækifæri

- Tenging við umheiminn (Akureyrarflugvöllur)
- Fleiri hjólaleiðir (upplýstar) – *snertir líka umhverfi og samfélag*

Ógnir

5.5. Leiðarljós dregin fram

Leiðarljós sveitarfélagsins eru megináherslur sem móta öll stefnumið, skipulagsákvæði og forgangsröðun aðalskipulags samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð. Þau endurspeglu framtíðarsýn sveitarstjórnar og afstöðu hennar til sjálfbærrar þróunar, samfélagslegra gæða, verndar og nýtingar náttúruauðlinda, ásamt efnahagslegum styrk og stöðugleika.

Leiðarljósín eru síðan dregin fram sem kjarni framtíðarsýnar, þ.e. þeir þættir sem hafa mest vægi og leiða allar ákvarðanir í aðalskipulagi.

Við útfærslu leiðarljósa er sérstaklega horft til:

- niðurstaðna SVÓT greiningar,
- forsendna framtíðarsýnar,
- landsskipulagsstefnu (t.d. þéttingu byggðar, loftslagsmarkmiða, vistvænna samgangna, verndar náttúrugæða),
- stefna ríkisins um loftslagsmál, orkuskipti, líffræðilega fjölbreytni og alþjóðlegra skuldbindinga.

Útkoman er sex leiðarljós sem endurspeglu helstu áherslur sveitarfélagsins varðandi:

- sjálfbæra þróun,
- gæði og uppbyggingu byggðar,
- eflingu samfélagsins,
- verndun og nýtingu náttúru og lands,
- samgöngur og aðgengi,
- efnahagslega stöðu og fjölbreytt atvinnulíf.

5.6. Viðfangsefni sem ekki er fjallað um

Við mótun stefnu og val á viðfangsefnum var ákveðið að fjalla ekki um:

- **Miðhálandi Íslands**
Samkvæmt þeirri afmörkun sem kemur fram í landsskipulagsstefnu nær miðhálandið ekki inn fyrir mörk sveitarfélagsins.
- **Verndar- og orkunýtingaráætlun (rammaáætlun)**
Engar virkjanir eru í sveitarfélaginu sem hafa lokið málsmeðferð í rammaáætlun. Fjallað er um orkuvinnslu almennt í stefnu sveitarfélagsins og settir sérskilmálar.

5.7. Samræmi við aðrar stefnur

Við stefnumótun aðalskipulagsins var horft til annarra áætlana og stefnuskjala sem kunna að tengjast gerð og/eða framfylgd skipulagsins.

Leitast var eftir að tryggja samræmi við aðrar áætlanir en sé það ekki fært verður gerð grein fyrir því og mögulegu ósamræmi.

	Gott samræmi
	Samræmi að vissu marki
	Ósamræmis gætir

5.7.1. Heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna







Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna í september árið 2015, þar á meðal Íslands. Heimsmarkmiðin eru margþætt og metnaðarfull og krefjast þátttöku og samstarfs ólíkra hagsmunaaðila þar á meðal sveitarfélaga landsins. Því er mikilvægt að sveitarfélög leitist við að samræma hugmyndir sínar og aðgerðir við markmiðin.


> Sjá nánar um heimsmarkmiðin:

[Heimsmarkmiðin - markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun](#)

Rétt eins og í stefnu aðalskipulagsins, er undirstaða og megin undirtónn Heimsmarkmiðanna, hugmyndafræðin um sjálfbæra þróun og því meira en minna samhljómur þar á milli.

Í töflunni hér eftir er farið fyrir samræmi aðalskipulagsins við Heimsmarkmiðin.

Stefna aðalskipulags	Heimsmarkmið sem tengjast stefnu	Samræmi
<i>Við erum samfélag sem lifir í sátt og samlyndi við náttúruna</i>	Markmið 13 - Aðgerðir í loftslagsmálum Bráðaaðgerðir gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra.	 <p>Gott samræmi þar sem stefnan er að leita leiða til að auka bindingu gróðurhúsalofttegunda í sveitarfélaginu og draga úr losun þeirra.</p> <p>Þar sem óvissa um áhrif loftslagsbreytinga er mikil er stefnt að frekari gagnaöflun til að undirbúa sveitarfélagið undir hraðar breytingar í veðurfari vegna loftslagsbreytinga.</p>
	Markmið 14 – Líf í vatni Vernda og nýta hafið og auðlindir sjávar á sjálfbæran hátt.	 <p>Gott samræmi þar sem settir eru skilmálar um verndun strandlengjunnar og sjávar gegn mengun frá landi.</p>
	Markmið 15 - Líf á landi Vernda og endurheimta vistkerfi á landi og stuðla að sjálfbærri nýtingu þeirra, vinna að sjálfbærri stjórn skóga, berjast gegn eyðimerkurmyndun, stöðva jarðvegseyðingu, endurheimta landgæði og sporna við hnignun líffræðilegrar fjölbreytni.	 <p>Gott samræmi. Við uppgræðslu skulu markmið sjálfbærrar þróunar höfð að leiðarljósi, m.a. við val á plöntum og trjátegundum til gróðursetningar.</p> <p>Forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilstærkerfi Íslands.</p> <p>Ýmis tækifæri eru til staðar í skógrækt í Dalvíkurbyggð, sér í lagi ef horft til möguleika á samlegðaráhrifum með útivist, skjólmyndun og uppgræðslu. Uppfylla þarf ákveðin skilyrði til að stofna til nýræktar, gagngert til þess að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum.</p>
<i>Hér er gott að búa alla ævi</i>	Markmið 3 - Heilsa og vellíðan Stuðla að heilbrigðu lífni og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar.	 <p>Gott samræmi þar sem sett eru markmið um að tryggja fjölbreytt tómsundastarf fyrir alla aldurshópa, óháð efnahag og búsetu.</p>
	Markmið 11- Sjálfbærar borgir og samfélög Gera borgir og íbúðarsvæði örugg, sjálfbær og öllum aðgengileg.	 <p>Gott samræmi. Reynt að stuðla að nægu og fjölbreyttu framboði húsnæðis. Aðgengileg og fjölbreytt búsetuúrræði fyrir fjölskyldur, ungt fólk, eldri borgara og fatlað fólk.</p>
<i>Hér er öflugt og sveigjanlegt atvinnulíf</i>	Markmið 8 - Góð atvinna og hagvöxtur Stuðla að viðvarandi sjálfbærum hagvexti og arðbærum og mannsæmandi atvinnutækifærum fyrir alla	 <p>Gott samræmi. Sett eru markmið um að bjóða upp á vinnu án staðsetningar og sutt við vinnuframboð allt árið.</p>

	<p>Markmið 9 - Nýsköpun og uppbygging</p> <p>Byggja upp trausta innviði, stuðla að sjálfbærri iðnvæðingu og hlúa að nýsköpun</p>		<p>Gott samræmi þar sem horft er til þess að í sveitarfélaginu sé í boði góð aðstaða fyrir smáiðnað og nýsköpunar starfsemi með góðu fjarskiptaneti.</p>
<p><i>Dalvíkurbyggð hefur trausta innviði sem stuðla að auknum lífsgæðum íbúa og öfluggu atvinnulífi</i></p>	<p>Markmið 3 - Heilsa og vellíðan</p> <p>Markmið 8 - Góð atvinna og hagvöxtur</p> <p>Markmið 9 - Nýsköpun og uppbygging</p> <p>Markmið 11- Sjálfbærar borgir og samfélög</p> <p>Markmið 13 - Aðgerðir í loftslagsmálum</p> <p>Markmið 14 – Líf í vatni</p> <p>Markmið 15 - Líf á landi</p>		<p>Bæði ósamræmi og samræmi.</p> <p>Uppbygging innviða hefur alla jafna neikvæð áhrif á lífríki en settir eru skilmálar til að draga úr þeim áhrifum. Engu að síður mun stefnan leiða til aukins álags á líf í vatni og á landi. Ákveðið ósamræmi er því við markmið nr. 14 og 15 til skemmri tíma lítið.</p> <p>Uppbygging grunnkerfa getur verið forsenda fyrir öðrum framkvæmdum eða fyrir aðgerðum sem ætlað er að hafa jákvæð áhrif á aðra umhverfisþætti.</p> <p>Þá er uppbygging innviða öllu jafna til stuðnings, og jafnvel forsenda, til frekari ávinnings samfélagsins eða atvinnulífs. Dæmi um þetta er t.d. rafvæðing samgangna sem kallar á aukna uppbyggingu innviða en leiðir til minni losunar.</p>

5.7.2. Landsskipulagsstefna 2024-2038

Landsskipulagsstefna felur í sér stefnu í skipulagsmálum fyrir landið í heild til leiðbeiningar fyrir skipulagsgerð sveitarfélaga og aðra áætlanagerð um þróun byggðar og landnýtingu. Stefnunni er síðan framfylgt í gegnum skipulagsgerð sveitarfélaga.

Félags- og húsnæðismálaráðuneytið hefur yfirumsjón með framkvæmd stefnunnar í samstarfi við einstök ráðuneyti, eftir því sem við á, og Skipulagsstofnun.

Sjá vefinn landsskipulag.is fyrir nánari upplýsingar um mótun og framfylgd stefnunnar.

Í landsskipulagsstefnu 2024-2038 eru sett fram þrjú markmið stjórnvalda í skipulagsmálum, sem öll byggja á sjálfbærri þróun:

- a) **Markmið um vernd umhverfis og náttúru**, snýr að heilnæmi umhverfis og verndun og varðveislu víðerna, landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni. Áhersla er á kolefnishlutleysi sem leiðarljós í skipulagi og samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda frá landnotkun.
- b) **Markmið um velsæld samfélags**, snýr að almennri velsæld í samfélagi og gæðum í hinu byggða umhverfi með jafnvægi í nýtingu lands í þéttbýli og dreifbýli þar sem vöxtur samfélaga gengur ekki um of á náttúrulegt umhverfi. Áhersla er á loftslagsaðlögun sem leiðarljós í skipulagi og seiglu samfélaga gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga.
- c) **Markmið um samkeppnishæft atvinnulíf**, snýr að samkeppnishæfni samfélags og eflingu atvinnulífs, hagkvæmri uppbyggingu innviða og sjálfbærri nýtingu auðlinda þar sem vexti er beint á tiltekin svæði. Áhersla er á kolefnishlutleysi sem leiðarljós í skipulagi með aukinni bindingu gróðurhúsalofttegunda.

Undir hverju markmiði eru settar fram áherslur ásamt tilmælum um framfylgd þeirra fyrir skipulagsgerð sveitarfélaga.

Auk þess er sett fram aðgerðaráætlun þar sem lagðar eru fram aðgerðir sem tengdar eru áherslum stefnunnar og er ætlað að ná fram markmiðum hennar. Aðgerðirnar miða einkum að því að gera skipulagsgerð sveitarfélaga skilvirkari með bættu aðgengi að grunngögnum og leiðbeiningum, tryggja heildarhagsmuni við gerð skipulagsáætlana

sveitarfélaga og stuðla að sjálfbærri þróun þar sem tekið er mið af mögulegum áhrifum loftslagsbreytinga á samfélög og innviði.

Tilmælin eiga ýmist við um skipulag á miðhálandi (M), í dreifbýli (D), í þéttbýli (Þ) og á haf- og strandsvæðum (H). Að auki felur stefnan í sér aðgerðaáætlun til að hrinda markmiðum hennar í framkvæmd. Hér er einblint á dreifbýli (D) og þéttbýli (Þ).

A) Markmið landsskipulagsstefnu um vernd umhverfis og náttúru		
Stefna aðalskipulags	Áherslur landsskipulagsstefnu sem tengjast stefnu aðalskipulags	Samræmi
<p>-Umhverfi og náttúra- Við erum samfélag sem lifir í sátt og samlyndi við náttúruna</p> <p>Meginstefna sveitarfélagsins varðandi umhverfismál snýr að skynsamlegri nýtingu lands, verndun náttúrunnar og sjálfbærni.</p>	<p>Áhersla A.1: Skipulag feli í sér stefnu um loftslagsmál með kolefnishlutleysi og orkuskipti að leiðarljósi. Stefnit verði að því að draga eins og kostur er úr losun gróðurhúsalofttegunda og jarðefnaeldsneyti fasað út í lofti, á láði og legi.</p> <p>Dreifibýli/ Þéttbýli</p> <ol style="list-style-type: none"> Við skipulagsgerð verði mörkuð stefna um loftslagsmál. Hún feli í sér stefnu um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá byggð, samgöngum og landnotkun og að auka kolefnisbindingu, með kolefnishlutleysi að leiðarljósi. (M, D, Þ, H) Skipulag miði að eins miklum og skjótum árangri og kostur er við að draga úr losun og auka bindingu gróðurhúsalofttegunda. (M, D, Þ, H) Skipulagsákvæði um þróun byggðar, samgöngur og landnotkun verði útfærð og, eftir því sem við á, sett mælanleg markmið um árangur í loftslagsmálum. (M, D, Þ, H) Umhverfismat skipulagsáætlana feli í sér mat á loftslagsáhrifum skipulagstillagna og annarra valkosta um stefnu og útfærslu byggðar, samgangna og landnotkunar, sem til greina koma. (M, D, Þ, H) Í skipulagi skuli horfa til losunar frá landi og landnotkun og áhrifa ólíkrar landnotkunar á getu jarðvegs og gróðurs til að binda kolefni. Nýtt verði besta fánlega þekkingu á samspili landnotkunar og losunar gróðurhúsalofttegunda. (M, D, Þ, H) Skipulag taki mið af aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum og bestu fánlegu leiðbeiningum um loftslagsmiðað skipulag. (M, D, Þ, H) 	<p>Hluta til í samræmi.</p> <p>Í aðalskipulaginu er mörkuð stefna um loftslagsmál:</p> <ul style="list-style-type: none"> Leitað verði leiða til að auka bindingu kolefnis Taka mið af loftslagsbreytingum með áherslu á græna innviði og sjálfbærar lausnir Gert umhverfismat þar sem metin eru áhrif á stefnu skilmála <p>Ekki eru sett mælanleg markmið en sveitarfélagið vinnur að slíkum markmiðum í samstarfi við Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE).</p>
	<p>Áhersla A.3: Skipulag miði að því að vernda kolefnisríkan jarðveg. Jafnframt stuðli skipulag að því að draga úr hnignun vistkerfa og stuðla að endurheimt þeirra, með það að markmiði að draga úr losun, auka bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri og vernda líffræðilega fjölbreytni.</p> <p>Dreifibýli</p> <ol style="list-style-type: none"> Við skipulagsgerð verði lagt mat á ástand lands með tilliti til virkni vistkerfa og kolefnisbúskapar. (D) Í skipulagi verði sett fram stefna um varðveislu og bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri og hún útfærð í skipulagsákvæðum um landnotkun, þar á meðal við ákvarðanir um ráðstöfun lands undir mannvirki, ræktun og byggð. (D) Við skipulagsgerð verði mörkuð stefna um vernd og endurheimt votlendis og hún útfærð í skipulagsákvæðum um landnotkun. Stefnan miði að því að varðveita kolefni í votlendi og vernda líffræðilega fjölbreytni. (D) Skipulag í dreifibýli stuðli að því að draga úr hnignun vistkerfa og endurheimta vistkerfi sem hafa raskast, m.a. með stefnu um verndun og eflingu gróðurs og jarðvegs. (D) 	<p>Gott samræmi</p> <ul style="list-style-type: none"> Vernd og endurheimt votlendis til að binda kolefni og vernda líffræðilega fjölbreytni. Skógrækt og uppgræðslu vernda jarðveg og stuðla að kolefnisbindingu. Draga úr hnignun vistkerfa og stuðla að endurheimt raskaðra svæða. Mat á ástandi lands og að vernda land með miklar kolefnisbirgðir við afmörkun byggðar.

	<p>8. Vistgerðaflokkun, ásamt bestu fánlegu upplýsingum og stefnum um uppgræðslu og endurheimt lands, verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum. (D)</p> <p>Þéttbýli</p> <p>9. Við afmörkun þéttbýlis og ráðstöfun lands undir byggð verði lagt mat á ástand lands með tilliti til virkni vistkerfa og kolefnisbúskapar og miðað verði að því að vernda land þar sem eru miklar kolefnisbirgðir. (Þ)</p>	
	<p>Áhersla A.4: Skipulag stuðli að verndun og varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni, sérstæðrar náttúru og menningarminja.</p> <p>Dreifbýli</p> <p>4. Við skipulagsgerð í dreifbýli verði lögð áhersla á að varðveita náttúru og menningarminjar sem hafa staðbundið eða víðtækara gildi út frá sögu, náttúrufari eða menningu og að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni. (D)</p> <p>5. Við skipulagsgerð verði gætt að því að byggð gangi ekki að óþörfu á svæði sem eru verðmæt vegna náttúruverndar og að fristundabyggð verði almennt á afmörkuðum samfelldum svæðum sem skerði ekki mikilvæg eða viðkvæm svæði með tilliti til náttúruverndar. (D)</p> <p>6. Við skipulagsgerð verði viðhald og útbreiðsla náttúruskóga og vernd líffræðilegrar fjölbreytni tryggð. (D)</p> <p>7. Vistgerðaflokkun, ásamt stefnum og áætlunum um landgræðslu og vatnaáætlun, verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum. (D)</p> <p>Þéttbýli</p> <p>8. Við skipulagsgerð í þéttbýli verði lögð áhersla á að varðveita náttúru og menningarminjar sem hafa staðbundið og víðtækara gildi út frá sögu, náttúrufari eða menningu og að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni. (Þ)</p>	<p>Gott samræmi.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Sett eru ákvæði fyrir stærstu landnotkunarflokkana, óbyggð svæði (ÓB), landbúnaðarland (L) og opin svæði (OP) sem miða að því að varðveita náttúru, menningarminja, vatnafars, bakkagróður, jarðmyndanir, viðkvæm vistkerfi, víðerni og landslag.
	<p>Áhersla A.5: Skipulag miði að því að varðveita fjölbreytt og verðmætt landslag, svo sem óbyggð víðerni og landslagsheildir.</p> <p>Dreifbýli</p> <p>6. Á dreifbýlissvæðum sem flokkast sem víðerni verði svigrúm fyrir takmarkaða mannvirkjagerð, svo sem gönguskála, vegslóða og göngu- og reiðleiðir. Umfangsmeiri mannvirkjagerð verði beint að stöðum sem rýra ekki víðerni. (D)</p> <p>7. Landslagsgreining verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum og miðað að því að virða sérkenni landbúnaðarlands og varðveita jarðfræðilega fjölbreytni og menningarlandslag. (D)</p>	<p>Gott samræmi.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Sett eru ákvæði fyrir stærstu landnotkunarflokkana, óbyggð svæði (ÓB), landbúnaðarland (L) og opin svæði (OP) sem miða að því að varðveita víðerni, menningarminjar og landslag.
	<p>Áhersla A.7: Skipulag mannvirkja, byggða og bæjarrýma eflir þau gæði sem felast í menningarlandslagi.</p> <p>Dreifbýli</p>	<p>Gott samræmi.</p>

	<p>1. Við skipulagsgerð í dreifbýli taki ráðstöfun lands fyrir uppbyggingu og ræktun mið af þeim gæðum sem felast í landslagi. Leitast verði við að haga skipulagi og hönnun mannvirkja þannig að fjölbreytt og verðmætt landslag sé varðveitt, svo sem sérstakar landslagsheildir og búsetulandslag sem hefur menningarlegt gildi. Stefnt verði að því að efla þau gæði sem felast í landslagi, náttúrulegu og manngerðu. (D)</p> <p>2. Stefna í skipulagi um ráðstöfun lands fyrir uppbyggingu og ræktun í dreifbýli taki mið af áhrifum á hið opna land og náttúrulegt landslag og viðhaldi óbyggðum viðernum. (D)</p> <p>3. Umhverfismat skipulagsáætlana feli í sér mat á náttúrulegu og byggðu landslagi. (D)</p> <p>4. Skipulag miði að því að uppbygging og landnotkun falli sem best að heildarsvipmóti lands. Skipulagsákvæðanir um staðsetningu og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af byggingarhefðum, landslagi og staðhátum þar sem m.a. er hugað að kennileitum, sjónlínunum og útsýni. Sérstaklega verði vandað til hönnunar bygginga og annarra mannvirkja sem mynda ný kennileiti. (D)</p> <p>5. Við skipulagsgerð í dreifbýli verði landslag og staðareinkenni greind á grundvelli flokkunar landslagsgerða á landsvisu. Niðurstöður greiningarinnar verði lagðar til grundvallar við mörkun stefnu um ráðstöfun lands til uppbyggingar og ræktunar með það að markmiði að byggja á þeim gæðum sem felast í landslagi og sérkennum náttúru og byggðar, viðhalda þeim og efla. (D)</p> <p>Þéttbýli</p> <p>6. Skipulag byggðar taki mið af þeim gæðum sem felast í landslagi. Við hönnun byggðar og bæjarrýma verði stefnt að því að efla þau gæði sem felast í landslagi, náttúrulegu og manngerðu. Leitast verði við að haga skipulagi og hönnun byggðar og mannvirkja þannig að fjölbreytt og verðmætt landslag sé varðveitt, svo sem sérstakar landslagsheildir og bæjar- eða borgarlandslag sem hefur menningarlegt gildi. (Þ)</p> <p>7. Umhverfismat skipulagsáætlana feli í sér mat á áhrifum skipulagstillagna og annarra valkosta um stefnu og útfærslu byggðar sem til greina koma á byggt landslag. (Þ)</p> <p>8. Við skipulagsgerð verði vandað til staðarvals og hönnunar mannvirkja í þéttbýli með tilliti til staðbundinna gæða sem felast í landslagi. Hönnun byggðar og mannvirkja taki mið af landslagi, kennileitum, sjónlínunum, útsýni og þeirri byggð sem fyrir er. (Þ)</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Umhverfi Dalvíkurbyggðar einkennist af fjölbreyttu og einstöku landslagi. Í stefnu sveitarfélagsins er sett fram að nýting lands tryggi varðveislu náttúrunnar og menningararfs. • Skipulag í dreifbýli miði að því að viðhalda viðernum og vernda sérstakar landslagsheildir. • Umhverfismat skipulagsáætlana nær til áhrifa á landslag, bæði náttúrulegt og byggt land. • Við Hönnun mannvirkja erlagt áherslu á að þau falli vel að umhverfi sinu. Nýta skal landhalla og landmótun til að draga úr breyttri ásýnd á landið.
B) Markmið um byggð og samfélag		
<p>-Byggð og samfélag- Hér er gott að búa alla ævi</p> <p>Meginstefna sveitarfélagsins varðandi byggð og samfélag er að</p>	<p>Áhersla B. 1: Skipulag feli í sér stefnu um aðlögun að loftslagsbreytingum sem styrkir viðnámsþrótt viðkomandi samfélags til langs tíma.</p> <p>Dreifbýli</p> <p>2. Við skipulagsgerð í dreifbýli verði greint hvaða áskorana er að vænta til langs tíma vegna afleiðinga loftslagsbreytinga sem varðað geta ákvarðanir um landnotkun. Tekið verði tillit til breytinga, svo sem á rennsli eða farvegum jökuláa, flóðahættu, sandfoks, hækkunar sjávarborðs og ágangs sjávar, vatnsflóða, hörfunar jökla, skriðufalla, úrkomuákefðar, ofviðra, gróðurelda og líffræðilegrar fjölbreytni.</p>	<p>Gott samræmi.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Við skipulagsgerð er leitast við að greina helstu áhættuþætti og áskoranir til langs tíma vegna loftslagsbreytinga, bæði í dreifbýli og þéttbýli.

<p>tryggja öflugt og fjölbreytt samfélag þar sem vöxtur byggðar styður við blómlegt atvinnulíf, sterka samfélagsþjónustu og sjálfbæra þróun. Með góðum lífsgæðum að leiðarljósi verður stuðlað að fjölbreyttu lóðaframboði, skýrum skipulagslegum áherslum og auknum tengingum við önnur svæði til að styrkja byggðarkjarna og efla samfélagslega samstöðu.</p>	<p>Byggt verði á bestu fánlegu upplýsingum um viðkomandi áhættu, þ.m.t. vísindaskýrslum Veðurstofu Íslands um áhrif loftslagsbreytinga á náttúrufer og samfélag hér á landi. (D)</p> <p>3. Í skipulagsáætlunum verði tekin afstaða til þess hvaða takmarkanir þekktar afleiðingar loftslagsbreytinga setja uppbyggingu og landnotkun í dreifbýli og sett viðeigandi skipulagsákvæði þar sem við á. Byggt verði á stefnumótun á landsvísu um aðlögun að loftslagsbreytingum og viðbrögð við loftslagstengdri náttúruvá. (D)</p> <p>Dreifbýli</p> <p>4. Við skipulagsgerð í þéttbýli verði greint hvaða áskoranir er að vænta í sveitarfélaginu til langs tíma vegna afleiðinga loftslagsbreytinga sem varðað geta ákvarðanir um landnotkun og þróun byggðar í þéttbýli, svo sem breytinga á rennsli eða farvegum jökuláa, hækkunar sjávarborðs og ágangs sjávar, vatnsflóða, flóðbylgna, sandfoks, hörfunar jökla, skriðufalla, úrkomuákefðar, ofviðris, gróðurelda og áhrifa á líffræðilega fjölbreytni. Byggt verði á bestu fánlegu upplýsingum um viðkomandi áhættu, þ.m.t. vísindaskýrslum Veðurstofu Íslands um áhrif loftslagsbreytinga á náttúrufer og samfélag hér á landi. (Þ)</p> <p>5. Í skipulagsáætlunum verði tekin afstaða til þess hvaða takmarkanir þekktar afleiðingar loftslagsbreytinga setja uppbyggingu og landnotkun í viðkomandi þéttbýli og sett viðeigandi skipulagsákvæði þar sem við á. Byggt verði, eftir því sem við á, á stefnumótun á landsvísu um aðlögun að loftslagsbreytingum og um viðbrögð við loftslagstengdri náttúruvá. (Þ)</p> <p>6. Við skipulagsgerð verði tekið tillit til áhrifa loftslagsbreytinga, svo sem vegna hækkunar sjávarborðs, og náttúruvár, t.d. snjóflóða, skriðufalla, vatnsflóða, eldgosa, jökulhlaupa og jarðskjálfta, með það að markmiði að varna slysum á fólki og tjóni á mannvirkjum. Upplýsingar Veðurstofu Íslands um náttúruvá og loftslagsbreytingar verði lagðar til grundvallar skipulagsákvörðunum. (Þ)</p> <p>7. Við skipulagsgerð verði sérstaklega hugað að því hvernig nýta megir sjálfbærar ofanvatnslausnir til að milda og takast á við áhrif loftslagsbreytinga á byggð. (Þ)</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Tekið er mið af þekktum þáttum eins og flóðahættu, hækkun sjávarborðs, óveðri. • Í skipulagsáætlunum er tekið tillit til þessara þátta og byggt á stefnumótun á landsvísu um aðlögun að loftslagsbreytingum og viðbrögð við náttúruvá.
	<p>Áhersla B.2: Skipulag verði loftslagsmiðað og feli í sér samþætta stefnu um byggðapróun í þéttbýli og dreifbýli þar sem vexti verði beint að þeim byggðarkjörnum sem fyrir eru, með áherslu á búsetufrelsi og að draga úr ferðapörf.</p> <p>Dreifbýli</p> <p>1. Skipulag landnotkunar í dreifbýli styðji við búsetu og samfélag í dreifbýli með langtímasýn um ráðstöfun lands til nýtingar og verndar og samþættri stefnu um byggðapróun í þéttbýli og dreifbýli. Ákvarðanir um ráðstöfun lands fyrir uppbyggingu taki mið af staðareinkennum, svo sem viðernum, sérkennum landbúnaðarlands, verndarsvæðum, varðveislu nytjaland og menningarlandslags. (D)</p> <p>2. Við skipulagsgerð verði miðað að því að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags með því að beina vexti að byggðarkjörnum. (D)</p> <p>Þéttbýli</p>	<p>Að mestu leyti er samræmi.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Áhersla er lögð á sjálfbæra þróun byggðar, að styrkja núverandi byggðarkjarna og bæta tengingar milli þeirra. • Gert er ráð fyrir að ný íbúðarbyggð verði fyrst og fremst innan núverandi þéttbýla Dalvíkurbyggðar

	<p>3. Skipulag landnotkunar efla búsetu og samfélag í þéttbýli með langtímasýn um ráðstöfun lands og samþættri stefnu um byggðapróun í þéttbýli og dreifbýli. (Þ)</p> <p>4. Við skipulagsgerð verði skilgreindir meginkjarnar í hverjum landshluta og vinnusóknar- og þjónustusvæði þeirra. Uppbyggingu, þar á meðal samgangna, verði hagað þannig að hún sé til þess fallin að styrkja kjarnana sem sjálfbæra burðarása viðkomandi nærsamfélags. (Þ)</p> <p>5. Í skipulagi verði skýr skil milli þéttbýlis og dreifbýlis og vaxtarmörk þéttbýlisstaða skilgreind með það fyrir augum að efla viðkomandi þéttbýlisstað og standa um leið vörð um landbúnaðarland og önnur verðmæt landgæði. (Þ)</p> <p>6. Í skipulagi verði stuðlað að búsetufrelsi með sem jöfnustu aðgengi að grunnþjónustu, húsnæði og fjölbreyttum atvinnutækifærum. (Þ)</p> <p>7. Í skipulagi þéttbýlisstaða verði almennt haft að leiðarljósi að minnka ferðapörf með því að þetta byggð, blanda atvinnustarfsemi, verslun og þjónustu og tengja við íbúðarbyggð í þágu sjálfbærni daglegs lífs og aukinna lífsgæða. (Þ)</p> <p>8. Skipulag byggðar stuðli að sjálfbærri þróun þéttbýlisstaða með þéttri, samfelldri byggð, endurskipulagningu vannýttra svæða og eflingu nærsamfélags. (Þ)</p> <p>9. Skipulag byggðar og landnotkunar miði að því að draga úr loftslagsáhrifum samgangna, með áherslu á virkan ferðamáta og almenningsamgöngur. (Þ)</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Almenningsamgöngur ganga ekki innan þéttbýliskjarna Dalvíkurbyggðar en ganga þeirra á milli tvisvar á dag.
	<p>Áhersla B.3: Skipulag tryggir tækifæri fyrir ólíkra félagshópa til að hafa áhrif á ákvarðanir um nærumhverfi sitt.</p> <p>Dreifibýli</p> <p>1. Við skipulagsgerð verði möguleiki íbúa til að hafa áhrif á mótun nærumhverfis síns tryggður í öllu skipulagsferlinu; frá forsendugreiningu til tillögugerðar og kynningar endanlegra skipulagstillagna. (M, D, Þ, H)</p> <p>2. Beitt verði fjölbreyttum aðferðum við kynningu og samráð til að tryggja aðgengi að upplýsingum og möguleika ólíkra félagshópa til þátttöku. (M, D, Þ, H)</p> <p>3. Hugað verði að skýrri og góðri framsetningu skipulagsgagna sem auðvelda almenningi að kynna sér tillögur og tileinka sér efni þeirra. (M, D, Þ, H)</p> <p>Þéttbýli</p> <p>1. Við skipulagsgerð verði möguleiki íbúa til að hafa áhrif á mótun nærumhverfis síns tryggður í öllu skipulagsferlinu; frá forsendugreiningu til tillögugerðar og kynningar endanlegra skipulagstillagna. (M, D, Þ, H)</p> <p>2. Beitt verði fjölbreyttum aðferðum við kynningu og samráð til að tryggja aðgengi að upplýsingum og möguleika ólíkra félagshópa til þátttöku. (M, D, Þ, H)</p> <p>3. Hugað verði að skýrri og góðri framsetningu skipulagsgagna sem auðvelda almenningi að kynna sér tillögur og tileinka sér efni þeirra. (M, D, Þ, H)</p>	<p>Gott samræmi.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Við upphaf vinnu við endurskoðun aðalskipulags var unnin stöðu- og forsendugreining þar sem farið var yfir áskoranir og tækifæri til endurskoðunar á aðalskipulagi. Í kjölfarið var haldinn íbúafundur til að ræða tækifærin og líkleg efnistöð nýs aðalskipulags. Sú vinna var hugsuð til að vekja áhuga íbúa snemma í ferlinu og fá fram hugmyndir á fyrstu stigum. • Að auki fylgir tillögugerðin kynningar- og samráðsferli í samræmi við skipulagslög.

<p>Áhersla B.6: Skipulag geri nauðsynlegar ráðstafanir til að stuðla að öryggi almennings gagnvart náttúruvá.</p> <p>Dreifbýli</p> <p>2. Í skipulagi í dreifbýli verði tekið tillit til þeirrar hættu sem stafar af náttúruvá, svo sem snjóflóðum, skriðuföllum, vatnsflóðum, eldgosum, jökulhlaupum og jarðskjálftum. Sérstaklega verði hugað að aukinni náttúruvá af völdum aukinnar eldvirkni og loftslagsbreytinga. (D)</p> <p>3. Í skipulagi verði hugað sérstaklega að hættu sem fylgir gróðureldum og hugað að flóttaleiðum og brunavörnum í frístundabyggð og á skógræktarsvæðum. (D)</p> <p>Þéttbýli</p> <p>4. Við skipulag byggðar í þéttbýli verði tekið tillit til þeirrar hættu sem stafar af náttúruvá, svo sem snjóflóðum, skriðuföllum, vatnsflóðum, eldgosum, jökulhlaupum og jarðskjálftum. Sérstaklega verði hugað að aukinni náttúruvá af völdum aukinnar eldvirkni og loftslagsbreytinga. (Þ)</p> <p>5. Skipulag byggist á bestu fáanlegum upplýsingum um náttúruvá. (Þ)</p>	<p>Gott samræmi.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar fjallar um náttúruvá almennt; snjóflóð, skriðuföll, flóð og loftslagsbreytingar, bæði í þéttbýli og dreifbýli. • Tekið á hættu vegna loftslagsbreytinga; flóð, aukin úrkoma, skriðuföll, snjóflóð. • Öryggi almennings birtist í áherslu á að forðast hættusvæði, bæta fráveitu og huga að sjávarstöðu. • Tekið er á atriðum tengdum gróðureldum, flóttaleiðum og brunavörnum í frístundabyggð í aðalskipulaginu.
<p>Áhersla B.7: Skipulag feli í sér stefnu um yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja, skapi aðlaðandi og öruggt umhverfi og veiti möguleika til hreyfingar, endurnæringar og samskipta í nærumhverfi.</p> <p>Dreifbýli</p> <p>1. Við skipulag í dreifbýli verði stuðlað að gæðum hins byggða umhverfis og vandað til staðarvals, yfirbragðs og hönnunar mannvirkja. Tekið verði mið af staðareinkennum og staðbundnum gæðum sem felast í menningararfi, náttúru og landslagi. (D)</p> <p>2. Í skipulagi í dreifbýli verði gert ráð fyrir vönduðum útivistarsvæðum af mismunandi stærð og gerð sem henta fyrir hreyfingu, leik, samskipti og endurnæringu ólíkra aldurs- og getuhópa. (D)</p> <p>Þéttbýli</p> <p>3. Við skipulag byggðar og bæjarhönnun í þéttbýli verði stuðlað að gæðum í hinu byggða umhverfi og sett fram stefna og ákvæði um byggðamynstur og mælikvarða, og samspil byggðar, bæjarrýma og samgangna. (Þ)</p> <p>4. Við skipulag byggðar og bæjarhönnun verði tekið tillit til sögulegs samhengis í þróun byggðar og byggingararfurinn nýttur til að styrkja sérkenni og staðaranda. Yfirbragð og mælikvarði nýrrar byggðar falli að bæjarmynd viðkomandi staðar og sögulegri byggð. (Þ)</p> <p>5. Skipulag byggðar skapi góð skilyrði til búsetu og góða umgjörð um mannlíf á hverjum stað með vandaðri og viðeigandi hönnun byggðar og almenningsrýma. Við skipulagsgerð verði byggt á leiðbeiningunum Mannlíf, byggð og bæjarrými: leiðbeiningar um sjálfbært skipulag og vistvænar samgöngur í þéttbýli. (Þ)</p> <p>6. Í skipulagsáætlunum verði sett fram stefna og skipulagsákvæði um bæjarrými og bæjarhönnun sem tryggir gott framboð þjónustu ásamt fjölbreyttum og lífandi bæjarrýmum þar sem hugað er að</p>	<p>Í samræmi að mestu.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Áhersla á gæði byggðar, verndun menningararfs, útivistarsvæði, bæjarrými og græna innviði. • Stefnt er á öruggt, aðlaðandi og heilnæmt umhverfi með góðum tækifærum til útivistar og samgangna. Við skipulagsgerð er þó ekki byggt á leiðbeiningunum <i>Mannlíf, byggð og bæjarrými</i>.

	<p>heilnæmi og öryggi umhverfisins og góðum innbyrðis tengslum. Við útfærslu byggðar og bæjarrýma verði gætt að jafnræði, öryggi og aðgengi ólíkra félags- og getuhópa. (Þ)</p> <p>7. Í skipulagi verði gert ráð fyrir heildstæðu kerfi vandaðra almenningsrýma og útivistarsvæða af mismunandi stærð og gerð sem henta fyrir hreyfingu, leik, samskipti og endurnæringu ólíkra aldurs- og getuhópa. (Þ)</p> <p>8. Í skipulagi verði sett fram stefna og skipulagsákvæði um gróður og náttúru í hinu byggða umhverfi með það að markmiði að fegra og bæta umhverfi, skapa aðlaðandi og áhugaverða umgjörð um hreyfingu og útveru og einnig í þágu loftslagsmála með viðhaldi líffræðilegrar fjölbreytni og sjálfbærum ofanvatnslausnum. (Þ)</p>	
	<p>Áhersla B.8: Skipulag stuðli að auknum stöðugleika og jafnvægi á húsnæðismarkaði með uppbyggingu hagkvæms og vandaðs íbúðarhúsnæðis sem svari þörfum ólíkra félagshópa.</p> <p>Þéttbýli</p> <p>1. Í skipulagsáætlunum í þéttbýli verði mörkuð stefna um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis sem taki mið af fyrirsjáanlegum þörfum samfélagsins og lýðfræðilegum breytingum til framtíðar. (Þ)</p> <p>2. Stuðlað verði að fjölbreyttum húsnæðiskostum, svo sem hvað varðar húsagerðir og stærðir, og stefnt að því að innan hverrar byggðarheildar sé fjölbreytt og vel staðsett íbúðarhúsnæði. (Þ)</p> <p>3. Tryggt verði fjölbreytt, hagkvæmt og sveigjanlegt húsnæði sem mætir þörfum ólíkra aldurs- og félagshópa og stuðlar að félagslegri fjölbreytni. Í því samhengi verði hugað sérstaklega að framboði á húsnæði fyrir tekju- og eignalægri í samræmi við viðmið rammasamnings ríkis og sveitarfélaga um húsnæðisáætlanir. (Þ)</p> <p>4. Skipulag skapi umgjörð fyrir uppbyggingu vandaðs íbúðarhúsnæðis þar sem stuðlað er að gæðum húsnæðis, svo sem hvað varðar byggingarlist, birtu, hljóðvist og útirými. (Þ)</p>	<p>Í samræmi að mestu leyti.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Áhersla á húsnæði með tilliti til; breytinga á fjölskyldumynstri, fjölgun eldri borgara og aukna þörf fyrir minni íbúðir. Fjölgun íbúða verði innan núverandi byggðarkjarna með áherslu á fjölbreyttar lausnir fyrir ólíka hópa. • Blandað er saman mismunandi húsnæðistegundum, grænum svæðum og þjónustu.
	<p>Áhersla B.9: Skipulag leggi áherslu á að lágmarka kolefnisspor húsnæðisuppbyggingar og mannvirkjagerðar með betri endingu og bættri efnisnotkun.</p> <p>Dreifibýli</p> <p>1. Í skipulagi í dreifibýli verði, eftir því sem við á, mælt fyrir um efnisnotkun og nýtingu bygginga með tilliti til minnkaðs umhverfisálags og bættrar endingar. Skilgreindar verði umhverfiskröfur sem taki til líftíma mannvirkja. (D)</p> <p>Þéttbýli</p> <p>2. Í skipulagi í þéttbýli verði, eftir því sem við á, mælt fyrir um efnisnotkun og nýtingu bygginga með tilliti til minna umhverfisálags og betri endingar. Skilgreindar verði umhverfiskröfur sem taki til líftíma mannvirkja. (Þ)</p> <p>3. Í skipulagi skal stefnt að því að nýta innbyggt kolefni í þegar byggðu umhverfi, byggingum, vegum og öðrum innviðum. (Þ)</p>	<p>Samræmi að hluta.</p> <p>Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar setur fram skýra stefnu um sjálfbærni, loftslagsmál, kolefnisbindingu og vistvæna þróun en fjallar að litlu leyti beint um efnisnotkun, endingareiginleika eða líftíma mannvirkja, né heldur um endurnýtingu byggingarefna eða nýtingu innbyggðs kolefnis í núverandi byggðum.</p>

Áhersla B.10: Skipulag geri viðeigandi ráðstafanir varðandi heilnæmi umhverfis.

Dreifbýli

1. Við skipulagsgerð verði heilnæmt umhverfi í dreifbýli tryggt með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsmeðhöndlun, hljóðvist og loftgæði. (D)
2. Skipulag dreifbýlis geri ráð fyrir innviðum fyrir söfnun og meðhöndlun úrgangs við lögbýli, frístundabyggð og ferðamannastaði í dreifbýli. Tekið verði mið af svæðisáætlun sveitarfélags um meðhöndlun úrgangs. (D)

Þéttbýli

3. Við skipulagsgerð verði heilnæmt umhverfi í þéttbýli tryggt með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd og fráveitu. (Þ)
4. Skipulagsgerð miði að því að tryggja loftgæði og góða hljóðvist, m.a. með útfærslu byggðar og almenningsrýma sem dregur úr ferðapörf og hvetur til virks ferðamáta. Horfa skal til aðgerðaáætlunar stjórnvalda um loftgæði sem og fyrirliggjandi upplýsinga um loftgæði og hljóðvist. Leita skal leiða til að bæta loftgæði og hljóðvist þar sem þeim er ábótavant. (Þ)
5. Í skipulagi verði tekið tillit til svæðisáætlana um meðhöndlun úrgangs og viðeigandi uppbyggingu innviða, þ.m.t. flokkunarstöðva í nærumhverfi. (Þ)
6. Skipulag verði samþætt stefnu sveitarfélags í svæðisáætlun um lágmörkun úrgangs, úrgangsforvarnir og aukna endurvinnslu og endurnýtingu, með það að markmiði að efla hringrásarhagkerfið. (Þ)

Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, fráveitu, úrgangsmeðhöndlun og loftgæði. Þá er gert ráð fyrir innviðum fyrir söfnun og meðhöndlun úrgangs við lögbýli, frístundabyggð og ferðamannastaði í dreifbýli.

C) Markmið um atvinnulíf og efnahag.

<p>-Atvinnulíf og efnahagur- Hér er öflugt og sveigjanlegt atvinnulíf</p> <p><i>Fjölbreytt atvinnulíf þar</i> Meginstefna sveitarfélagsins varðandi atvinnulíf og efnahag er að stuðla að fjölbreyttu atvinnulífi og sjálfbærri þróun.</p> <p>Stutt verði við rótgróna starfsemi og skapað verði grundvöll fyrir nýsköpun.</p>	<p>Áhersla C.1: Skipulag feli í sér stefnu um bindingu kolefnis með kolefnishlutleysi að leiðarljósi.</p> <p>Dreifbýli 1. Í skipulagi dreifbýlis verði mörkuð stefna um landnotkun sem dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda og eykur bindingu kolefnis, svo sem skógrækt, endurheimt votlendis og jarðvegs. 2. Í skipulagi verði hugað að tækifærum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og binda kolefni og mögulegt umfang bindingar. Þar verði forgangsraðað svæðum þar sem unnt er að binda kolefni á hagkvæman hátt, umhverfisáhrif eru ásættanleg og ekki dregur úr líffræðilegri fjölbreytni þeirra. Jafnframt verði hugað að nýjum leiðum til að binda kolefni, svo sem í berggrunni. 3. Við val á svæðum til bindingar kolefnis verði m.a. tekið mið af landnotkun, náttúrugæðum, líffræðilegri fjölbreytni, menningarminjum og náttúruvá. 4. Við skipulag verði metin þörf á verndun ákveðinna vistgerða og jarðvegs til að stuðla að bindingu kolefnis.</p> <p>Þéttbýli 5. Í skipulagi í þéttbýli verði sett stefna um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis innan þéttbýlismarkna, svo sem hvað varðar verndun votlendis, skógrækt og bindingu kolefnis í berggrunni. 6. Í stefnumörkun verði litið til áhrifa bindingar á landnotkun, náttúrufar, landslag og byggðamynstur.</p>	<p>Í samræmi.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Í skipulagi dreifbýlis og þéttbýlis verði mörkuð stefna um landnotkun sem dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda og eykur bindingu kolefnis, svo sem skógrækt, endurheimt votlendis og jarðvegs.
	<p>Áhersla C.6: Skipulag stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar með áherslu á eftirsóknarvert umhverfi og sjálfbæra nýtingu lands.</p> <p>Dreifbýli 1. Við skipulagsgerð verði hugað að leiðum til að auka fjölbreytni atvinnulífs með tilliti til sjálfbærrar nýtingar lands, styrkleika svæða og þols gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum. (D) 2. Við skipulag atvinnusvæða verði litið til þess hvernig þau geti jafnað tækifæri til atvinnu, stuðlað að sjálfbærri þróun og stutt við byggðapróun. (D)</p> <p>Þéttbýli 3. Við skipulagsgerð verði hugað að leiðum til að auka fjölbreytni atvinnulífs með tilliti til styrkleika svæða, sjálfbærrar nýtingar lands og þols gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum. (Þ) 4. Í skipulagi verði mörkuð stefna um uppbyggingu atvinnuhúsnæðis sem tekur mið af fyrirsjáanlegum þörfum samfélagsins og þróun til framtíðar. (Þ) 5. Í skipulagi atvinnusvæða verði tekið mið af því hvernig þau geti nýtt eða styrkt núverandi innviði til að mæta þörfum atvinnulífs og heimila. (Þ) 6. Í skipulagi atvinnusvæða verði mótuð umgjörð sem stuðlar að því að umhverfi hafi aðdráttarafl og mótaðar áherslur sem atvinnustarfsemi fylgir til að viðhalda því. (Þ)</p>	<p>Í samræmi.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Atvinnulíf er byggt á sjávarútvegi, landbúnaði, ferðaþjónustu og nýsköpun. • Stefnt er að fjölbreyttara atvinnulífi, m.a. störfum án staðsetningar, og aukinni sjálfbærni
	<p>Áhersla C.7: Skipulag um uppbyggingu ferðaþjónustu gæti að varðveislu þeirra gæða sem hún byggist á.</p>	<p>Í samræmi.</p>

<p>Dreifbýli</p> <p>3. Við skipulagsgerð í dreifbýli verði leitast við að greina sérstöðu, styrkleika og staðaranda svæðis með tilliti til tækifæra í ferðapjónustu. (D)</p> <p>4. Í skipulagi verði hugað að varðveislu landslags, bæði náttúrulegs og manngerðs, sem aðráttarafl fyrir ferðamenn. (D)</p> <p>5. Skipulagsákvæðanir um ferðapjónustu og ferðamannastaði byggist á gögnum um þolmörk náttúru, innviða, ferðamanna, samfélags og efnahags. (D)</p> <p>6. Uppbygging ferðapjónustu miði að því að nýtast jafnt íbúum á svæðinu og ferðamönnum. (D, Þ)</p> <p>7. Skipulagsákvæðanir um uppbyggingu ferðapjónustu og ferðamannastaða taki mið af áfangastaðaáætlunum landshlutanna. (D, Þ, H)</p> <p>Þéttbýli</p> <p>6. Uppbygging ferðapjónustu miði að því að nýtast jafnt íbúum á svæðinu og ferðamönnum. (D, Þ)</p> <p>7. Skipulagsákvæðanir um uppbyggingu ferðapjónustu og ferðamannastaða taki mið af áfangastaðaáætlunum landshlutanna. (D, Þ, H)</p> <p>8. Við skipulagsgerð í þéttbýli verði leitast við að greina sérstöðu, styrkleika og staðaranda svæða með tilliti til tækifæra í ferðapjónustu. (Þ)</p> <p>9. Í skipulagi verði hugað að landslagi og yfirbragði og gæðum byggðar sem aðráttarafl fyrir ferðamenn. (Þ)</p> <p>10. Skipulagsákvæðanir um uppbyggingu ferðapjónustu og ferðamannastaða byggist eins og kostur er á gögnum um þolmörk innviða, ferðamanna, samfélags og efnahags. Sérstaklega sé hugað að áhrifum ferðamennsku á húsnæðismarkað og þjónustuframboð. (Þ)</p>	<p>Áhersla C.8: Skipulag stuðli að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands í sátt við umhverfið og stuðli að auknu fæðuöryggi þjóðarinnar.</p> <p>Dreifbýli</p> <p>1. Við skipulagsgerð í dreifbýli verði landi sem hentar vel til ræktunar matvæla almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti, svo sem til skógræktar. (D)</p> <p>2. Skipulagsákvæðanir um ráðstöfun lands til landbúnaðar og annarrar nýtingar byggist á flokkun landbúnaðarlands með tilliti til ræktunarskilyrða, auk landslagsgreiningar og vistgerðaflokkunar. (D)</p> <p>3. Ákvæðanir um uppskiptingu lands byggist á skipulagsáætlunum. (D)</p> <p>4. Stefna í skipulagsáætlunum um ræktun stuðli að framleiðslu afurða með lítið kolefnisspor. (D)</p> <p>5. Í skipulagi dreifbýlis verði stutt við fjölbreytta nýtingu landbúnaðarlands, svo sem í tengslum við nýsköpun og ferðapjónustu. (D)</p> <p>Þéttbýli</p> <p>6. Við skipulagsgerð í þéttbýli verði vaxtarmörk þess skilgreind, m.a. með það fyrir augum að standa vörð um verðmætt landbúnaðarland. (Þ)</p> <p>7. Í skipulagi verði hugað að tækifærum til aukinnar ræktunar matvæla í þéttbýli. (Þ)</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Í aðalskipulaginu er horft til þess að styrkja ferðapjónustu á svæðinu með áherslu á sérstöðu, sögu og staðaranda sveitarfélagsins. • Leitað er eftir því að uppbygging í ferðapjónustu miði að því að nýtast jafnt íbúum og ferðamönnum.
	<p>Dreifbýli</p> <p>1. Við skipulagsgerð í dreifbýli verði landi sem hentar vel til ræktunar matvæla almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti, svo sem til skógræktar. (D)</p> <p>2. Skipulagsákvæðanir um ráðstöfun lands til landbúnaðar og annarrar nýtingar byggist á flokkun landbúnaðarlands með tilliti til ræktunarskilyrða, auk landslagsgreiningar og vistgerðaflokkunar. (D)</p> <p>3. Ákvæðanir um uppskiptingu lands byggist á skipulagsáætlunum. (D)</p> <p>4. Stefna í skipulagsáætlunum um ræktun stuðli að framleiðslu afurða með lítið kolefnisspor. (D)</p> <p>5. Í skipulagi dreifbýlis verði stutt við fjölbreytta nýtingu landbúnaðarlands, svo sem í tengslum við nýsköpun og ferðapjónustu. (D)</p> <p>Þéttbýli</p> <p>6. Við skipulagsgerð í þéttbýli verði vaxtarmörk þess skilgreind, m.a. með það fyrir augum að standa vörð um verðmætt landbúnaðarland. (Þ)</p> <p>7. Í skipulagi verði hugað að tækifærum til aukinnar ræktunar matvæla í þéttbýli. (Þ)</p>	<p>Í samræmi.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Settir eru skilmálar um að gera skuli grein fyrir flokkun landbúnaðarlands ef til stendur að breyta notkun og hvort um sé að ræða ráðstöfun með óafturkræfum hætti. • Þá er reynt að sporna gegn hnignun góðs ræktunarlands auk þess að opið er fyrir nýjum tækifærum til aukinnar ræktunar matvæla.

	<p>Áherslur C.9: Skipulag miði að því að auka alþjóðlega samkeppnishæfni landsins um fólk og fyrirtæki með sterkum aðlaðandi borgarsvæðum.</p> <p>Þéttbýli</p> <p>1. Í skipulagi höfuðborgarsvæðisins og svæðisborgarinnar Akureyrar verði lögð áhersla á þætti sem eru líklegir til að styrkja alþjóðlega samkeppnishæfni svæðis með því að nýta styrkleika og sérstöðu þess, svo sem hvað varðar aðgengi að mannauði, endurnýjanlegri orku, auðlindum, grunnneti samgangna (alþjóðlegar gáttir), stöðugleika, stjórnsýslu og þjónustu. (Þ)</p> <p>2. Í skipulagi höfuðborgarsvæðisins og svæðisborgarinnar Akureyrar verði horft til sérkenna og gæða hins byggða umhverfis og öflugra innviða með það að markmiði að tækifæri, lífskjör og búsetuskilyrði séu sambærileg nálægum borgarsvæðum. (Þ)</p> <p>3. Í skipulagi höfuðborgarsvæðisins og svæðisborgarinnar Akureyrar verði litið til samanburðar við sambærileg borgarsvæði og sá samanburður nýttur til að móta áherslur í skipulagi og innviðafjárfestingum. (Þ)</p> <p>4. Í skipulagi í þéttbýli verði lögð áhersla á sjálfbærni borgarsvæða, sem verði eftirsótt til búsetu og atvinnu og skapi umgjörð fyrir efnahagslega drifkrafta og nýsköpun. (Þ)</p>	<p>Að mestu leyti samræmi. Kröfur eiga sumu leyti ekki við um Dalvíkurbyggð.</p> <ul style="list-style-type: none"> Sveitarfélagið leggur áherslu á fjölbreytt atvinnulíf, nýtingu endurnýjanlegrar orku, náttúruauðlinda og góðar samgöngur. Sérstaða er tengd fiskvinnslu, landbúnaði, ferðaþjónustu og nýsköpun Áhersla á öfluga þjónustu, menntun, tólmstundir og trausta innviði sem skapa eftirsóknarvert samfélag Engin kerfisbundinn samanburður við önnur borgarsvæði.
<p>D) Markmið um öflugt grunnkerfi</p>		
<p>-Samgöngur og veitur-Dalvíkurbyggð hefur trausta innviði sem stuðla að auknum lífsgæðum íbúa og öflugu atvinnulífi</p> <p>Meginstefnur sveitarfélagsins varðandi samgöngur og veitur er að veita íbúum og atvinnulífi sveitarfélagsins þá grunnþjónustu sem þörf er á. Að íbúar geti stólað á skilvirkt og traust grunnkerfi.</p>	<p>Áhersla A.2: Skipulag feli í sér stefnu og skipulagsákvæði um innviði fyrir loftslagsvænar samgöngur, með áherslu á vistvænan ferðamáta og orkuskipti í samgöngum.</p> <p>Dreifibýli</p> <p>3. Í skipulagi í dreifibýli verði, eftir því sem kostur er, skilyrði fyrir samtengdu kerfi samgangna, með áherslu á virkan ferðamáta og almenningssamgöngur. (D)</p> <p>4. Við skipulagsgerð verði gert ráð fyrir innviðum fyrir orkuskipti, svo sem hleðslustöðvum, sem styðja við orkuskipti í samgöngum á landi, í íbúðarhverfum, á atvinnusvæðum, við hafnir, stofnvegi, á sjó og í lofti. (D, Þ)</p> <p>Þéttbýli</p> <p>4. Við skipulagsgerð verði gert ráð fyrir innviðum fyrir orkuskipti, svo sem hleðslustöðvum, sem styðja við orkuskipti í samgöngum á landi, í íbúðarhverfum, á atvinnusvæðum, við hafnir, stofnvegi, á sjó og í lofti. (D, Þ)</p> <p>5. Í skipulagi í þéttbýli verði hugað að innviðum fyrir loftslagsvænar samgöngur, með áherslu á virkan ferðamáta og almenningssamgöngur. (Þ)</p> <p>6. Við skipulagsgerð verði sett fram stefna og skipulagsákvæði um gatnakerfi og hönnun og útfærslu göturýma sem taki mið af fjölþættu hlutverki gatna sem umferðarleidda og bæjarrýma. (Þ)</p> <p>7. Skipulag og útfærsla gatnakerfis og göturýma innan byggðarheilda taki mið af leiðbeiningunum Mannlíf, byggð og bæjarrými: leiðbeiningar um sjálfbært skipulag og vistvænar samgöngur í þéttbýli. (Þ)</p>	<p>Hluta til í samræmi.</p> <ul style="list-style-type: none"> Göngu-,hjóla-, og reiðstígar hluti af samgöngukerfinu Ekki er gert ráð fyrir rekstri almenningssamgangna Skipulag á útfærslu gatnakerfis og göturýma innan byggðarheilda var ekki þó ekki byggt á leiðbeiningunum <i>Mannlíf, byggð og bæjarrými</i>.
	<p>Áhersla A.6: Skipulagsgerð vegna orkunýtingar gæti að náttúruvernd.</p>	<p>Í góðu samræmi.</p>

	<p>Dreifbýli</p> <p>2. Skipulag gefi kost á að nýta orkuauðlindir í dreifbýli með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi. Mannvirki vegna orkuvinnslu falli sem best að landslagi og annarri landnotkun. (D)</p> <p>3. Við greiningu á valkostum vegna nýrrar orkuvinnslu verði leitast við að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúru, landslag, menningarminjar og víðerni. (D)</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Sjálfbærni er í fyrirrúmi með ábyrgri nýtingu auðlinda og sjálfbærni í orkumálum sem leggur traustan grunn að frekari vexti. • Kanna möguleika á sjálfbærri orkuöflun, t.d. jarðhita og minni vatnsaflsvirkjunum.
	<p>Áhersla B.4: Skipulag greiði fyrir skilvirkum samgöngum þar sem jafnvægi milli ólíkra ferðamáta verði haft að leiðarljósi.</p> <p>Dreifbýli</p> <p>7. Skipulag landnotkunar í dreifbýli feli í sér samþætta stefnu um byggðapróun með áherslu á greiðar, öruggar og vistvænar samgöngur og fjölbreyttan ferðamáta. Við skipulag byggðar og samgangna verði miðað við að sem flestir íbúar komist til næsta meginkjarna á innan við einni klukkustund. Skipulag feli einnig í sér stefnu um almenningssamgöngur. Jafnframt verði mótuð stefna um tengingar milli helstu meginkjarna í samræmi við samgönguáætlun. (D)</p> <p>8. Sveitarfélög geri grein fyrir og marki stefnu um aðra vegi en þjóðvegi í aðalskipulagi í samræmi við lög um náttúruvernd. (D)</p> <p>9. Sveitarfélög nýti skipulagsgerð til þess að skilgreina meginleiðir ferðamanna, gangandi, riðandi og hjólandi. (D)</p> <p>Þéttbýli</p> <p>10. Skipulagsgerð í þéttbýli stuðli að greiðum samgöngum innan skilgreindra vinnusóknar- og þjónustusvæða, með styrkingu byggðar að leiðarljósi. (Þ)</p> <p>11. Sveitarfélög marki í skipulagi samþætta stefnu um byggð og samgöngur. Áhersla verði lögð á göngu- og hjólavænt umhverfi og að tvinna saman almenningssamgöngur og byggðaskipulag. (Þ)</p> <p>12. Gatnaskipulag og gatnahönnun miði að því að skapa bæjarrými og umferðarrými fyrir akandi, hjólandi og gangandi vegfarendur. Við skipulagsgerð verði byggt á leiðbeiningunum Mannlíf, byggð og bæjarrými: leiðbeiningar um sjálfbært skipulag og vistvænar samgöngur í þéttbýli. (Þ)</p>	<p>Hluta til í samræmi.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Greiðar samgöngur innan byggðakjarna ásamt hjólastígum milli byggðakjarna. • Göngu-, hjóla-, og reiðstígar hluti af vistvæna samgöngukerfinu. • Sérstök áhersla á bætt hjólanet. • Skipulag á göturýmum var þó ekki byggt á leiðbeiningunum <i>Mannlíf, byggð og bæjarrými</i>.
	<p>Áhersla B.5: Skipulag stuðli að jöfnu aðgengi að orku um land allt og traustum veituinnviðum sem tryggja örugga afhendingu orku.</p> <p>Dreifbýli</p> <p>4. Skipulagsákvæðanir um fjarskiptamannvirki í dreifbýli geri kleift að byggja upp traust fjarskiptakerfi en taki jafnframt tillit til áhrifa á náttúru og landslag. (D)</p> <p>5. Skipulagsákvæðanir um raforkuflutningsmannvirki geri kleift að tryggja öruggan flutning og afhendingu raforku, um leið og tekið er tillit til áhrifa á náttúru og landslag. Við skipulagsákvæðanir um lagningu raflína verði lagt mat á umhverfisáhrif, þar á meðal sjónræn áhrif, og leitast við að velja þann kost sem veldur minnstum neikvæðum umhverfisáhrifum. (D)</p>	<p>Í samræmi.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Fjarskiptamannvirki eru sem víðast og því eru litlar takmarkanir á því hvar mannvirki fyrir fjarskipti eru staðsett, lögð áhersla á að þau falli að umhverfi fylgi gjarnan öðrum framkvæmdum eða þegar röskuðum svæðum.

	<p>6. Í skipulagi verði gerð grein fyrir aðgengi íbúa og atvinnustarfsemi í dreifbýli að neysluvatni og skýrt hvernig fráveitu er háttáð. Tryggja skal að veitulausnir uppfylli gæðakröfur. (D)</p> <p>Þéttbýli</p> <p>7. Skipulagsáskvarðanir um fjarskiptamannvirki í þéttbýli geri kleift að byggja upp traust fjarskiptakerfi, en taki jafnframt tillit til umhverfisáhrifa. (Þ)</p> <p>8. Skipulagsáskvarðanir um raforkuflutningsmannvirki geri kleift að tryggja örugga afhendingu raforku, um leið og tekið er tillit til áhrifa á landslag og aðra landnotkun. (Þ)</p> <p>9. Í skipulagi skal gera grein fyrir því hvernig vatnsveita uppfyllir þarfir íbúa og atvinnulífs með sjálfbæra nýtingu vatnsauðlindarinnar að leiðarljósi. (Þ)</p> <p>10. Við skipulagsgerð verði tryggt að fráveita anni þörfum íbúa og atvinnulífs þannig að viðmið um gæði viðtaka séu uppfyllt. Blágrænar ofanvatnslausnir skulu nýttar eins og kostur er til að lágmarka álag á fráveitu. (Þ)</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Gert ráð fyrir stofnkerfi vatnsveitu, flutningslagnir að jafnaði neðanjarðar, vatnsverndarsvæði skilgreind • Vatnsverndarsvæði skilgreind, lögð áhersla á gæði vatns og fráveitur samkvæmt reglugerðum
	<p>Áhersla C.2: Skipulag stuðli að orkuskiptum og að orkuauðlindir verði nýttar með sjálfbærum hætti, með það að leiðarljósi að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og tryggja orkuöryggi.</p> <p>Dreifbýli</p> <p>3. Skipulag gefi kost á að nýta orkuauðlindir í dreifbýli með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi. Mannvirki vegna orkuvinnslu falli sem best að landslagi og annarri landnotkun. (D)</p> <p>5. Við skipulagsgerð verði tekin afstaða til möguleika á orkuframleiðslu með vatnsafli, jarðvarma og vindorku í sátt við náttúru og samfélag. (D, Þ)</p> <p>6. Við greiningu á valkostum vegna nýrrar orkuvinnslu verði leitast við að velja þá kosti sem hægt er að nýta sem fyrst, eru hagkvæmir og valda sem minnstum neikvæðum umhverfisáhrifum. (D, Þ)</p> <p>7. Settir verði fram skilmálar í skipulagi til að koma í veg fyrir, minnka eða bæta fyrir áhrif á náttúru, landslag, víðerni, vatnsvernd og aðra nýtingu. (D, Þ)</p> <p>Þéttbýli</p> <p>4. Skipulag gefi eftir atvikum kost á að nýta orkuauðlindir í þéttbýli með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi. Hugað sé að áhrifum nýtingar á aðliggjandi byggð, svo sem vegna sjónrænna áhrifa, áhrifa á hljóðvist og loftgæði. Mannvirki vegna orkuvinnslu falli sem best að landslagi og annarri landnotkun. (Þ)</p> <p>5. Við skipulagsgerð verði tekin afstaða til möguleika á orkuframleiðslu með vatnsafli, jarðvarma og vindorku í sátt við náttúru og samfélag. (D, Þ)</p> <p>6. Við greiningu á valkostum vegna nýrrar orkuvinnslu verði leitast við að velja þá kosti sem hægt er að nýta sem fyrst, eru hagkvæmir og valda sem minnstum neikvæðum umhverfisáhrifum. (D, Þ)</p> <p>7. Settir verði fram skilmálar í skipulagi til að koma í veg fyrir, minnka eða bæta fyrir áhrif á náttúru, landslag, víðerni, vatnsvernd og aðra nýtingu. (D, Þ)</p>	<p>Í samræmi.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Skipulagið leggur áherslu á sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda og samræmt skipulag byggt á vistkerfum. • Mannvirki á að falla að landslagi.
	<p>Áhersla C.3: Skipulag feli í sér stefnu um nýtingu vindorku í sátt við umhverfi og samfélag.</p>	<p>Takmarkað samræmi.</p>

	<p>Dreifbýli</p> <p>1. Skipulag og önnur áætlanagerð um landnotkun í dreifbýli skapi forsendur fyrir nýtingu vindorku eftir því sem aðstæður leyfa, í sátt við umhverfi og samfélag, þannig að staðinn verði vörður um sérstætt landslag og lífríki og tekið tillit til grenndarhagsmuna og annarrar landnotkunar. (D)</p> <p>2. Við skipulagsgerð fyrir vindorkuver verði lögð áhersla á að þau byggist upp á afmörkuðum svæðum nærri tengivirkjum og flutningslínunum þar sem unnt verður að tryggja afhendingaröryggi og halda umhverfisáhrifum í lágmarki. (D)</p> <p>3. Við staðarval og ákvörðun um útfærslu vindorkuvera varðandi fjölda, stærð og niðurröðun vindmylla verði leitast við að lágmarka áhrif á landslag. Tekið verði mið af einkennum landslags, svo sem ráðandi línunum, landformum og hlutföllum í landslagi svæðis. (D)</p> <p>4. Við staðarval vindorkukosta, skipulagsákvæðanir, umhverfismat og leyfisveitingar verði tekið mið af stefnu stjórnvalda um nýtingu vindorku og þeim viðmiðum sem sett verða um staðsetningu, fjölda og stærð vindorkuvera og um áhrif á umhverfi og samfélag, ekki síst landslag, nærsamfélag, mikilvæg fuglasvæði og farleiðir fugla. (D)</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar tekur ekki sérstaklega fyrir stefnu um vindorku, hvorki með skilgreindum vindorkusvæðum né með almennum stefnuákvæðum um nýtingu vindorku í sveitarfélaginu. • Sveitarfélagið hefur víðfeðmt dreifbýli, mikið undirlendi og tengingar við flutningskerfi raforku (66 kV Dalvíkurlína), þannig að tæknilegar forsendur vindorku eru til staðar. Skipulagið útilokar ekki vindorku.
	<p>Áhersla C.4: Skipulag stuðli að sjálfbærri nýtingu vatns.</p> <p>Dreifbýli</p> <p>2. Í skipulagi í dreifbýli verði stefnt að því að koma í veg fyrir rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnshlota sem eru undir álagi. (D)</p> <p>3. Við skipulagsákvæðanir verði sérstaklega litið til mögulegs álags á vatnshlot vegna uppbyggingar mannvirkja, iðnaðar og landbúnaðar, sér í lagi þegar um er að ræða stórnotendur sem nýta mikið af vatni. (D)</p> <p>4. Skipulag í dreifbýli sé í samræmi við gildandi vatnaáætlun og þekkingu á stöðu vatnshlota. (D)</p> <p>Þéttbýli</p> <p>5. Í skipulagi í þéttbýli verði stefnt að því að koma í veg fyrir rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnshlota sem eru undir álagi, m.a. vegna fráveitu. (Þ)</p> <p>6. Skipulag vatnstöku þéttbýlisstaða taki mið af sjálfbærri nýtingu auðlindarinnar. (Þ)</p> <p>7. Við skipulag byggðar verði leitast við að lágmarka álag á vatnshlot með sjálfbærum ofanvatnslausnum með það að markmiði að viðhalda náttúrulegri hringrás vatns. (Þ)</p> <p>8. Skipulag í þéttbýli taki mið af gildandi vatnaáætlun og þekkingu á stöðu vatnshlota. (Þ)</p>	<p>Í samræmi.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Vernd vatnsbóla og vatnsverndarsvæði, sjálfbær nýting vatnsauðlinda, fráveitulausnir. • Leysa afrennsli regnvatns ofanjarðar eins og hægt er til að lágmarka álag á fráveitukerfi.

5.7.2.1. Í samræmi við landsskipulagsstefnu

5.7.2.1.1. Vernd umhverfis og náttúru

Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar fellur almennt vel að markmiðum landsskipulagsstefnu um vernd náttúru, vistkerfa og líffræðilegrar fjölbreytni. Í skipulaginu er lögð áhersla á að vernda kolefnisríkan jarðveg,

endurheimta votlendi, stuðla að skógrækt og uppgræðslu og draga úr hnignun vistkerfa. Áherslur um að byggja ákvarðanir á mati á ástandi lands, jarðvegi, vistgerðum og kolefnisbirgðum eru að mestu uppfylltar og teknar til greina í afmörkun

byggðar og landnotkunar í bæði dreifbýli og þéttbýli.

Skipulagið styður einnig við vernd náttúru, menningarminja og landslags. Þar eru sett ákvæði fyrir óbyggð svæði, landbúnaðarland og opin svæði sem tryggja að víðerni, jarðmyndanir, viðkvæm

vistkerfi, bakkagróður, vatnafarskerfi og menningarlandslag séu varðveitt. Þá er lögð áhersla á að hönnun mannvirkja falli vel að landformum og staðaranda.

5.7.2.1.2. Byggð og samfélag

Stefna aðalskipulagsins um öflugt og sjálfbært samfélag er í góðu samræmi við landsskipulagsstefnu. Við skipulagsgerð er greint frá áhættu vegna loftslagsbreytinga í bæði dreifbýli og þéttbýli, og tekið mið af hættu vegna flóða, sjávarstöðu, óveðra og skriðufalla. Skipulagið styður við samþætta uppbyggingu byggðar og samgangna, leggur áherslu á þéttingu byggðar innan núverandi þéttbýlis og stuðlar að fjölbreyttum búsetukostum og húsnæðismöguleikum.

Aðalskipulagið tryggir jafnframt aðkomu íbúa með stöðu- og forsendugreiningu, íbúafundi og formlegu kynningarferli.

Litið er til öryggis almennings gagnvart náttúruvá, með áherslu á að forðast hættusvæði, tryggja fráveitu og huga að brunavörnum og flóttaleiðum, meðal annars í fristundabyggð.

Einnig er stuðlað að gæðum byggðar og umhverfis með áherslu á útivistarsvæði, græna innviði, fjölbreytt bæjarrými og menningararf byggðar. Skipulagið tekur mið af þörfum ólíkra félagshópa og leitast við að skapa heilnæmt, öruggt og aðlaðandi nærumhverfi.

5.7.2.1.3. Atvinnulíf og efnahagur

Aðalskipulagið styður við sjálfbæra þróun atvinnulífs og er í samræmi við landsskipulagsstefnu. Lögð er áhersla á kolefnisbindingu, endurheimt vistkerfa og

sjálfbæra landnotkun. Jafnframt er stefnt að fjölbreyttu atvinnulífi sem byggir á styrkleikum sveitarfélagsins, meðal annars sjávarútvegi, landbúnaði, ferðaþjónustu og nýsköpun, auk áherslu á störf án staðsetningar.

Ferðaþjónustustefna er einnig í góðu samræmi: greining á sérstöðu og staðaranda, vernd landslags og uppbygging sem nýtist jafnt íbúum og ferðamönnum.

Landbúnaðarland er verndað og tekið mið af flokkun ræktunarlands áður en til ráðstöfunar kemur.

5.7.2.1.4. Samgöngur og veitur

Skipulagið uppfyllir vel markmið um sjálfbæra nýtingu vatnsauðlinda, vatnsvernd, fráveitu og gæði veituvinnviða. Lögð er áhersla á sjálfbæra nýtingu orkuauðlinda, umhverfissvæna orkuvinnslu og að mannvirki falli að landslagi. Skipulagið tekur mið af vatnaáætlun, álagi á vatnshlot og sjálfbærri vatnstöku.

5.7.2.2. Ekki í samræmi / aðeins að hluta til / að vissu marki

5.7.2.2.1. Vernd umhverfis og náttúru

Þótt aðalskipulagið hafi almenna stefnu um loftslagsmál eru ekki sett mælanleg markmið um losun, bindingu eða árangur loftslagsaðgerða. Landsskipulagsstefna kveður skýrt á um að slík markmið eigi að vera hluti aðalskipulags. Sveitarfélagið er hins vegar í vinnu við markmiðasetningu í samstarfi við SSNE, en það er utan aðalskipulagsheildarinnar.

5.7.2.2.2. Byggð og samfélag

Aðalskipulagið tekur ekki sérstaklega mið af leiðbeiningunum *Mannlíf, byggð og bæjarrými* í þeim mæli sem landsskipulagsstefna gerir ráð fyrir, hvorki í umhverfismati né í hönnun byggðar og gatnakerfis. Er það sérstaklega áberandi í kafla um hönnun göturýma og vistvæna samgönguinnviði.

Varðandi samgöngur er tekið fram að engin almenningsamgöngukerfi eru rekin innan þéttbýlis, þótt þau gangi milli byggðarkjarna tvisvar á dag. Þetta fellur aðeins að hluta til að markmiðum landsskipulagsstefnu um virka og sjálfbæra ferðamáta.

Í kafla um húsnæðisuppbyggingu vantar skýrari tengingu við hagkvæmni, efnisnotkun og líftíma mannvirkja, sem landsskipulagsstefna kveður á um. Þá er ekki fjallað nægilega um endurnýtingu byggingarefna eða nýtingu innbyggðs kolefnis.

5.7.2.2.3. C. Atvinnulíf og efnahagur

Í kafla um vindorku er takmarkað samræmi. Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar setur ekki fram stefnu, skilgreind vindorkusvæði eða viðmið um staðsetningu, stærð og fjölda vindmylla. Þar sem tækifæri eru til staðar hefði þurft skýrari stefnu í samræmi við kröfur landsskipulagsstefnu.

Varðandi alþjóðlega samkeppnishæfni kemur fram að nokkur markmið eiga ekki beint við um Dalvíkurbyggð, m.a. vegna þess að sveitarfélagið er ekki hluti af svæðisborgarhlutverki Akureyrar.

5.7.2.2.4. Samgöngur og veitur

Skipulagið uppfyllir aðeins að hluta markmið um vistvænar samgöngur. Vantar samþætta stefnu um

almenningsamgöngur og notkun leiðbeininganna
Mannlíf, byggð og bæjarrými við hönnun gatnakerfis
 og göturýma.

5.7.3. Aðrar stefnur og áætlanir á landsvísu

Áætlun	Markmið og áherslur áætlana	Samræmi
Aðgerðaáætlun í landgræðslu og skógrækt 2022-2026	Aðgerðaáætlunin 2022–2026 setur fram markmið um vernd, endurheimt og sjálfbæra nýtingu vistkerfa. Lögð er áhersla á að vernda skógarleifar og náttúruskóga, endurheimta votlendi og hnignað land, og efla skógrækt til að styðja við kolefnisbindingu og líffræðilega fjölbreytni. Gæðaviðmið eru sett fyrir val á landi og tegundanotkun í skógrækt, auk þess sem beitarstjórnun og aðlögun skóga að loftslagsbreytingum eru lykilatriði. Sveitarfélög, landeigendur og almenningur eru mikilvægir samstarfsaðilar í framkvæmd, og fræðsla og þátttaka almennings á að auka skilning og stuðning. Stefnt er að fjölgun endurheimtarsvæða og aukinni ræktun skóga með vistvænum lausnum.	Gott samræmi. Í skipulagsvinnunni er lögð áhersla á verndun náttúrufars og sjálfbæra nýtingu lands, þar sem gróðurvernd, endurheimt vistkerfa og skógrækt eru talin lykilaðgerðir til að bregðast við loftslagsvá, jarðvegsrofi og gróðureyðingu. Þar er einnig lögð áhersla á að nýting lands taki mið af getu þess og vistfræðilegu ástandi, að votlendi verði verndað og endurheimt, og að jarðvegs- og gróðurauðlindir verði styrktar. Skipulagið styður við loftslagsaðgerðir með því að efla kolefnisforða og kolefnisbindingu, og samhliða er leitast við að skapa vistvænar lausnir í landnýtingu. Samstarf sveitarfélaga, landeigenda og annarra hagaðila er áréttað sem lykilsenda, og mikilvægt er að fræðsla og þátttaka samfélagsins styðji við innleiðingu aðgerða. Heildstætt séð eru áherslur í aðgerðaáætluninni um landgræðslu og skógrækt í nánú samræmi við stefnu og forsendur aðalskipulags Dalvíkurbyggðar – sérstaklega hvað varðar vernd skógar- og gróðurlenda, endurheimt votlendis, sjálfbæra landnýtingu, kolefnisbindingu og samvinnu við samfélagið.
Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 3. útg.	Aðgerðaáætlunin leggur áherslu á endurheimt votlendis, birkiskóga og vistkerfa, auk landgræðslu á ríkisjörðum. Hún kallar á vernd og endurheimt birkiskóga, aukningu kolefnisbindingar í jarðvegi og gróðri, og endurheimt þurrlendis. Markmiðið er m.a. að endurheimta 15.600 ha af röskuðu votlendi og koma birkiskóga í 5% af landsflatarmáli fyrir árið 2030. Gagnavinna og bætt gögn um losun og bindingu landnotkunar eru einnig lykilatriði.	Gott samræmi. Aðgerðirnar á co2.is eru í nánú samræmi við stefnu Dalvíkurbyggðar. Í skipulaginu og forsenduskýrslunni er lögð áhersla á verndun náttúrufars, skógar- og gróðurlenda, ásamt því að endurheimta vistkerfi og votlendi, sem speglast beint í aðgerðum loftslagsáætlunarinnar. Þar er einnig fjallað um sjálfbæra landnýtingu, loftslagsaðgerðir og kolefnisbindingu, sem fellur að áherslum um aukna bindingu í gróðri og jarðvegi. Báðar áætlanir leggja áherslu á að nýting lands verði vistvæn og að samfélag og hagaðilar taki virkan þátt, sem styrkir samræmið enn frekar.

Aðgerðaáætlun landbúnaðarstefnu	<p>Aðgerðaáætlunin er sett til fimm ára og fylgir samþykktri landbúnaðarstefnu til 2040 með áherslu á sjálfbærni, fæðuöryggi og nýsköpun. Sérstök áhersla er á aukna kornrækt, bættu hagtölusöfnun og stuðning við fjárhagslega afkomu bænda. Loftslagsmál eru í forgrunni með loftslagsbókhalði, ráðgjöf, rannsóknnum og hvötum til að draga úr losun. Vernd líffræðilegrar fjölbreytni og sjálfbær landnýting eru lykilatriði, auk þróunar stafrænnar tækni og rannsóknarverkefna. Hringrásarhagkerfi er eftt með aukinni nýtingu lífræna efna og minni sóun. Áhersla er lögð á neytendamiðaða nálgun með betri upplýsingum, trausti og beinum tengslum milli framleiðenda og neytenda. Nýsköpun, menntun og endurskoðun stuðningskerfa landbúnaðar eru hornsteinar framtíðaruppbyggingar.</p>	<p>Gott samræmi.</p> <p>Lögð áhersla á vernd ræktarlands, fjölbreytta og örugga matvælaframleiðslu og kolefnisbindingu með skógrækt og endurheimt votlendis. Loftslagsvá, flóðahætta og náttúruvá eru lykilþættir sem krefjast skipulagsaðgerða og vistvænna lausna. Hringrásarhagkerfi, nýsköpun og aukin upplýsingasöfnun eru sett í forgrunn til að tryggja fæðuöryggi og sjálfbæra auðlindanýtingu.</p>
Aðgerðaáætlun um orkuskipti	<p>Þingsályktunin um aðgerðaáætlun í orkuskiptum felur ráðherra í orkumálum að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis og auka hlut endurnýjanlegrar orku. Með þessu er stefnt að auknu orkuöryggi, minni losun, gjaldeyrissparnaði og nýsköpun. Markmiðin eru m.a. að auka hlut endurnýjanlegrar orku í samgöngum á landi, sjó og í flugi fram til ársins 2030. Aðgerðir byggja á hagrænum hvötum, skattkerfisbreytingum og ívilnunum fyrir vistvænar samgöngur, ásamt markvissri uppbyggingu innviða fyrir rafmagn, vetni og metan. Einnig er lögð áhersla á orkusparnað, vistvæna samgöngustefnu, samstarf hins opinbera og atvinnulífs, aukna nýsköpun og alþjóðlegt samstarf. Áætlunin nær til ársins 2030 og verður endurmetin á fimm ára fresti með reglulegri framvinduskýrslugjöf.</p>	<p>Gott samræmi.</p> <p>Margar sameiginlegar áherslur. Lagt áherslu á sjálfbæra þróun og að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með markvissum aðgerðum.</p> <p>Mikilvægi orkusparnaðar og bættrar orkunýtni, hvort sem það er með tækniþúnaði, vistvænum samgöngum eða hagrænum hvötum. Byggja stefnu á nýtingu innlendra endurnýjanlegra orkugjafa, hvort sem er í framleiðslu matvæla, landnýtingu eða samgöngum, og tengja það við aukið orkuöryggi og gjaldeyrissparnað.</p> <p>Áhersla á innviðauppbyggingu, vistvænar samgöngur og orkunýtingu í sveitarfélaginu. Lögð áhersla á samstarf, nýsköpun og rannsóknir sem lykilþætti til að ná fram markmiðum um sjálfbærni, hvort sem það er í gegnum orkuskipti, skipulag byggðar eða nýtingu auðlinda.</p>
Aðgerðaáætlun vatnaáætlunar 2022-2027	<p>Aðgerðaáætlun vatnaáætlunar 2022–2027 er fyrsta heildstæða áætlunin á Íslandi sem miðar að verndun og sjálfbærri nýtingu vatnsauðlindarinnar. Hún byggir á lögum um stjórn vatnamála og inniheldur 57 aðgerðir sem miða að því að tryggja að öll vatnshlot nái umhverfismarkmiðum sínum. Áhersla er lögð á innleiðingu laga og reglugerða, vöktun, fræðslu, úrbætur í fráveitumálum og sérstakar aðgerðir fyrir vatnshlot í hættu. Áætlunin byggir á víðtæku samráði og tekur einnig tillit til loftslagsbreytinga og áhrif þeirra á vatnaumhverfi. Framkvæmd og eftirfylgni er í höndum Umhverfisstofnunar í samstarfi við sveitarfélög og aðra ábyrgðaraðila.</p>	<p>Gott samræmi.</p> <p>Vatnamál sem miða að því að tryggja vernd vatnsauðlinda, sjálfbæra nýtingu og að ná umhverfismarkmiðum. Forgangur er gefinn aðgerðum sem hafa mest áhrif á að ná umhverfismarkmiðum, sérstaklega í vatnshlotum í hættu. Auk þess aukinni fræðslu til almennings og atvinnulífs um vatnsvernd, mengunarvarnir og sjálfbæra nýtingu.</p>

Byggðaaætlun fyrir árin 2022-2036	<p>Stefnumótandi byggðaaætlun 2022–2036 með áherslu á jafnvægi í byggðapróun, sjálfbærni og öfluga innviði. Markmiðið er að tryggja jöfn tækifæri til búsetu og atvinnu um land allt, efla grunnþjónustu og fjölbreytt atvinnulíf, og hafa loftslagsmál að leiðarljósi. Áætlunin felur í sér fimm ára aðgerðaaætlunir með mælikvörðum og sérstaka áherslu á svæði sem glíma við fólksfækkun og veikleika í atvinnulífi.</p>	<p>Gott samræmi.</p> <p>Lögð áhersla á sjálfbæra þróun, verndun náttúru og ábyrga nýtingu auðlinda, sem samræmist stefnu um sjálfbærni og loftslagsmál. Framtíðarsýn og stefnumótun miða að því að styrkja innviði, bæta samgöngur og tryggja góða grunnþjónustu fyrir íbúa, í takt við markmið um jöfn tækifæri til búsetu. Einnig er lögð áhersla á fjölbreytt atvinnulíf, nýsköpun og eflingu ferðaþjónustu, auk þess sem skipulagsáætlanir taka mið af loftslagsbreytingum og aðlögun. Þessi atriði eru í samræmi við áherslur byggðaaætlunar um jafnvægi í byggðapróun, öfluga innviði og sjálfbæra framtíð.</p>
Ferðamálastefna til 2030	<p>Leggur áherslu á að íslensk ferðaþjónusta verði leiðandi í sjálfbærri þróun á grunni jafnvægis milli efnahags-, umhverfis- og samfélagslegra þátta. Markmiðið er að ferðaþjónustan sé arðsöm, samkeppnishæf og í sátt við land og þjóð, stuðli að bættum lífskjörum og hagsæld og verði þekkt fyrir gæði og einstaka upplifun. Stefnan byggir á fjórum lykilstoðum: efnahag, samfélag, umhverfi og gesti, með áherslu á sjálfbærni, orkuskipti, nýsköpun, uppbyggingu áfangastaða, hæfni og gæði þjónustu. Aðgerðaaætlun fylgir stefnunni til að tryggja framgang hennar með mælikvörðum og reglulegri endurskoðun.</p>	<p>Gott samræmi.</p> <p>Leggja áherslu á sjálfbæra þróun, verndun náttúru og ábyrga nýtingu auðlinda, sem fellur að markmiðum um jafnvægi milli efnahags-, umhverfis- og samfélagslegra þátta. Í þeim er fjallað um uppbyggingu innviða og áfangastaða, auk þess sem lögð er áhersla á gæði þjónustu, fjölbreytt atvinnulíf og nýsköpun í tengslum við ferðaþjónustu. Einnig kemur fram vilji til að draga úr losun og styðja orkuskipti, sem er í samræmi við stefnu um loftslagsmál og sjálfbærni í ferðaþjónustu.</p>
Framkvæmdaaætlun um líffræðilega fjölbreytni	<p>Miðar að því að vernda og endurheimta líffræðilega fjölbreytni, tryggja sjálfbæra nýtingu lífríkis og koma í veg fyrir frekari skerðingu þess. Lögð er áhersla á að efla þekkingu með kortlagningu vistkerfa, gerð gagnagrunna og aðgengilegra upplýsinga, auk reglulegrar vöktunar á ástandi vistkerfa, tegunda og stofna. Áætlunin felur í sér að styrkja verndarsvæði á landi og í hafi, friðlýsa svæði og tegundir í hættu og vinna verndaráætlanir fyrir viðkvæmar tegundir. Sérstök áhersla er á endurheimt vistkerfa, svo sem birkiskóga og votlendis, og að draga úr áhrifum ágengra framandi tegunda. Einnig er stefnt að því að setja reglur um aðgang að erfðaaudlindum og tryggja sanngjarna skiptingu hagnaðar af nýtingu þeirra, ásamt því að efla verndun erfðabreytileika í landbúnaði. Áætlunin leggur áherslu á fræðslu og vitundarvakningu almennings, samþættingu markmiða í löggjöf og stefnumótun og reglulega endurskoðun til að tryggja árangur í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar.</p>	<p>Gott samræmi.</p> <p>Leggja áherslu á sjálfbæra þróun og ábyrga nýtingu auðlinda. Verndun náttúru og vistkerfa, þar á meðal hverfisvernd og friðlýst svæði, sem fellur að áherslum um vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Áhersla er á loftslagsmál og aðlögun, sem tengist endurheimt vistkerfa og kolefnisbindingu í framkvæmdaaætluninni.</p>

Kerfisáætlun Landsnets 2023-2032	Kerfisáætlun Landsnets er langtímaáætlun fyrir flutningskerfi raforku á Íslandi sem miðar að afhendingaröryggi, bættri nýtingu orkukerfisins og stuðningi við orkuskipti. Hún byggir á líkindagreiningum og sviðsmyndum til að meta þróun kerfisins með og án aðgerða, leggur áherslu á áhættumat og mótvægisáðgerðir til að tryggja stöðugleika, tekur mið af loftslagsstefnu og sjálfbærni og inniheldur framkvæmdaráætlun með verkefnum og tímasetningum, auk umhverfismats og verk- og matslýsinga sem greina nánar áhrif og framkvæmd áætlunarinnar.	Gott samræmi. Sama heildarnálgun sýnileg þar sem „samgöngur og veitur“ eru mótaðar með skýrum ramma um veitur og helgunarsvæði til að tryggja aðgengi, öryggi og rekstrarhæfi flutnings- og dreifikerfa, þ.m.t. rafveitu, legu jarðstrengja/loftlína, fjarlægðarmörk og aðgengi að mannvirkjum við viðhald og viðgerðir. Framtíðarsýn og aðgerðaáætlun styðja orkuskipti og stöðugleika innviða með vistvænum samgöngum, jarðgöngum og innviðastyrkingu sem kallar á áreiðanlega flutningsgetu, auk hafnaraðgerða þar sem rafvæðing og innviðir eru settir í samhengi við umhverfi og ásýnd.
Í átt að hringrásarhagkerfi - Stefna umhverfis- og auðlindaráðherra í úrgangsmálum	Miðar að því að innleiða hringrásarhagkerfi með áherslu á sjálfbærni, nýtingu auðlinda og minnkun sóunar. Lögð er áhersla á að draga úr úrgangi með því að hanna vörur og þjónustu þannig að þær endist lengur, séu auðveldari að endurnýta og endurvinna. Stefna þessi felur í sér að fyrirtæki, stjórnvöld og samfélagið vinni saman að því að loka hringnum í framleiðslu og neyslu, þar sem hráefni eru nýtt aftur í stað þess að enda sem úrgangur. Markmiðið er að skapa verðmæti úr úrgangi, draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og stuðla að nýsköpun í vistvænum lausnum. Hún kallar á breytingar í hönnun, framleiðsluferlum, neysluhegðun og regluverki til að tryggja að vistvænni valkostir verði sjálfsagðir í framtíðinni.	Gott samræmi. Áherslu á sjálfbærni, ábyrgari auðlindanýtingu og aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar tekur undir þessar áherslur hringrásarhagkerfisins með markmiðum um vistvæna landnýtingu, endurheimt votlendis, aukna skógrækt og vistvæna orkuöflun. Báðar stefnur styðja við græna nýsköpun og atvinnuuppbyggingu, þar sem Dalvíkurbyggð leggur áherslu á fjölbreytt atvinnulíf með sjálfbærum sjávarútvegi, landeldi og ferðaþjónustu í sátt við náttúru, sem fellur vel að markmiðum hringrásarhagkerfisins um nýtingu aukaafurða og vistvæna framleiðslu.
Í ljósi loftslagsvárs - Stefna um aðlögun að loftslagsbreytingum	Stefnan um aðlögun að loftslagsbreytingum er fyrsta heildstæða stefna stjórnvalda á þessu sviði og miðar að því að efla viðnámsþrótt samfélags og náttúru gagnvart loftslagsvá. Hún byggir á visindalegri þekkingu, áhættumati og víðtæku samráði og setur fram grunnild, grunnmarkmið og sértæk markmið fyrir helstu málaflokka, svo sem skipulag, innviði, atvinnulíf og lýðheilsu. Lögð er áhersla á réttláta aðlögun, samhæfingu aðgerða, þátttöku almennings og samlegð við mótvægisáðgerðir til að draga úr losun.	Gott samræmi. Heildstæð sýn um sjálfbæra þróun, þar sem loftslagsmál, náttúruvernd og samfélagsleg ábyrgð eru samofin öllum stefnum og aðgerðum. Lögð áhersla á að bregðast við loftslagsvá með aðlögun og minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda, meðal annars með endurheimt votlendis, aukinni skóg- og landgræðslu og vistvænum samgöngum. Skipulagið tekur mið af hækkandi áhættu vegna loftslagsbreytinga, svo sem aukinni ofankomu, flóðum, snjóflóðum og skriðuföllum, og leggur áherslu á að innviðir og byggð verði skipulögð með tilliti til þess. Í því samhengi er sérstaklega horft til viðkvæmra svæða eins og Svarfaðardals og strandlengjunnar, þar sem náttúruvá og hækkandi sjávarborð geta haft áhrif á byggð og landnotkun.

<p>Land og líf, landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt til ársins 2031</p>	<p>Stefnan um aðlögun að loftslagsbreytingum er fyrsta heildstæða stefna íslenskra stjórnvalda á þessu sviði. Hún miðar að því að efla viðnámsþrótt samfélagsins og náttúrunnar gagnvart loftslagsvá og byggir á bestu vísindalegu þekkingu, áhættumati og viðtæku samráði. Markmiðið er að aðlögun verði samþætt í alla stefnumótun og ákvarðanatöku ríkis, sveitarfélaga og atvinnulífs. Framtíðarsýnin er að aðlögun verði fastur þáttur í skipulagi, innviðauppbýggingu og starfsemi, með áherslu á réttlæti og þátttöku almennings. Grunnildi stefnunnar fela í sér gagnsæja áhættustýringu, vernd vistkerfa, félagslegt réttlæti og samlegð við mótvægisáðgerðir. Lögð er áhersla á náttúrumiðaðar lausnir og græna innviði sem stuðla að sjálfbærni og draga úr áhættu.</p> <p>Grunnmarkmið stefnunnar eru meðal annars að tryggja öflugar rannsóknir og vöktun, samhæfingu aðgerða, reglulega uppfærða landsáætlun og fræðslu til almennings. Sérstök markmið ná til lykilsviða eins og skipulagsmála, náttúruvár, vatns- og fráveitukerfa, orku- og samgöngumannvirkja, atvinnulífs, sjávarútvegs, landbúnaðar, ferðaþjónustu, váttrygginga, lýðheilsu og félagslegra innviða.</p>	<p>Gott samræmi.</p> <p>Áhersla á sjálfbæra þróun, vernd og endurheimt vistkerfa, kolefnisbindingu með skóg- og votlendisframkvæmdum, sjálfbæra nýtingu auðlinda og vistvænar samgöngur í sátt við náttúru og menningarverðmæti. Þetta er í samræmi við heil vistkerfi, náttúrumiðaðar lausnir, sjálfbæra landnýtingu og jákvæða byggðapróun.</p>
<p>Landbúnaðarstefna til 2040</p>	<p>Stefnan hefur það meginmarkmið að efla íslenskan landbúnað með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Framtíðarsýnin byggir á heilnæmri framleiðslu, sjálfbærri auðlindanýtingu, tryggu fæðuöryggi og kolefnishlutleysi. Landbúnaður á að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni og taka mið af vistkerfum í allri landnýtingu. Áhersla er lögð á að nýting lands styðji við atvinnulíf og búsetu um land allt, að afurðir og hráefni séu fullnýtt og að kynslóðaskipti og nýliðun í greininni séu tryggð.</p> <p>Stefnan kallar á arðbæra og samkeppnishæfa framleiðslu, nýsköpun og tækniframfarir, auk menntunar og rannsókna sem styðja við þróun greinarinnar. Velferð dýra, jöfnuður og samfélagsleg gæði eru höfð að leiðarljósi í allri stefnumótun. Til að ná markmiðum stefnunnar verður lögð áhersla á fæðuöryggi, loftslagsmál, líffræðilega fjölbreytni, sjálfbæra landnýtingu, hringrásarhagkerfi, alþjóðleg markaðsmál, neytendamál, nýsköpun, menntun og stuðningskerfi landbúnaðarins. Framkvæmd stefnunnar byggir á fimm ára aðgerðaáætlunum sem verða birtar reglulega.</p>	<p>Gott samræmi.</p> <p>Stefna sveitarfélagsins um sjálfbæra þróun, verndun náttúruauðlinda og eflingu líffræðilegrar fjölbreytni endurspeglar meginmarkmið landbúnaðarstefnunnar. Í skipulaginu er lögð áhersla á að vernda gott ræktunarland, styðja við fjölbreytta landnýtingu og tryggja að nýting lands taki mið af vistkerfum og sjálfbærni. Þá er hringrásarhagkerfið sett í forgrunn með áherslu á endurnýtingu og minni sóun, í samræmi við stefnu um fullnýtingu afurða og lífrænna hráefna.</p> <p>Skipulagið styður við fæðuöryggi með því að vernda landbúnaðarland og efla innlenda matvælaframleiðslu, og tekur tillit til loftslagsmála með áherslu á kolefnisbindingu, endurheimt votlendis og vistvæna landnýtingu. Einnig er horft til nýsköpunar og tækniþróunar í landbúnaði, sem á að styðja við framfarir og samkeppnishæfni greinarinnar. Menntun og miðlun þekkingar til bænda er talin lykilsenda fyrir þróun atvinnugreinarinnar, og er það í takt við áherslur landbúnaðarstefnunnar um fræðslu og rannsóknir.</p>

<p>Loftslagsþolið Ísland: Tillögur fyrir gerð landsáætlunar um aðlögun að loftslagsbreytingum</p>	<p>Stefnumarkandi tillaga að landsáætlun um aðlögun Íslands að loftslagsbreytingum. Hún byggir á víðtæku samráðsferli og vísindalegum gögnum og leggur fram heildstæða sýn á hvernig íslenskt samfélag getur aukið viðnámsþrótt sinn gagnvart loftslagsvá. Í skýrslunni er lögð áhersla á að aðlögun verði hluti af skipulagi, stefnumótun og starfsemi opinberra aðila, atvinnulífs og almennings. Hún kynnir fjórar forgangsaðgerðir sem leggja grunn að þekkingarinnviðum: Loftslagsatlas Íslands, vöktunaráætlun, gagnagátt um náttúruvá og kerfislæga loftslagsáhættuvísu. Skýrslan útfærir stjórnarhætti, ábyrgðarskiptingu og tímalínu fyrir landsáætlun og aðgerðaáætlunir til 2039, með fyrstu innleiðingu á árunum 2025–2029. Hún greinir frá lykilaðgerðum sem snúa að lögum og regluverki, innviðum, fræðslu og lýðheilsu og leggur áherslu á réttlát umskipti og samvinnu þvert á geira. Markmiðið er að skapa samfélag sem er betur í stakk búið til að takast á við afleiðingar loftslagsbreytinga og nýta tækifæri til sjálfbærrar þróunar.</p>	<p>Gott samræmi.</p> <p>Styðja við meginmarkmið landsáætlunar um aðlögun að loftslagsbreytingum. Þau leggja áherslu á að byggð, innviðir og náttúra verði betur í stakk búin til að takast á við afleiðingar loftslagsbreytinga, með því að samþætta loftslagsþol í skipulagsvinnu og stefnumótun. Í skipulaginu er gert ráð fyrir aðlögunaraðgerðum sem tengjast náttúruvá, vatns- og sjávarflóðum, skipulagsmálum og vistkerfum, í samræmi við fjórar forgangsaðgerðir skýrslunnar: Loftslagsatlas, vöktunaráætlun, gagnagátt um náttúruvá og kerfislæga loftslagsáhættuvísu. Þá er einnig horft til samspils aðlögunar og mótvægisáðgerða, svo sem kolefnisbindingar og sjálfbærrar nýtingar auðlinda. Skipulagið virðist styðja við þverfaglega nálgun, samráð við hagaðila og samþættingu aðlögunar í áætlanagerð sveitarfélagsins, sem er í takt við tillögur um stjórnunarhætti og framkvæmd landsáætlunar</p>
<p>Lýðheilsustefna</p>	<p>Byggir á heilbrigðisstefnu og hefur það að markmiði að gera heilsuefningu og forvarnir að samfelldum hluta allrar heilbrigðisþjónustu, sérstaklega innan heilsugæslunnar. Stefnan leggur áherslu á að lýðheilsustarf verði metið út frá gæðum, öryggi, árangri, aðgengi og kostnaðarhagkvæmni. Jafnrétti og jöfnuður eru leiðarljós í allri stefnumótun og framkvæmd.</p>	<p>Gott samræmi.</p> <p>Markmið stefnunnar með því að leggja áherslu á aðgengi að heilbrigðu umhverfi, hreyfingu, félagslegri virkni og öruggu nærumhverfi. Í báðum skjölum er tekið mið af mikilvægi þverfaglegs samstarfs og samþættingar lýðheilsusjónarmiða í stefnumótun og áætlanagerð, sem er í takt við framtíðarsýn lýðheilsustefnunnar um að bæta heilsu og líðan íbúa með markvissum aðgerðum og samfélagslegri ábyrgð.</p>
<p>Matvælastefna</p>	<p>Stefnan leggur áherslu á að tryggja örugg og heilnæm matvæli, efla sjálfbæra framleiðslu og auka verðmætasköpun með nýsköpun og rannsóknum. Hún styður við lýðheilsu með góðu aðgengi að hollum mat og fræðslu um mataræði, og miðar að kolefnishlutleysi í matvælaframleiðslu. Stefnan byggir á samvinnu, virku neytendaaðhaldi og sterkri ímynd Íslands sem matvælalands.</p>	<p>Gott samræmi.</p> <p>Lögð er áhersla á sjálfbæra þróun, verndun náttúru og vistkerfa, fjölbreytt og heilnæm matvælaframleiðsla, nýting auðlinda með ábyrgum hætti og aukna verðmætasköpun í landbúnaði og sjávarútvegi. Þetta er í samræmi við matvælastefnu Íslands til ársins 2030 sem leggur áherslu á sjálfbærni, matvælaöryggi, fæðuöryggi, nýsköpun, vottanir, rekjanleika og að draga úr kolefnisspori. Báðar stefnur leggja áherslu á að tryggja aðgengi að hollum og öruggum mat, efla rannsóknir og fræðslu, og að matvælaframleiðsla stuðli að bættri lýðheilsu og lífsgæðum. Þá er samhljómur í áherslu á hringrásarhagkerfi, endurnýtingu og vistvæna framleiðslu sem styður við kolefnishlutleysi og sjálfbæra nýtingu lands og sjávar.</p>

Menningarstefna í mannvirkjagerð - Stefna íslenskra stjórnvalda í byggingarlist	Stjórnvöld setja fram markmið í mannvirkjagerð sem snúa að: 1. Gæðum. 2. Arfi. 3. Þekkingu. 4. Hagrænum þáttum.	Gott samræmi. Lögð er áhersla á aðlögun mannvirkja að landslagi og að hönnun skuli taka mið af aðstæðum hverju sinni. Þá skal huga að menningarminjum og sögu þar sem við á. Ósnortið og lítt snortið land skal raska sem minnst og unnt er, m.a. með því að nýta troðninga og slóða.
Náttúruvá: Stöðumat og áskoranir varðandi mat og endurmótun á tilhögun hættumats og vöktunar vegna náttúruvár	Staða og þróun náttúruverndar á Íslandi og dregur fram helstu áskoranir og tækifæri sem tengjast verndun líffræðilegrar fjölbreytni, vistkerfa og landslags. Hún greinir frá framkvæmd laga og stefnu í náttúruvernd, stöðu friðlýstra svæða og nauðsyn aukins samráðs og samhæfingar milli stofnana og sveitarfélaga. Einnig er fjallað um áhrif loftslagsbreytinga, landnýtingar og ferðamennsku á náttúruna, og bent á mikilvægi þess að efla rannsóknir, fræðslu og þátttöku almennings. Skýrslan leggur áherslu á að náttúruvernd sé grundvöllur sjálfbærrar þróunar og krefjist skýrari forgangsroðunar og aukinna fjárheimilda til að ná markmiðum um vernd og endurheimt náttúru Íslands.	Gott samræmi Tekur mið af náttúruvernd með því að leggja áherslu á verndun vistkerfa, votlendis og fuglasvæða, sérstaklega í Svarfaðardal þar sem friðlandið er lykilsvæði. Skipulagið styður við endurheimt votlendis og kolefnisbindingu, sem er í takt við markmið náttúruverndarskýrslunnar um aðlögun að loftslagsbreytingum. Einnig er tekið tillit til náttúruvár og áhrifa loftslagsbreytinga á flóð, snjóflóð og skriðuföll, og settar eru fram aðgerðir til að draga úr áhættu. Stefna um sjálfbæra nýtingu auðlinda, skýr markmið um efnistöku og orkunýting, og áhersla á að vernda menningarminjar og sérstök náttúrusvæði, endurspegla sömu áherslur og eru í náttúruverndarskýrslunni. Samspil samfélags, náttúru og efnahags er grundvöllur stefnumótunar.
Nýsköpunarstefna	Leggur fram framtíðarsýn um Ísland sem leiðandi nýsköpunarsamfélag þar sem hugvit, tækni og frumkvöðlastarf þjóna velferð, sjálfbærni og samkeppnishæfni. Lögð er áhersla á að styðja við einstaklinga og fyrirtæki með öflugum umhverfi, menntun, fjármagni og alþjóðlegum tengslum. Nýsköpun er lykill að lausn samfélagslegra áskorana og grundvöllur lífsgæða í framtíðinni.	Gott samræmi Stefnumótun, samfélagsþróun og framtíðarsýn sveitarfélagsins á heildstæðan og sjálfbæran hátt. Þessi nálgun er í samræmi við nýsköpunarstefnu stjórnvalda í skjalinu <i>Nýsköpunarlandið Ísland</i> , þar sem lögð er áhersla á að nýsköpun sé lykill að úrlausn samfélagslegra áskorana, sjálfbærni og auknum lífsgæðum. Lögð áhersla á mikilvægi hringrásarhagkerfis, sjálfbæra nýtingu auðlinda og aðlögun að loftslagsbreytingum. Stefna Dalvíkurbyggðar um að byggja upp öflugt og fjölbreytt atvinnulíf, styðja við frumkvöðlastarf og efla menntun og innviði endurspeglar leiðarljós nýsköpunarstefnunnar um að virkja hugvit einstaklinga og skapa frjósamt umhverfi fyrir nýsköpun.

Rammasamningur um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins (búvörusamningar)	<p>Búvörusamningar eru gerðir milli ríkisins og Bændasamtaka Íslands og snúa að stjórnun framleiðslu búvara og stuðningi við landbúnað. Þeir fjalla um þróun nýrra framleiðsluhátta, aukna hagkvæmni og samkeppnishæfni, tryggt vöruframboð og jöfnuð meðal framleiðenda. Samningarnir gilda í tíu ár og eru endurskoðaðir tvisvar sinnum á tímabilinu. Helstu styrktarflokkar eru nautgriparækt, sauðfjárrækt, garðyrkja og önnur verkefni. Ráðuneytið sér um framkvæmd samninganna og breytingar 2024 fela í sér hægari niðurtröppun í sauðfjárrækt, stuðning við lífræna ræktun og fjölbreyttari framleiðslu.</p>	<p>Gott samræmi</p> <p>Landbúnaður er viðurkenndur sem lykilþáttur í atvinnulífi og byggð, og að tryggð sé vernd og nýting ræktanlegs lands í samræmi við leiðbeiningar atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Skipulagið leggur áherslu á flokkun landbúnaðarlands eftir ræktunargildi til að tryggja matvælaöryggi og koma í veg fyrir óafturkræfa ráðstöfun á góðu ræktunarlandi. Stefnt er að sjálfbærum landbúnaði með áherslu á vistvæna ræktun, kolefnisbindingu, endurheimt votlendis og skógræðslu, auk þess sem gert er ráð fyrir svigrúmi til fjölbreyttrar starfsemi á bújörðum, svo sem smáframleiðslu, matvælavinnslu og ferðaþjónustu. Þessi nálgun styður við markmið búvörusamninga um að efla búsetu í dreifbýli, tryggja fæðuöryggi og stuðla að sjálfbærri nýtingu lands og auðlinda.</p>
Saman gegn sóun- – Almenn stefna um úrgangsförvarnir 2016 - 2027	<p>Miðar að því að draga úr myndun úrgangs, minnka losun gróðurhúsalofttegunda, bæta nýtingu auðlinda og minnka notkun skaðlegra efna. Lögð er áhersla á nægjusemi, fræðslu og græna nýsköpun. Þrátt fyrir árangur í minni urðun og aukinni endurvinnslu hefur úrgangsmyndun ekki minnkað nægilega og þarf að efla sjálfbæra neyslu, draga úr einnota umbúðum og hanna vörur með minni umhverfisáhrifum. Níu forgangsflokkar eru skilgreindir: matvæli, plast, textill, raftæki, grænar byggingar og pappír til skemmri tíma, og aukaafurðir kjöts og fisks, drykkjarvöruumbúðir og stóriðja til lengri tíma. Stefnan kallar á samstarf stjórnvalda, atvinnulífs og almennings, hvata í regluverki og aukna fræðslu til að stuðla að hringrásarhagkerfi þar sem úrgangur verður að auðlind.</p>	<p>Gott samræmi</p> <p>Lögð er áhersla á sjálfbæra þróun, hringrásarhagkerfi og vistvæna nýtingu auðlinda. Skipulagið kveður á um flokkun og meðhöndlun úrgangs, endurvinnslu og minnkun sóunar, auk þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með endurheimt votlendis, skógrækt og kolefnisbindingu. Einnig er lögð áhersla á græna nýsköpun, vistvænar samgöngur og orkunýtingu sem styður markmið stefnunnar um að draga úr úrgangi, bæta nýtingu auðlinda og minnka umhverfisáhrif.</p>
Samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034	<p>Áhersla er á orkuskipti, fjölbreytta ferðamáta, uppbyggingu almenningsamgangna og göngu- og hjólastíga. Fjölmörgum framkvæmdum er flýtt, þar á meðal jarðgöngum og nýjum brúm, og lögð er áhersla á samvinnuverkefni ríkis og einkaaðila. Áætlunin inniheldur nýja flugstefnu, heildarstefnu um almenningsamgöngur og sérstaka jarðgangaáætlun, með markmiði um öruggari, umhverfisvænni og hagkvæmari samgöngur um allt land.</p>	<p>Gott samræmi</p> <p>Skipulagið styður markmið samgönguáætlunar um öruggar, hagkvæmar og vistvænar samgöngur með áherslu á bætt vegakerfi, ný jarðgöng milli Dalvíkur og Ólafsfjarðar og öruggar tengingar milli byggðarkjarna. Lögð er áhersla á fjölbreyttar samgöngulausnir, þar á meðal almenningsamgöngur, göngu- og hjólastíga og vistvænar lausnir til að draga úr losun. Uppbygging hafna og tengingar við flutninga og ferjusiglingar eru hluti af stefnu um styrkingu innviða og atvinnulífs. Rafvæðing, orkuöryggi og uppbygging hleðslustöðva eru í takt við orkuskipti sem samgönguáætlun kallar á. Skipulagið tekur einnig mið af loftslagsmarkmiðum með áherslu á sjálfbærni, hringrásarhagkerfi og aðlögun að loftslagsbreytingum, sem hefur bein áhrif á samgöngur og innviði.</p>

Skógar á Íslandi. Stefnunótun á 21. öld	<p>Markar heildarstefnu um uppbyggingu og vernd skóga með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Hún miðar að því að auka skógarþekju úr 1,2% í 12% fyrir árið 2100 og byggja upp fjölbætta skógarauðlind sem styður atvinnu, lýðheilsu og umhverfisvernd. Áherslur eru: hraða endurreisn skóga, efla viðarnytjar og nýsköpun, bæta aðgengi og útivist, vernda jarðveg, vatn og líffræðilega fjölbreytni, og nýta skógrækt sem mótvægisáðgerð gegn loftslagsbreytingum. Stefnan kallar á landsáætlun með tímasettum markmiðum, samhæfingu við aðra landnýtingu og virka þátttöku stjórnvalda, sveitarfélaga og almennings.</p>	<p>Gott samræmi Styðja við markmið skógstefnunnar um sjálfbæra þróun með áherslu á vernd og endurheimt gróðurs, uppgræðslu og skógrækt á rofnu landi, aukna kolefnisbindingu og aðlögun að loftslagsbreytingum. Lögð er áhersla á að nýta skógrækt til jarðvegsverndar, fegrunar og útivistar, bæta aðgengi að grænum svæðum og efla lýðheilsu. Í báðum skjölum er gert ráð fyrir að skógrækt verði hluti af landnýtingu, samræmd öðrum hagsmunum og skipulögð með tilliti til náttúruverndar og líffræðilegrar fjölbreytni.</p>
Stefna hönnunar og arkitektúrs	<p>Miðar að því að nýta hönnun sem lykilafli til verðmætasköpunar, sjálfbærni og bættra lífsgæða. Hún leggur áherslu á hönnunardrífna nýsköpun, þverfaglegt samstarf og aukna þátttöku hönnuða í ákvarðanatöku, með markmiðum um sjálfbæra innviðaupbyggingu, menntun framsækinnna kynslóða og aukinn sýnileika íslenskrar hönnunar á alþjóðavettvangi. Stefnan kallar á styrkingu sjóðakerfis, lögfestingu um hönnun og arkitektúr, innleiðingu hringrásarhagkerfis í mannvirkjagerð og aukna fræðslu um höfundarrétt og menningararf.</p>	<p>Gott samræmi Leggja áherslu á gæði byggðar, sjálfbæra innviðaupbyggingu og heildstæða hönnun sem stuðlar að bættum lífsgæðum og umhverfisvernd. Í báðum skjölum er lögð áhersla á að hönnun og arkitektúr séu nýtt sem lykilþættir í skipulagsvinnu, með áherslu á notendamiðaða nálgun, aðgengi, lýðheilsu og vistvænar lausnir. Einnig er samhljómur um mikilvægi þverfaglegs samstarfs, nýsköpunar og hringrásarhagkerfis í mannvirkjagerð, auk þess sem menningararfur og staðarímynd eru nýtt sem grunnur að sjálfbærri þróun og eflingu samfélags og ferðaþjónustu.</p>
Stefna í fjarskiptum fyrir árin 2019–2033	<p>Áherslu á örugga og hagkvæma innviði, víðtækt samstarf og samkeppni, auknið öryggi fjarskiptaneta og tengingar við umheiminn.</p>	<p>Gott samræmi Styðja við markmið fjarskiptastefnunnar með áherslu á öfluga og örugga innviði, jafnt aðgengi að þjónustu og tækni og samþættingu fjarskipta við skipulags- og byggðapróun. Lögð áhersla á að tryggja tengingar milli byggða, bæta aðgengi að stafrænum lausnum og stuðla að nýsköpun og sjálfbærni í innviðaupbyggingu. Þau endurspeglar einnig markmið um að efla lífsgæði, atvinnu og búsetu með hagkvæmum og vistvænum lausnum sem tengja saman samfélög og styðja við jákvæða byggðapróun.</p>
Stefna og aðgerðaáætlun í sveitarstjórnarmálum fyrir árin 2019–2033	<p>Áhersla á öflug og sjálfbær sveitarfélög, trausta innviði og framsækna þjónustu. Markmiðin eru að tryggja jafnt aðgengi íbúa að þjónustu, efla lýðræði og sjálfstjórn sveitarfélaga, stuðla að hagkvæmu skipulagi og nýtingu fjármuna og auka samráð ríkis og sveitarfélaga. Áhersla er á sjálfbærni í félagslegum, efnahagslegum og umhverfislegum þáttum, nýtingu tækni og nýsköpunar, og að sveitarfélög hafi burði til að mæta áskorunum framtíðarinnar, svo sem loftslagsbreytingum, lýðfræðibreytingum og þróun byggða.</p>	<p>Gott samræmi Endurspeglar markmið áætlunarinnar um öflug og sjálfbær sveitarfélög með trausta innviði, hagkvæmt skipulag og jafnt aðgengi að þjónustu. Í skjölunum er lögð áhersla á samþættingu skipulags við samgöngu- og fjarskiptamál, sjálfbæra þróun í félagslegum, efnahagslegum og umhverfislegum þáttum og að tryggja byggðapróun með góðu aðgengi að grunnþjónustu og atvinnu. Einnig er samhljómur um mikilvægi lýðræðislegrar þátttöku, samráðs og nýtingar tækni og nýsköpunar til að bæta þjónustu og lífsgæði íbúa, ásamt því að sveitarfélög hafi burði til að mæta áskorunum framtíðarinnar.</p>

<p>Stefna og aðgerðaáætlun stjórnvalda um vernd og rannsóknir á fornleifum og byggingararfi</p>	<p>Verndun og rannsóknir á fornleifum og byggingararfi leggur áherslu á að tryggja varðveislu og sjálfbæra nýtingu menningararfs með markvissum aðgerðum. Hún miðar að því að efla viðbrögð við náttúruvá og framkvæmdum með aukinni skráningu og mótvægisáðgerðum, styrkja rannsóknir og fagmennsku með tryggðri fjármögnun, auka samstöðu og samráð um vernd, viðhalda handverksþekkingu og fjölga viðhaldsverkefnum, og efla vitund almennings um gildi fornleifa og byggingararfs sem samfélagslegrar auðlindar. Lögð er áhersla á samstarf hagsmunaaðila, nýtingu stafrænnar miðlunar, fræðslu og þátttöku heimafólks, auk þess sem stefnan tengist loftslagsmálum, sjálfbærni og alþjóðlegum skuldbindingum.</p>	<p>Gott samræmi</p> <p>Leggja áherslu á vernd menningarminja, friðlýstra svæða og byggingararfs í skipulagsvinnu, tryggja að tekið sé mið af fornleifum við framkvæmdir og náttúruvá, og stuðla að sjálfbærri nýtingu og varðveislu í þágu samfélagsins. Báðar áætlanir leggja áherslu á samráð við hagsmunaaðila, fræðslu og vitundarvakningu, auk þess að efla aðgengi að upplýsingum og nýta menningarminjar sem hluta af ferðabjónustu og ímynd svæðisins.</p>
<p>Stefna stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku</p>	<p>Stefna um uppbyggingu flutningskerfis raforku með áherslu á afhendingaröryggi, hagkvæmni og sjálfbærni. Markmiðin eru að styrkja kerfið, tengja lykilsvæði, forgangsraða svæðum með skert orkuöryggi og tryggja að það mæti þörfum orkuskipta og atvinnuuppbyggingar. Lögð er áhersla á jafnvægi efnahagslegra, samfélagslegra og umhverfislegra áhrifa, nýtingu jarðstrengja þar sem það er hagkvæmt, verndun náttúruverðmæta og að draga úr sjónrænum áhrifum. Uppbyggingin skal vera gagnsæ, byggð á valkostagreiningu og taka mið af náttúruvá, með markmiði um örugga og hagkvæma raforkudreifingu um land allt.</p>	<p>Gott samræmi</p> <p>Markmið að tryggja örugga og hagkvæma orkuinnviði sem styðja við byggðapróun, atvinnulíf og sjálfbærni. Í skjölunum er lögð áhersla á að samþætta skipulag við uppbyggingu grunninnviða, þar á meðal raforku, með áherslu á afhendingaröryggi, hagkvæmni og vernd náttúruverðmæta. Þau styðja við markmið um að nýta núverandi innviði, draga úr sjónrænum áhrifum, forðast rask á viðkvæmum svæðum og tryggja að orkuöryggi mæti þörfum samfélagsins og orkuskipta. Einnig er samhljómur um mikilvægi valkostagreiningar, gagnsæis og samráðs við ákvarðanatöku, ásamt því að innviðapróun verði í takt við sjálfbæra þróun og loftslagsmarkmið.</p>
<p>Stefna um samþykki fyrir nýtingu lands og landsréttinda í þjóðlendum</p>	<p>Stefnan setur skýrar reglur um samþykki fyrir nýtingu lands og landsréttinda í þjóðlendum með áherslu á sjálfbæra þróun, náttúruvernd og jafnræði í ákvarðanatöku. Hún kveður á um að allar framkvæmdir og uppbygging taki mið af vernd víðerna, vistkerfa og jarðmyndana, að mannvirki falli að landslagi og að samgöngur og útivist raski sem minnst náttúru og upplifun. Áhersla er á gagnsæi, faglega stjórnsýslu, samræmi við skipulagsáætlanir og umhverfismat, ásamt því að tryggja almannahagsmuni umfram sérhagsmuni.</p>	<p>Gott samræmi</p> <p>Tryggja sjálfbæra nýtingu og vernd náttúru með áherslu á jafnvægi umhverfis, samfélags og efnahags. Í skjölunum er lögð áhersla á að uppbygging og landnýting fari fram í samræmi við skipulagsáætlanir, umhverfismat og varúðarsjónarmið, að mannvirki falli að landslagi og að vernd víðerna og vistkerfa sé í forgrunni. Einnig er samhljómur um gagnsæi, jafnræði og faglega stjórnsýslu, að almannahagsmunir ráði og að nýting taki mið af sjálfbærri þróun og náttúruvernd.</p>
<p>Stefnumörkun um líffræðilega fjölbreytni</p>	<p>Stefnan um líffræðilega fjölbreytni leggur áherslu á verndun og sjálfbæra nýtingu lífríkis Íslands, endurheimt vistkerfa og sanngjarna skiptingu ávinninga af erfðaaudlindum. Hún byggir á alþjóðlegum skuldbindingum og felur í sér aðgerðir til að efla rannsóknir og vöktun, vernda viðkvæm svæði og tegundir, takmarka ágengar framandi tegundir, tryggja örugga umgjörð um erfðabreyttar lífverur og auka fræðslu. Markmiðið er að stöðva hnignun líffræðilegrar fjölbreytni, tryggja vistkerfisnálgun í auðlindanýtingu og samþætta náttúruvernd við samfélags- og efnahagsþróun.</p>	<p>Gott samræmi</p> <p>Taka mið af markmiðum um verndun og sjálfbæra nýtingu náttúru með áherslu á vistkerfisnálgun, endurheimt raskaðra svæða og að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmda. Lögð áhersla á að skipulagsákvæðanir stuðli að vernd lífríkis, fjölbreytni vistgerða og búsvæða, að mannvirkjagerð og landnýting fari fram í sátt við náttúruna og að nýting auðlinda sé í samræmi við sjálfbæra þróun. Einnig er samhljómur um mikilvægi rannsókna, vöktunar og fræðslu til að tryggja upplýsta ákvarðanatöku og aðgerðir sem styrkja náttúruvernd og líffræðilega fjölbreytni til framtíðar.</p>

Vatnaáætlun Íslands 2022-2027	<p>Heildstæð stefna um vernd og sjálfbæra nýtingu vatnsauðlinda. Hún byggir á lögum nr. 36/2011 og innleiðir rammaáætlun ESB. Ísland er eitt vatnaumdæmi, skipt í fjögur vatnasvæði með 2.712 vatnshlotum sem flokkuð eru eftir eiginleikum og álagi. Markmiðið er að allt vatn sé í mjöð góðu eða góðu ástandi og að ástand rýrni ekki. Ástand er metið út frá vistfræðilegum, efnafraeðilegum og vatnsformfræðilegum þáttum, og aðgerða- og vöktunaráætlanir fylgja til að ná markmiðum. Helstu álagsþættir eru fráveita, landbúnaður, fiskeldi, iðnaður og vatnstaka. Áhersla er á samráð, gagnasöfnun, vöktun og endurskoðun, með sex ára vatnahringjum. Opinberar áætlanir og leyfisveitingar skulu samræmast vatnaáætlun, og tengsl eru við heimsmarkmið SP um hreint vatn og líf í vatni. Forgangsmál eru styrking flokkunarkerfa, endurskoðun leyfa, vöktun neysluvatns og aðgerðir fyrir vatnshlot í óvissu eða hættu.</p>	<p>Gott samræmi</p> <p>Áhersla á sjálfbæra nýtingu vatnsauðlinda, verndun vatnsbóla og viðhald vatnsgæða í hæsta flokki. Í skipulaginu er gert ráð fyrir að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmda á vatnaumhverfi, meðal annars með endurheimt votlendis, aukinni skógrækt og vöktun náttúruvæða. Efnistaka er háð skýrum reglum til að lágmarka áhrif á lífríki og vatnsgæði, og aðgangur að vötnum og strandsvæðum er tryggður með verndarsjónarmið í huga. Skipulagið styður þannig meginmarkmið Vatnaáætlunar um að öll vatnshlot haldist í góðu vistfræðilegu og efnafraeðilegu ástandi og að hnignun verði ekki, þó að forsenduskýrslan fjalli ekki ítarlega um samræmi við áætlunina. Heildaráherslan á sjálfbærni, náttúruvernd og aðlögun að loftslagsbreytingum er í takt við stefnu Vatnaáætlunar um langtíma-vernd vatnsauðlindarinnar og samþættingu við skipulagsáætlanir.</p>
Vindorka: Valkostir og greining	<p>Markmiðið er að móta skýra, heildstæða stefnu sem styður orkuskipti og kolefnishlutleysi 2040. Hvort vindorkuverkefni eigi að falla undir rammaáætlun eða sérlæg, hvernig haga skuli gjaldtöku og skiptingu tekna milli ríkis, sveitarfélaga og nærsamfélaga, og hvaða viðmið eigi að gilda um staðsetningu, fjölda og stærð vindorkuvera. Þá er sérstaklega bent á mikilvægi þess að huga að áhrifum á umhverfi og náttúru, svo sem fuglalíf, landslag og hljóðvist, sem og að tryggja aðgengi að jöfnunarorku og skilgreina hlutverk opinberra fyrirtækja á orkumarkaði.</p>	<p>Samræmi að vissu marki.</p> <p>Tryggja aðgengi að orku og skoða möguleika á orkuvinnslu innan sveitarfélagsins, þar á meðal vatnsaflí og jarðhita. Þó er ekki fjallað ítarlega um jöfnunarorku eða vindorku, en áherslan á örugga orkuöflun og uppbyggingu innviða styður þá stefnu.</p>
Vöktunaráætlun vatnaáætlunar 2022-2027	<p>Hluti af innleiðingu laga um stjórn vatnamála og miðar að því að tryggja vernd og sjálfbæra nýtingu vatnsauðlinda með samræmdri vöktun yfirborðsvatns og grunnvatns. Hún byggir á álagsgreiningu og felur í sér yfirlits-, aðgerða- og rannsóknvöktun til að meta ástand, fylgjast með langtíma-breytingum og árangri aðgerða. Vöktun nær til líffraeðilegra, eðlisefnafræðilegra og efnafraeðilegra þátta í vatni, forgangsefna og annarra mengunarefna, auk magnstöðu grunnvatns. Á tímabilinu verður vaktað valin vatnshlot í strandsjó, stöðuvötnum og straumvötnum, auk vöktunar á vernduðum svæðum og samkvæmt starfsleyfum. Framkvæmd byggir á alþjóðlegum stöðlum og niðurstöður nýtast til ástandsflökkunar og endurskoðunar áætlana.</p>	<p>Gott samræmi</p> <p>Leggja áherslu á sjálfbæra nýtingu vatnsauðlinda, vernd vatnsbóla og vatnsverndarsvæða, endurheimt votlendis og vöktun vatnsgæða í samræmi við lög og markmið vatnaáætlunar. Kveðið er á um að tryggja heilnæmt neysluvatn, koma í veg fyrir mengun og fylgjast með áhrifum loftslagsbreytinga á vatnafar, grunnvatn og vistkerfi. Vöktun á vatni, bæði yfirborðs- og grunnvatni, er lykilaatriði og byggir á reglulegri sýnatöku, mælingum á efna-, líffraeðilegum og vatnsfræðilegum þáttum og mati á álagi. Sérstök áhersla er á vernd votlendis og friðlýstra svæða, þar sem vistkerfi og líffraeðileg fjölbreytni njóta forgangs, og á aðgerðir eins og endurheimt votlendis og skógræðslu til kolefnisbindingar og vatnsstjórnunar. Skipulagið tekur mið af kröfum vatnaáætlunar um aðgerða- og yfirlitsvöktun, verndun vatnsverndarsvæða og viðbrögð við hættu á rýrnun vatnsgæða. Leggja áherslu á samræmda aðferðafræði, langtímagögn og samráð við fagstofnanir til að tryggja sjálfbærni, vernd vistkerfa og öryggi vatnsauðlinda til framtíðar.</p>

5.7.4. Stefnur og áætlanir á svæðisvísu:

5.7.4.1. Svæðisskipulag Eyjafjarðar

Sveitarfélögin Akureyrarkaupstaður, Fjallabyggð, Dalvíkurbyggð, Hörgársveit, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur og Grýtubakkahreppur samþykktu sameiginlegt svæðisskipulag fyrir Eyjafjarðarsvæðið sem nær til allra þessara sveitarfélaga fyrir tímabilið 2012–2024. Þrátt fyrir að gildistími þess sé liðinn þá á meirihluti stefnunnar enn við í dag.

Með svæðisskipulaginu er sett fram sameiginleg stefna sveitarfélaganna í málefnum þar sem hagsmunir þeirra fara saman.

Markmið svæðisskipulagsins er að móta sameiginlega langtíma framtíðarsýn og meginstefnu í byggða- og umhverfismálum sem miðar að því að Eyjafjarðarsvæðið starfi sem samfelld, hagræn og samfélagsleg heild, styrki byggðarþróun og nýti innviði, náttúruauðlindir og tengingar á sem bestan hátt.

Stefna aðalskipulags	Leiðarljós svæðisskipulags	Samræmi við aðalskipulag Dalvíkurbyggðar
<i>Við erum samfélag sem lifir í sátt og samlyndi við náttúruna</i>	Við er til stefnu stjórnvalda í ritinu <i>Velferð til framtíðar</i> þar sem lögð er áhersla á heilnæmt og öruggt umhverfi, vernd náttúru Íslands, sjálfbæra nýtingu auðlinda og hnattræn umhverfismál. Sérstök áhersla er á vernd vatnsauðlinda og vöktun vatnsgæða auk skipulags strandsvæða Eyjafjarðar. Á svæðinu eru mörg verðmæt náttúrusvæði sem hafa hlotið friðlýsingu eða eru á náttúruminjaskrá. Að auki eru fjalllendi, jökulurðir, jarðmyndanir og eyjar á svæðinu sem talin að mikilvæg náttúrugæði sem þarf að hafa í huga í skipulagi.	Gott samræmi. Áherslu á sjálfbæra þróun og nýting náttúruauðlinda sé í sátt við náttúruna. Verndun vatnsauðlinda og strandsvæða. Mikilvægi friðlýstra svæða og náttúruminja sem hluta af umhverfisstefnu. <ul style="list-style-type: none"> Lögð er áhersla á sjálfbærni í allri landnýtingu, þar með talið að vernda vistkerfi, jarðminjar og líffræðilega fjölbreytni. Fjallað er ítarlega um áhrif loftslagsbreytinga og aðlögun að þeim, m.a. með endurheimt votlendis, skógrækt og vistvænum lausnum. Vatnsvernd og vernd strandsvæða eru mikilvæg, ásamt því að stuðla að sjálfbærri nýtingu sjávarauðlinda og landbúnaðarlands. Mikilvægi útivistarsvæða og náttúrutengdra ferðapjónustuverkefna er undirstrikað.
<i>Hér er gott að búa alla ævi</i>	Byggð við Eyjafjörð hafi mótist af landbúnaði og sjávarútvegi, með fjölbreyttum búsetukostum frá sjávarplássum og sveitabæjum til dreifðrar íbúðarbyggðar og stærri þéttbýlisstaða.	Gott samræmi. Áhersla á að byggð styðji við blómlegt samfélag og fjölbreytt búsetuskilyrði. <ul style="list-style-type: none"> Dalvíkurbyggð er vaxandi samfélag með fjölbreyttum búsetukostum sem henta bæði fjölskyldum og einstaklingum. Meginstefnan er að skapa öflugt og fjölbreytt samfélag, með sterkum byggðarkjörnum, góðu húsnæðisframboði og lífsgæðum. Greinir áskoranir: skort á lóðum, dreifð byggð, þörf á sterkari miðbæ og grænum almenningsrýmum.

Stefna aðalskipulags	Leiðarljós svæðisskipulags	Samræmi við aðalskipulag Dalvíkurbyggðar
<p>Hér er öflugt og sveigjanlegt atvinnulíf</p>	<p>Áherslu á þætti sem hafa óbein áhrif á atvinnuþróun, svo sem skipulag byggðar, samgöngur, hafna- og flugmál, ásamt nýtingu lands og auðlinda. Með þessum áherslum er lagður grunnur að skilyrðum sem styðja við fjölbreytt atvinnulíf, jafnframt því að styrkja byggðapróun og búsetuskilyrði á Eyjafjarðarsvæðinu.</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Sérstök áhersla á að styrkja samfélagsþjónustu, leiksvæði, menningarlíf og útivistarmöguleika. <p>Gott samræmi. Fjölbreytt og sveigjanlegt atvinnulíf með aukinni áherslu á nýsköpun og sérhæfð störf.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Sjávarútvegur burðarás atvinnulífsins, með öfluga útgerð og nýja fiskvinnslu. • Landbúnaður heldur mikilvægu hlutverki, einkum mjólkurframleiðsla og sauðfjárbúskapur, með áherslu á kolefnisbindingu og sjálfbærni. • Ferðaþjónusta hefur vaxið hratt og byggir á náttúru, útivist og hvalaskoðun. • Nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi sem og fjölbreytt atvinnulíf. • Áhersla á störf án staðsetningar og nýting fjarskipta til að laða að sér sérfræðistörf.
<p><i>Dalvíkurbyggð hefur trausta innviði sem stuðla að auknum lífsgæðum íbúa og öfluggu atvinnulífi</i></p>	<p>Lögð áhersla á mikilvægi öruggs og skilvirks vegakerfis sem tengir byggðarkjarna við Eyjafjörð og tryggir aðgengi að helstu höfnum. Flugsamgöngur eru einnig taldar lykilatriði fyrir norðurland fyrir betri tenginu við höfuðborgina.</p> <p>Raforkukerfi, vatnsvernd, fráveitur og úrgangsmál. Markmið er að byggja upp öruggt og hagkvæmt raforkukerfi með áherslu á endurnýjanlega orkugjafa og umhverfissjónarmið. Þá eru vatnsverndarsvæði skilgreind og lögð áhersla á að fráveitur og úrgangur séu meðhöndluð þannig að sem minnst umhverfisáhrif verði.</p>	<p>Gott samræmi. Horft til þess að innviðir séu byggðir upp á forsendum íbúa og atvinnulífs án þess að skerða viðkvæm vistkerfi.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Tryggja öflugt vegakerfi sem tengir saman byggðarkjarna við Eyjafjörð og tengir svæðið við aðra landshluta. • Mikilvægi flugsamgangna fyrir íbúa og atvinnulíf. • Samgöngur til hafna þar sem hafnir eru mikilvægir innviðir fyrir atvinnu og samfélag. • Lögð áhersla á öruggt og hagkvæmt raforkukerfi ásamt sjálfbærri nýtingu orkugjafa. • Vatnsverndarsvæði eru skilgreind og lögð áhersla á að tryggja hreina vatnsöflun til framtíðar.

Stefna aðalskipulags	Leiðarljós svæðisskipulags	Samræmi við aðalskipulag Dalvíkurbyggðar
		<ul style="list-style-type: none"> Fráveitur og úrgangsmál eru nefnd í báðum skjölum með áherslu á að lágmarka umhverfisáhrif og tryggja vistvæna lausn.

5.7.4.2. Aðrar áætlanir á svæðisvísu

Áætlun	Tenging	Samræmi
Áfangastaðaáætlun Norðurlands	Miðar að því að byggja upp ferðaþjónustu sem nýtir náttúru og menningu svæðisins á sjálfbæran hátt.	Gott samræmi. Áherslu á sjálfbæra þróun, verndun náttúru og menningar, auka aðdráttarafl svæðisins og fjölbreytta ferðaþjónustu allt árið. Leggja áherslu á uppbyggingu innviða, bætt aðgengi og öryggi, vistvænar lausnir og eflingu ferðaþjónustu með tengingu við náttúru, menningu og útivist.
Samgöngu- og innviðastefna Norðurlands eystra	Vistvænar samgöngur, örugg tengsl milli byggðarlaga og öfluga innviði sem styðja atvinnulíf og samfélag.	Gott samræmi. Áherslu á öruggar og greiðar samgöngur, vistvænar lausnir og sjálfbærni. Lögð er áhersla á jarðgöng til að bæta tengingar, styttingu leiða, bætt umferðaröryggi og vetrarþjónustu, auk þess sem markmið um kolefnishlutleysi og orkuskipti eru sameiginleg. Þetta styður við jákvæða byggðapróun og eflingu atvinnulífs með traustum innviðum.
Sóknaráætlun Norðurlands eystra	Vinna þannig saman að því að styrkja Dalvíkurbyggð sem lífvænlegan og sjálfbæran byggðarkjarna.	Gott samræmi. Leggja áherslu á sjálfbæra þróun, fjölbreytt atvinnulíf og öfluga innviði. Skipulagið styður markmið um blómlegar byggðir, nýsköpun og vernd náttúru með aðgerðum eins og þéttingu byggðar, endurheimt votlendis og vistvænum samgöngum, í takt við stefnu sóknaráætlunar um atvinnuþróun, lífsgæði og umhverfisvernd.
Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi	Leggur grunn að sameiginlegum lausnum í úrgangsmálum á Norðurlandi. Stuðlar að hringrásarhagkerfi og tryggir að Dalvíkurbyggð sé hluti af heildrænni stefnu.	Gott samræmi. Áherslu á sjálfbæra þróun, verndun náttúru og vistkerfa, loftslagsaðgerðir og kolefnisbindingu, ásamt því að tryggja fjölbreytta búsetu- og atvinnumöguleika. Lögð er áhersla á að nýting auðlinda sé ábyrg og í sátt við náttúruna, styrkja innviði og samgöngur og að efla ferðaþjónustu og nýsköpun innan ramma sjálfbærni. Sömu markmið fyrir Norðurland með áherslu á loftslagsmál, vistvænar samgöngur og jafnvægi milli verndar og nýtingar.

5.7.4.3. Aðalskipulag aðliggjandi sveitarfélaga

Áætlun	Tenging	Samræmi
Aðalskipulag Fjallabyggðar	Landnotkun og sveitarfélagamörk.	Samræmi er í landnotkun milli sveitarfélaga.
Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar	Landnotkun og sveitarfélagamörk.	Samræmi er í landnotkun milli sveitarfélaga.
Aðalskipulag Hörgársveitar	Landnotkun og sveitarfélagamörk.	Samræmi er í landnotkun milli sveitarfélaga.

5.7.5. Stefnur og áætlanir á staðarvísu

5.7.5.1. Áætlanir og stefnur sveitarfélagsins

Áætlun	Tenging	Samræmi
Heilsueflandi Dalvíkurbyggð	Íbúar Dalvíkurbyggðar taki virkan þátt í að huga að heilsu sinni og leggja lið í því að móta samfélag sem mun í framtíðinni þekkjast sem samfélag sem leggur áherslu á heilsueflingu í sínum viðtækasta skilningi.	Gott samræmi. Áhersla á aðgengi að útivistarsvæðum, sem stuðlar að bættri lýðheilsu og lífsgæðum. Skipulagið leggur einnig áherslu á vistvænar lausnir, græn svæði og öflugt íþrótt- og tómstundastarf, í takt við markmið um heilsueflandi samfélag.
Húsnæðisáætlun Dalvíkurbyggðar	Gera þarf að ráð fyrir 20–34 nýjum íbúðum á næstu tíu árum vegna fjölsfjölgunar. Áhersla er á fjölbreytt búsetuform, hagkvæmt húsnæði og skipulag lóða sem mætir bæði núverandi skorti og framtíðarþörf.	Gott samræmi. Áhersla á fjölbreytta íbúðauppbyggingu, aukið framboð lóða og hagkvæmar íbúðir til að mæta mannfjöldaspá og íbúðaþörf. Einnig er lögð áhersla á áfangaskiptingu nýbyggingarsvæða, þéttingu byggðar og blandaða byggð, sem styður markmið um sjálfbæra þróun og bætt búsetuskilyrði í Dalvíkurbyggð.
Umferðaöryggisáætlun Dalvíkurbyggðar 2018-2022	Til að bæta öryggi vegfarenda í sveitarfélaginu. Hún byggir á greiningu slysa, hraðamælingum og könnun á gönguleiðum skólabarna, auk samráðs við íbúa og fagaðila. Markmið áætlunarinnar eru að fækka slysum, efla öryggi gangandi og hjólandi, bæta merkingar og gönguleiðir, styrkja fræðslu og gera skipulagðar úrbætur.	Gott samræmi. Áhersla á öruggar samgöngur, bættu aðstöðu fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur og öflugum umferðarfræðslu. Lagt er áherslu á að draga úr hraða í þéttbýli, bæta merkingar og lýsingu við skóla og íþróttasvæði, og tryggja öruggar gönguleiðir sem hluta af heildstæðri skipulags- og öryggisstefnu sveitarfélagsins.
Umhverfisstefna fyrir hafnir Dalvíkurbyggðar	Tryggir að umhverfissjónarmið séu höfð að leiðarljósi í allri starfsemi hafna. Markmiðin eru að draga úr mengun, tryggja heilnæmt vinnuumhverfi og efla fræðslu um umhverfismál. Áhersla er á orkusparnað, vistvæna endurnýjun, flokkun og endurvinnslu úrgangs, sem og að minnka notkun jarðefnaeldsneytis.	Gott samræmi. Áhersla á sjálfbæra þróun, vistvænar lausnir og verndun náttúru. Ásamt því leggja áherslu á að draga úr mengun, stuðla að orkusparnaði og endurvinnslu, og tryggja öruggt og heilnæmt umhverfi fyrir íbúa og starfsemi.

5.7.5.2. Deiliskipulagsáætlanir

Áætlun	Samræmi
Deiliskipulag Fólkvangs í Böggvisstaðafjalli	Í samræmi
Deiliskipulag frístunda- og iðnaðarsvæðis í landi Upsa	Í samræmi
Deiliskipulag Dalvíkurhafnar	Í samræmi
Íþróttasvæði Dalvíkur	Í samræmi
Deiliskipulag Lokastígsreits	Í samræmi
Deiliskipulag við Svarfaðarbraut	Í samræmi
Deiliskipulag íbúðarsvæðis við Kirkjuveg	Í samræmi
Deiliskipulag frístundabyggðar og iðnaðarsvæðis í landi Hamars	Í samræmi
Deiliskipulag Skáldalæks ytri, frístundabyggð	Í samræmi
Deiliskipulag Gullbringu í landi Tjarnar í Svarfaðardal	Í samræmi
Deiliskipulag sumarhúsa í landi Laugahlíðar	Í samræmi
Deiliskipulag Snerru	Í samræmi
Deiliskipulag í landi Kónsstaða/Birkiflöt	Í samræmi
Deiliskipulag Klængshól í Skiðadal	Í samræmi
Deiliskipulag athafna-, verslunar-, þjónustu- og íbúðarsvæðis á Árskógssandi	Í samræmi
Deiliskipulag Hauganes	Í samræmi
Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Stærri-Árskóg	Í samræmi
Deiliskipulag ferðaþjónustu í landi Ytri Víkur	Í samræmi

6. UMHVERFISMAT AÐALSKIPULAGS

Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar 2025-2045 er skipulagsáætlun sem er háð umhverfismati samkvæmt 2. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Umhverfismat aðalskipulags Dalvíkurbyggðar 2025–2045 er unnið í samræmi við lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, reglugerð nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, skipulagslög nr. 123/2010, skipulagsreglugerð nr. 90/2013 og landsskipulagsstefnu.

Tilgangur umhverfismatsins er að:

- meta líkleg heildarumhverfisáhrif aðalskipulagsins og helstu valkosti,
- tryggja að umhverfissjónarmið og loftslagsmál séu integreruð inn í stefnumótun aðalskipulagsins frá upphafi,
- greina tækifæri til að nýta jákvæð áhrif og draga úr neikvæðum áhrifum, m.a. með mótvægisaðgerðum og vöktun,
- sýna fram á samræmi við lög og stefnu stjórnvalda á sviði skipulags, loftslags og náttúruverndar.

6.1. Aðferðafræði

Umhverfismatið byggir á:

- greiningu á núverandi ástandi,
- greiningu framtíðarsýnar og stefnu aðalskipulagsins,
- samanburði við núverandi ástand (grunnsviðsmynd),
- mati á áhrifum helstu stefnuákvæða og landnotkunarbreytinga á:
 - líffræðilega fjölbreytni og vistkerfi,
 - vatn, jarðveg og landslag,
 - loftslag og losun/ bindingu gróðurhúsalofttegunda,
 - menningarmínjar,
 - samfélag, heilsu og lífsgæði,
 - samlegðaráhrif,
- tillögum að mótvægisaðgerðum og vöktun.

Matið tekur á stefnu aðalskipulags, en nánara mat á umhverfisáhrifum einstakra framkvæmda fer fram síðar, eftir því sem þær falla undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Nánari áhrif einstakra svæða og framkvæmda verða metin frekar við gerð deiliskipulags og í matsferlum fyrir tiltekna framkvæmdir.

6.2. Lýsing á áætlun og helstu breytingum

6.2.1. Framtíðarsýn og leiðarljós

Framtíðarsýn aðalskipulagsins er að Dalvíkurbyggð sé:

- vaxandi og samheldið samfélag,
- með fjölbreytt húsnæðis- og búsetuúrræði,
- með blómlegt og fjölbreytt atvinnulíf (sjávarútvegur, landbúnaður, nýsköpun, ferðaþjónusta, grænn iðnaður),
- með sjálfbæra landnýtingu og náttúruvernd,
- með sterka innviði og öruggar, vistvænar samgöngur.

Leiðarljósín 1–6 (lífsgæði, búsetukostir, sjálfbær nýting, atvinnulíf, innviðir, menningararfur) eru ramma um umhverfisstefnu og umhverfismatið.

6.2.2. Helstu breytingar frá gildandi aðalskipulagi

Í umhverfissamhengi skipta m.a. eftirfarandi breytingar mestu:

- Nýtt tjaldsvæði og hótél í Böggvisstaðafjalli (AF-508, VP-507) í fólkvanginum, með áherslu á samnýtingu við skíðasvæði.
- Stækkun Dalvíkurhafnar til norðurs (H-106, SN-199) með landfyllingu.

- Breytt aðkoma að Hauganeshöfn og uppbygging í Sandvík (AF-753, VP-759, F-757, H-751, nýr aðkomuvegur).
- Endurskilgreining athafna- og iðnaðarsvæða:
 - stórt iðnaðarsvæði við Árskógssand er breytt í athafnasvæði AT-805 fyrir plássfreka en lítt mengandi atvinnustarfsemi (landeldi, matvælaíðnaður, gagnaver),
 - AT-659 Hrísamóar sem nýtt athafnasvæði fyrir fyrirferðarmikla starfsemi (inniheldur flutning léttari iðnaðar frá Sandskeiði).
- Ný orkutengd mannvirki:
 - Árskógsvirkjun (I-834), allt að 5 MW vatnsaflsvirkjun í Þorvaldsdal,
 - jarðhitanýting Ytri-Haga (I-833),
 - Dalvíkurlína 2 (66 kV jarðstrengur) o.fl. orkuinnviðir (VH).
- Afmörkun skógræktar- og landgræðslusvæða (SL) og skýrar reglur um skógrækt á landbúnaðarlandi (L) m.t.t. ræktunarflokkunar.
- Skýr landbúnaðarstefna með flokkun ræktunarlands í 4 flokka og vernd bestu ræktunarlands gegn landnotkunarbreytingum.
- Þéttbýlisuppbygging innan núverandi þéttbýlismarka á Dalvík, Árskógssandi, Hauganesi og í Laugahlíð (ÍB, M, S, OP) með áherslu á þéttleika, stuttar vegalengdir og stígakerfi.

- Skýrt samgöngunet og ný jarðgöng (Ólafsfjarðargöng), stígakerfi milli byggðarkjarna og tengingar við Akureyri.

6.3. Tengsl við aðrar áætlanir og stefnumörkun

6.3.1. Landsskipulagsstefna

Aðalskipulagið tekur sérstaklega mið af áherslum landsskipulagsstefnu um:

- samþættingu byggðar og samgangna (þétt og sjálfbær byggð, vistvænar samgöngur),
- vernd landslags og víðerna,
- vernd vistkerfa og votlendis,
- þéttingu byggðar og hagkvæma landnýtingu,
- aðlögun að loftslagsbreytingum og kolefnishlutleysi.

Umhverfismatið staðfestir að helstu stefnuákvæði aðalskipulagsins styðja við þessar áherslur, m.a. með því að:

- stýra nýrri íbúðaruppbyggingu innan þéttbýlismarka,
- flokka og vernda besta landbúnaðarlandið,
- afmarka og vernda friðlýst svæði, vatnsvernd og strandsvæði.

6.3.2. Heimsmarkmið SP og stefna stjórnvalda

Stefna aðalskipulagsins og umhverfismatið tengjast sérstaklega eftirfarandi heimsmarkmiðum:

- nr. 3 Heilsa og vellíðan,
- nr. 6 Hreint vatn og hreinlætisaðstaða,
- nr. 7 Sjálfbær orka,
- nr. 8 Mannsæmandi atvinna og hagvöxtur,

- nr. 9 Nýsköpun og uppbygging innviða,
- nr. 11 Sjálfbærar borgir og samfélög,
- nr. 13 Aðgerðir í loftslagsmálum,
- nr. 14 og 15 Líf í vatni og á landi.

Einnig er horft til:

- loftslagsstefnu og aðgerðaáætlunar stjórnvalda um kolefnishlutleysi,
- stuðnings við orkuskipti í samgöngum og sjávarútvegi,
- Vatnaáætlunar og laga um stjórn vatnamála m.t.t. verndar vatnshlota og vatnsgæða.

6.4. Lýsing á núverandi aðstæðum

6.4.1. Náttúra, vistkerfi og verndarsvæði

Dalvíkurbyggð einkennist af djúpum dölum (Svarfaðar- og Skíðadal), bröttum fjallgarði Tröllaskaga, fjölbreyttum votlendis- og strandvistkerfum við Eyjafjörð.

Mikilvæg verndarsvæði:

- Friðland í Svarfaðardal (FS-600), eitt mikilvægasta votlendissvæði á Norðurlandi; mikilvægt fyrir fuglalíf, vatnsbúskap og kolefnisbindingu.
- Fólkvangur í Böggvisstaðafjalli (FS-500, OP-511) mikilvægt fyrir útivist, skíðasvæði og skógrækt.
- Önnur verndarsvæði, hverfisverndarsvæði (HV) og óbyggð svæði (ÓB) sem tryggja vernd landslags, víðerna og jarðminja.

6.4.2. Landbúnaður og landgæði

Landbúnaðarland er flokkað í fjóra flokka eftir hentugleika til ræktunar. Svæði í flokki 1 og 2 eru mjög gott/gott ræktunarland sem nýtur sérstakrar

verndar gegn landnotkunarbreytingum. Þetta er lykilatriði fyrir fæðuöryggi, kolefnisbindingu í jarðvegi og verndun landgæða til framtíðar.

6.4.3. Vatnafar og vatnsvernd

Mikilvæg vatnshlot í sveitarfélaginu eru:

- Svarfaðardalsá, Skíðadalsá, Þorvaldsdalsá og tengd vötn,
- strandsjór Eyjafjarðar við Dalvíkurbyggð (vatnshlot 102-1365-C),
- grunnvatnshlot, m.a. í Svarfaðardal (102-130-G).

Vatnsból og vatnsverndarsvæði eru afmörkuð, m.a. við Upsa, Svarfaðardalsá og Brattavallahóla, og njóta strangra skilmála um landnotkun, framkvæmdir og mengunarvarnir.

6.4.4. Menningarminjar

Í sveitarfélaginu eru fjölmargar friðaðar og skráðar fornleifar, kirkjur og kirkjugarðar, byggðarmynstur og hús í þéttbýli Dalvíkur sem njóta verndunar.

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir minjavernd (MV) og sérstökum ákvæðum um ásýnd, efnisnotkun og hæð nýbygginga í eldri hverfum.

6.4.5. Samfélag, lífsgæði og heilsufar

Lítið en vaxandi samfélag þar sem áhersla er á góða þjónusta alla ævi, aðgengi að íþrótt- og útivistarsvæðum, stígakerfi og öruggar leiðir að skóla og þjónustu.

Álag á íbúðargötur vegna ferðaþjónustu (m.a. á Hauganesi og Árskógssandi) hefur verið áskorun sem aðalskipulagið bregst við með nýjum aðkomuvegi, aðgreiningu gistipjónustu og íbúðarsvæða og reglusetningu um gistingu.

6.4.6. Loftslag, losun og kolefnisbinding

Loftslagsbreytingar birtast m.a. sem aukin úrkoma og álag á fráveitu, aukin flóðahætta og framburður í ám, hækkandi sjávarstaða á hafnarsvæðum og breytingar á snjóflóða- og skriðuhættu.

Á sama tíma býr sveitarfélagið yfir verulegum kolefnisforða í votlendi (sérstaklega í friðlandinu), tækifærum til kolefnisbindingar með skógrækt, landgræðslu og endurheimt votlendis. Takmarkaðir möguleikar eru til orkuöflunar á svæðinu. Þar má einkum nefna smærri vatnsaflsvirkjanir, en möguleikar til vindorkunýtingar hafa enn ekki verið kortlagðir.

6.5. Mat á umhverfisáhrifum helstu breytinga

Í þessum kafla er farið yfir helstu breytingar og stefnuákvörðun aðalskipulagsins sem geta haft veruleg áhrif á umhverfi.

6.5.1. Nýtt tjaldsvæði og hótél í Bökkvisstaðafjalli

Helstu áhrif:

- **Náttúra og vistkerfi:** Svæðið er innan fólkvangs og hefur hátt verndargildi varðandi útivist, landslag og gróður. Aukin uppbygging (tjaldsvæði og hótél) getur valdið auknu álagi á jarðveg, gróður og dýralíf, auk sjónrænna áhrifa.
- **Landslag og ásýnd:** Mannvirki geta haft áberandi sjónræn áhrif úr fjarlægð ef landmótun og hæðarsetning er ekki vönduð.

- **Samfélag og ferðaþjónusta:** Jákvæð áhrif á ferðaþjónustu og eflingu skíðasvæðis og vetrarferðaþjónustu, lengir ferðamannatímabil, styrkir atvinnu.
- **Loftslag og samgöngur:** Getur aukið umferð og losun, en jafnframt stutt við vistvænar ferðaleiðir ef tengsl við stígakerfi og almenningssamgöngur eru góð.

Mótvægisáðgerðir til að setja í deiliskipulag:

- Hæðarsetning, form og efnisval mannvirkja fellt að landslagi,
- skýr hámarkshæð og byggingarmagn,
- stýrð bílastæðauppbygging og hvatar til vistvænna samgangna,
- stýrð umferð gangandi/hjólandi til að vernda viðkvæm svæði,
- skjólrækt með staðargróðri, forðast ágengar tegundir,
- sérstök áhersla á fráveitu og ofanvatn, með blágrænum lausnum.

6.5.2. Stækkun Dalvíkurhafnar

Helstu áhrif:

- **Vatnafar og lífríki í sjó:** Landfyllingar og dýpkun geta haft áhrif á sjávarbotn, setflutning, strauma og lífríki; tímabundið grugg, varanleg breyting á botngreð og búsvæðum.
- **Strandsvæði og landslag:** Breytt ásýnd strandlengju og fjörusvæða, skerðing náttúrulegrar strandlínu á afmörkuðum kafla.
- **Samfélag og atvinnulíf:** Jákvæð áhrif vegna aukinnar hafnarstarfsemi, styrkir sjávarútveg og ferðaþjónustu, skapar aukið rými fyrir

möguleika á rafvæðingu hafnar og orkuskipti í skipasamgöngum.

Mótvægisáðgerðir / skilyrði:

- mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar þegar kemur að framkvæmd (skv. lögum nr. 111/2021),
- vönduð hönnun landfyllinga til að lágmarka áhrif á strauma og setflutning,
- vöktun á lífríki og botnseti fyrir og eftir framkvæmd,
- áhersla á rafvæðingu hafnar, spilliefnageymslu og mengunarvarnir.

6.5.3. Breytt aðkoma að Hauganeshöfn og uppbygging Sandvíkur

Helstu áhrif:

- **Samfélag og öryggi:** Jákvætt að draga úr gegnumakstri ferðaþjónustutengdrar umferðar um íbúðargötur, bæta umferðaröryggi og lífsgæði íbúa.
- **Náttúra og strandsvæði:** Uppbygging í Sandvík (hótel, frístundahús, baðaðstaða) getur aukið álag á strandvistkerfi, sjávarfítjar og fjörur.
- **Vatn og fráveita:** Mikilvægt að tryggja fullnægjandi fráveitu, affallsvatn og ofanvatnslausnir til að vernda strandsjó og vatnsgæði.

Mótvægisáðgerðir:

- deiliskipulag sem sýnir verndarlínu strandvæða og lágmark mannvirkjagerðar innan strandsvaða (ST),
- sértæk ákvæði um fráveitu, affallsvatn og viðbrögð við álagi á strandsjó,

- göngu- og hjólaleiðir milli byggðar, hafnar og útivistarsvæða til að draga úr bílapörf.

6.5.4. Athafna- og iðnaðarsvæði

Helstu áhrif:

- **Hrísamóar (AT-659):** Flutningur léttari iðnaðar frá Sandskeiði á öruggari stað (minni flóðahætta) er jákvæður út frá náttúruvá. Áhrif á landslag, ásýnd við helstu aðkomuleið að Dalvík; krafist er landmótunar og gróðurs til skjólmyndunar. Huga þarf að áhrifum á friðlandið í Svarfaðardal m.t.t. ofanvatns og hugsanlegrar mengunar.
- **AT-805 ofan Árskógssands:** Stórt svæði fyrir plássfreka starfsemi (gagnaver, matvælaíðnað, landeldi). Mögulega veruleg áhrif á landslag, vatnafar, hávaða, ljósmengun og orkunotkun ef nýtt til fulls.
- **AT-828 fiskeldi:** Áhrif á vatnsgæði og lífríki, sérstaklega ef landeldi tengist fráveitu í sjó eða ferskvatni.

Mótvægisáðgerðir:

- deiliskipulag fyrir athafnasvæði AT-659, AT-805 og AT-828, sé með skýrum skilmálum um: fráveitu, affallsvatn og mengunarvarnir, hljóðvist, ljósmengun og skjól/landmótun, ofanvatn og blágrænar lausnir (ef það á við), hámarksnýtingu og byggingarmagn.
- framkvæmdir sem falla undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 (t.d. fiskeldi, gagnaver o.fl.) fari í umhverfismat.

6.5.5. Árskógsvirkjun

Helstu áhrif:

- **Vatn og vistkerfi:** Vatnsaflsvirkjun og tengdar framkvæmdir (lón, stíflur, aðrennslis- og frárennslisskurðir, efnistaka) geta haft áhrif á: rennslissveiflur í Þorvaldsdalsá, setflutning, búsvæði fiska og botndýra, landslag og árbakka.
- **Loftslag:** Jákvæð áhrif m.t.t. endurnýjanlegrar orku og orkuskipta, ef virkjunin kemur í stað jarðefnaeldsneytis annars staðar.

Mótvægisáðgerðir:

- umhverfismat virkjunar skv. lögum nr. 111/2021 (er í ferli),
- tryggja lágmarksrennslis, vernd búsvæða og vandaðan frágang við uppistöðulón og efnistökusvæði,
- vöktun á vatnagæðum og lífríki að framkvæmdum loknum.

6.5.6. Skógræktar- og landgræðslusvæði og breytingar á landbúnaðarlandi

Helstu áhrif:

- **Kolefnisbinding og jarðvegur:** Skógrækt og landgræðsla á SL-svæðum og hluta L-svæða styður við kolefnisbindingu og dregur úr jarðvegseyðingu.
- **Líffræðileg fjölbreytni:** Ávinningur ef unnið er með staðargróður og innlendar tegundir, hugsanleg neikvæð áhrif ef plöntuval og framkvæmd dregur úr fjölbreytni eða breytir opnu graslendi/votlendi mikið.
- **Landslag og útivist:** Skógrækt á vel völdum svæðum getur bætt útivist, skjólmyndun og upplifun, getur breytt ásýnd víðerna ef ofarlega í hlíðum eða í jaðri fjallgarða.

Styrkleikar skipulagsins:

Skýr regla að skógrækt á landbúnaðarlandi í flokki 1 og 2 sé aðeins heimil sem skjólbeltarækt, skýrir skilmálar um að forðast votlendi, birkiskóga og lykilvistkerfi, krafa um ítarleg gögn og matsatriði í framkvæmdaleyfisumsóknum vegna skógræktar yfir ákveðinni stærð.

6.5.7. Þéttbýlisuppbýgging

Helstu áhrif:

- **Landnýting og innviðir:** Jákvætt að ný íbúðabyggð sé að jafnaði innan núverandi þéttbýlismarka, með þéttingu og nýtingu núverandi innviða.
- **Samgöngur og loftslag:** Þéttari byggð og stuttar vegalengdir styðja við vistvænar samgöngur og draga úr akstri. Áhersla á stíga og tengingar við skóla, íþróttasvæði og miðsvæði dregur úr bílnotkun.
- **Heilsa og lífsgæði:** Aukin áhersla á græn svæði, leiksvæði og tengsl við útivistarsvæði er jákvæð.

Mótvægisáðgerðir:

- Við deiliskipulagsgerð nýrra ÍB-svæða skal:
 - sýna græna innviði og blágrænar ofanvatnslausnir,
 - tryggja aðgengi að leik- og útivistarsvæðum,
 - forðast uppbyggingu á svæðum með þekktu snjóflóða- eða flóðahættu án varnaraðgerða.

6.5.8. Efnistöku- og efnislosunarsvæði

Helstu áhrif:

- staðbundið rask á jarðvegi og gróðri,
- möguleg breyting á landslagi og ásýnd,

- áhrif á vatnshlot (ár, áreyrar og fjörur) ef ekki er gætt varúðar.

Styrkleikar skipulagsins:

- skýr hámarksstærð raskssvæða (oft <2,5 ha og <50.000 m³),
- ítarlegir skilmálar um frágang, gróðursetningu og takmörkun á efnistöku í friðlandi og við vatnshlot,
- tilvísun í lög um stjórn vatnamála og reglugerðir,
- skýr aðgreining tímabundinna náma vegna Árskógsvirkjunar (E-835, E-836, E-837) með kröfu um lokun og frágang.

6.6. Samlegðaráhrif og uppsöfnuð áhrif

Mikilvægt að líta heildstætt á:

- samspil hafnaruppbyggingar, atvinnusvæða og orkuinnviða við Eyjafjörð,
- uppsöfnuð áhrif skógræktar, landgræðslu og beitar á vistkerfi, landslag og vatnafar,
- samspil ferðaþjónustu og útivistar á verndarsvæði og viðkvæm vistkerfi (Friðlandið, Böggvisstaðafjall, strandsvæði).

Metið er sem svo að ef farið er eftir skilmálum og mótvægisáðgerðum aðalskipulagsins, og nánara umhverfismat einstakra stórra framkvæmda er unnið á réttum tíma, sé hægt að halda uppsöfnuðum neikvæðum áhrifum innan ásættanlegra marka, á sama tíma og jákvæð samlegðaráhrif vegna grænna innviða, kolefnisbindingar og vistvænna samgangna koma til.

6.7. Mótvægisáðgerðir

Helstu mótvægisáðgerðir sem umhverfismatið leggur til:

1. Innleiðingu blágrænna ofanvatnslausna á öllum nýjum uppbyggingarsvæðum.
2. Auknar kröfur um landmótun og gróðurrækt á athafnasvæðum og við efnistökusvæði, með áherslu á staðargróður og forvarnir gegn ágengum tegundum.
3. Skýr viðmið um lágmarksrennsli og vernd vatnshlota við vatnsaflsvirkjanir, efnistöku og landfyllingar.
4. Áhersla á vistvænar samgöngur í þéttbýli: stígakerfi, aðgengi að almenningssamgöngum, samnýting bílastæða.
5. Stífar kröfur um fráveitu og affallsvatn á landeldis- og matvælasvæðum í samræmi við vatnaáætlun og reglugerðir.
6. Kerfisbundin vernd landbúnaðarlands í flokki 1 og 2 með því að forðast uppskiptingu lands og línuleg mannvirki yfir besta ræktunarlandið.
7. Stýring ferðaþjónustu og aðgengis á viðkvæmum svæðum (Friðlandið, Böggvisstaðafjall, strandsvæði) með stígum, upplýsingum og aðstöðu sem dregur úr álagi á viðkvæman gróður og fuglalíf.

6.8. Vöktun og eftirfylgni

Til að tryggja að markmið umhverfismatsins náist er lagt til að fylgst verði með eftirfarandi breytingum og þær skrásettar:

Landnotkun og uppbygging: nýtt byggingarmagn á íbúða- og athafnasvæðum, breytingar á landbúnaðarlandi í flokki 1 og 2.

Náttúra og vistkerfi: þróun í friðlandi Svarfaðardals (vatnsstaða, votlendisflatarmál, stærð fuglastofna), staða skógræktar og landgræðsluvæða m.t.t. kolefnisbindingar og líffræðilegrar fjölbreytni.

Vatn og vatnsgæði: vöktun á vatnsgæðum við helstu fráveituútrásir, vöktun við helstu efnistökusvæði sem snerta ár og áreyrar.

Loftslag og orka: þróun raforkunotkunar og orkuskipta (fjöldi hleðslustöðva, rafvæðing hafna), áætlaður kolefnisjöfnuður skógræktar, landgræðslu og votlendisverndar.

Samfélag og umferð: umferðartölur á helstu aðkomuvegum, slysiðni á vegum og stígum, kvartanir íbúa vegna hávaða, sjónrænna áhrifa eða mengunar frá nýrri starfsemi.

Niðurstöður vöktunar yrðu nýttar við endurskoðun aðalskipulags og við gerð deiliskipulaga og framkvæmdaáætlana.

6.9. Niðurstaða umhverfismats

Umhverfismat aðalskipulags Dalvíkurbyggðar 2025–2045 leiðir í ljós að:

- Framtíðarsýn, leiðarljós og stefna aðalskipulagsins styðja við sjálfbæra þróun,
- skipulagið tryggir betri vernd náttúru og landgæða en án þess, m.a. með:
 - flokkun og verndun landbúnaðarlands,
 - afmörkun verndarsvæða (friðland, fólkvangur, strandsvæði, vatnsvernd),
 - skýrum skilmálum um skógrækt, landgræðslu og efnistöku,
- heildaráhrif á loftslag og kolefnisjöfnuð eru jákvæð til lengri tíma, að því gefnu að:
 - skógrækt, landgræðsla og votlendisvernd séu útfærð í samræmi við skilmála,
 - orkutengdar framkvæmdir styðji við orkuskipti,
 - þétting byggðar og vistvænar samgöngur séu raunverulega innleiddar.

Á sama tíma er ljóst að ákvörðun um stóra einstaka uppbyggingarkosti, t.d. stækkun hafnar, stór landeldi, virkjanir og uppbyggingu á stórum athafnasvæðum geta haft veruleg staðbundin umhverfisáhrif sem þarf að meta nánar þegar til framkvæmda kemur.

Að teknu tilliti til fyrirliggjandi skilmála og þeirra mótvægisáðgerða og vöktunar sem lögð er til í þessari umhverfisskýrslu, er niðurstaða matsins sú að umhverfisáhrif Aðalskipulags Dalvíkurbyggðar 2025–2045 eru ásættanleg frá umhverfissjónarmiði og styður við markmið laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, skipulagslaga og landsskipulagsstefnu, að því gefnu að umhverfissjónarmið og mótvægisáðgerðir verði útfærð og innleidd á næsta skipulags- og framkvæmdastigi.

7. VALKOSTAGREININGAR

Stuðst var við valkostagreiningu til að leggja mat á áhrif og hentugleika þeirra mismunandi svæða sem komu til greina fyrir tiltekna landnotkun eða framkvæmdaáform. Markmiðið var að setja fram viðmið sem styðja við ákvarðanatöku um staðsetningu og umfang.

Markmið valkostamatsins er að tryggja faglegt, gagnsætt og rökstutt mat á mismunandi staðsetningum með hliðsjón af:

- framtíðarsýn aðalskipulags um sjálfbæra ferðaþjónustu og bætt lífsgæði íbúa,
- landsskipulagsstefnu og lögum nr. 123/2010 um skipulag,
- grenndaráhrifum og aðgengi að þjónustu,
- umhverfisáhrifum, jarðraski og verndargildi,
- rekstrarlegum og tæknilegum forsendum.

Um er að ræða valkosti fyrir:

- staðsetningu tjaldsvæðis á Dalvík
- staðsetningu nýs hótels
- framtíðarathafnasvæði Dalvíkur
- stækkun Dalvíkurhafnar
- nýjan aðkomuveg að Hauganeshöfn

7.1. Staðsetning tjaldsvæðis Dalvíkur

Núverandi tjaldsvæði Dalvíkur, sem er um 1,2 ha að stærð, er orðið of lítið til að mæta þeirri eftirspurn sem skapast á háannatíma yfir sumarmánuðina. Svæðið er að mestu nýtt á sumrin og er staðsett í grennd við grunnskóla, leikskóla og aðra þjónustu. Þetta gerir það að fýsilegum valkosti fyrir íbúðabyggð til framtíðar. Því er nauðsynlegt að finna nýja staðsetningu fyrir tjaldsvæðið sem getur líka tekið við aukinni eftirspurn.

Núverandi tjaldsvæði er við Skíðabraut, sunnan Dalvíkurskóla, við hlið íþróttasvæðis og neðan sundlaugar og íþróttamiðstöðvar. Í nágrenni eru góð leiksvæði fyrir börn, gervigrasvöllur, körfuboltavöllur og ýmis leiktæki.

Valkostir til skoðunar:


- A: Neðan skíðaskála í Böggvisstaðafjalli
- B: Sunnan við Ásgarð
- C: Við Brimnesá

Mynd 7.1 Yfirlit valkosta fyrir nýtt tjaldsvæði. **Mynd 7.1** sýnir staðsetningar valkosta.

7.1.1. Kröfur og viðmið fyrir tjaldsvæði

Við mat á valkostum voru notuð eftirfarandi viðmið:

- Undirlendi og burðargeta: Jafnt eða hæfilega slétt svæði. Undirlag þurfi að þola húsbíla, hjólhýsi og tjaldbúnað.
- Staðsetning og nálægð við þjónustu: Nálægt Dalvík, þannig að aðgangur að sundlaug, þjónustu, verslun og veitingastöðum sé greiður.
- Aðgengi og samgöngur: Aðkoma bíla möguleg án þess að valda óhóflegu álagi á íbúagötur. Fyrirkomulag gatna og tengingar við stofnveg þurfa að vera framkvæmanlegar.
- Inntakslagnir og grunnveitur: Rafmagn, fráveita, vatn og salernisaðstaða skuli vera tiltæk eða raunhæf að leggja.
- Umhverfisáhrif og jarðrask: Huga að landslagi, verndargildi, votlendi, gróðri og að jarðrask verði hóflegt. Áhrif á útivistargæði og upplifun íbúa og gesta.
- Samræmi við skipulagsstefnu: Að staðsetning sé í samræmi við framtíðarsýn aðalskipulags og hlutverk svæðisins í heildarskipan byggðar og útivistarsvæða.



Mynd 7.1 Yfirlit valkosta fyrir nýtt tjaldsvæði.

7.1.2. Valkostur A - Neðan skíðaskála í Bökkvisstaðafjalli

7.1.2.1. Lýsing svæðis

Svæðið er innan fólkvangs Bökkvisstaðafjalls, sem er mikilvægt útivistarsvæði og nýtur verndar. Undirlendið er sléttara en við Brimnesá og gæti rúmað töluverða aðstöðu. Skíðaskálinn gæti nýst sem þjónustuhús að sumri (salerni, rafmagn, móttaka, snyrtingar), sem dregur úr framkvæmdakostnaði.

7.1.2.2. Kostir

- Mikil nálægð við útivistarsvæði, gönguleiðir og náttúru.
- Núverandi vegur liggur að skíðaskála.
- Mikil tenging við ferðamennsku og möguleg samnýting við fyrirhugað hótél.
- Góð sjónræn tenging og útsýni yfir fjörðinn.
- Skíðaskáli nýtist sem þjónustuhús, minni þörf á nýbyggingu.


7.1.2.3. Gallar

- Svæðið er innan fólkvangs, þar sem ákveðnar takmarkanir á framkvæmdum gilda.
- Þarf jarðvinnu til að slétta svæðið, jarðrask verður innan útivistarsvæðis.
- Hugsanleg neikvæð áhrif á upplifun íbúa sem fara í gönguferðir á svæðið.
- Umferð liggur um Mímisveg í gegnum íbúðabyggð, gæti aukið álag á íbúa.

7.1.2.4. Mat

Valkostur B er sterkasti kosturinn hvað varðar ferðaþjónustugildi, rekstrarhagkvæmni og aðstöðu, en viðkvæmastur umhverfislega vegna þess að hann er innan fólkvangs. Hefur þó litla raunverulega

skerðingu á útivistargildi að mati greiningar, enda liggja flest allir göngustígar utan svæðisins.



Mynd 7.2 Staðsetning tjaldsvæðis neðan við skíðaskála í Bökkvisstaðafjalli.

7.1.3. Valkostur B - Sunnan við Ásgarð

7.1.3.1. Lýsing svæðis

Svæðið er óslegið tún og móar, að mestu slétt og framkvæmanlegt með hóflegri landmótun. Grunnveitur eru nálægt vegna starfsemi í Ásgarði. Hluti svæðisins hefur verið skilgreindur fyrir verslun og þjónustu og stefnt er að því að viðhalda þeirri landnotkun.

7.1.3.2. Kostir

- Slétt undirlendi sem hentar tjaldbúnaði.
- Góð tenging við þjóðveg (háð samráði við Vegagerð).
- Hófleg fjarlægð frá þéttbýli, skapar rólegt svæði.
- Nálægt sundlaug og íþróttasvæðum.


7.1.3.3. Gallar^o

- Lengra í þjónustu og veitingastaði en núverandi tjaldsvæði.
- Óvissa um burðargetu jarðvegs fyrir þyngri húsbíla.
- Aukið álag á nágrenni Ásgarðs og íbúðarsvæði.
- Landnotkun fyrir verslun/þjónustu dregur úr langtímasvigrúmi fyrir tjaldsvæði.
- Aðkoma háð fjarlægðarskilyrðum tengipunkta við þjóðveg.
- Nálægð við þjóðveg getur valdið ónæði tjaldgesta.
- Svæðið liggur að fyrirhugaðri íbúðabyggð og getur valdið gagnkvæmum grenndaráhrifum fyrir íbúa og tjaldgesti.

7.1.3.4. Mat

Valkostur B er framkvæmanlegur og með hóflegu jarðraski. Helstu álitamál lúta að aðkomuskilyrðum, hljóðvist vegna þjóðvegjar og nábyli við fyrirhugaða íbúðabyggð. Þá takmarka áform um áframhaldandi

landnotkun fyrir verslun og þjónustu möguleika svæðisins sem framtíðartjaldsvæði.



Mynd 7.3 Staðsetning tjaldsvæðis sunnan við Ásgarð.

7.1.4. Valkostur C - Tjaldsvæði við Brimnesá

7.1.4.1. Lýsing svæðis

Svæðið er rétt utan fólkvangsins og í jaðri þéttbýlis, ofan íbúða við Böggvisstaðabraut. Undirlendi er í miklum halla, ósnortið og myndi krefjast verulegrar jarðvinnu.

7.1.4.2. Kostir


- Grunnveitur eru tiltækar og vegslóði liggur að svæðinu.
- Nálægt íbúðabyggð og leikskóla.

7.1.4.3. Gallar

- Mjög mikið jarðrask þyrfti til að jafna og gera svæðið nothæft.
- Langt frá þjónustu í miðbænum, sundlaug og veitingastöðum.
- Nálægð við íbúðabyggð getur valdið grenndaráhrifum (hávaði, umferð).
- Ekki hluti af skipulögðu útivistarsvæði og skapar ekki samlegð við ferðaþjónustu.
- Lítið landslagsrými fyrir stækkanir eða viðbótaraðstöðu.

7.1.4.4. Mat

Valkostur C er tæknilega mögulegur en slakur m.t.t. umhverfisáhrifa, jarðvinnu, rekstrar og tengsla við ferðaþjónustu.



Mynd 7.4 Valkostur fyrir tjaldsvæðið við Brimnesá.

7.1.5. Samanburður á valkostum

Með hliðsjón af framangreindum viðmiðum leiðir samanburður valkostanna til eftirfarandi niðurstöðu:

Valkostur A – Neðan skíðaskála í Böggvisstaðafjalli

Heildrænt séð sterkasti kosturinn: góð rekstrarforsenda (samnýting við skíðaskála og fyrirhugað hótél), tengsl við útivist og ferðamennsku, gott aðgengi og nægilegt undirlendi.

Valkostur B – Sunnan við Ásgarð

Raunhæfur kostur með hóflegu jarðraski, en fjarlægur þjónustu og óvissa um burðargetu jarðvegs dregur úr gæðum valkostar.

Umhverfisáhætta er til staðar vegna fólkvangs, en mat sýnir að hægt er að lágmarka áhrif og tryggja útivistargildi með stýringu, merkingum og varúðarráðstöfunum.

Valkostur C – Við Brimnesá

Minni rekstrarlegur og skipulagslegur kostur. Verulegt jarðrask, fjarlægð frá þjónustu og grenndaráhrif gera valkostinn óhagstæðan.

7.1.6. Lokaályktun

Valkostur A – Neðan skíðaskála í Böggvisstaðafjalli er talinn heppilegasti kosturinn fyrir framtíðartjaldsvæði á Dalvík.

Hann býður upp á bestu samlegð við ferðaþjónustu, útivist og innviði, hefur hæfilegt undirlendi og nýtir fyrirliggjandi byggingar.

Með viðeigandi mótvægisáðgerðum má halda umhverfisáhrifum innan ásættanlegra marka og tryggja áframhaldandi útivistargildi fólkvangsins.

7.2. Stækkun hafnarsvæðis á Dalvík


Dalvíkurhöfn er burðarstoð atvinnulífs sveitarfélagsins og þjónar bæði sjávarútvegi, fiskvinnslu, ferðaþjónustu og hafnsæknum atvinnugreinum. Núverandi hafnarsvæði er nær fullnýtt og takmarkar frekari þróun atvinnulífs og innviða.

Til að mæta framtíðarþörfum og markmiðum aðalskipulags þarf stækkun hafnar að byggja á:

- skýrri framtíðarsýn um atvinnuuppbyggingu,
- hæfni hafnar til að taka við fjölbreyttum rekstri,
- öryggi siglinga og nýtingu innviða,
- lágmörkun umhverfisáhrifa,
- hagkvæmni framkvæmda, og
- samræmi við skipulagslög, landsskipulagsstefnu og lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Tvær staðsetningar voru til skoðunar:

- A – Stækkun hafnar til norðurs,
- B – Stækkun hafnar á suðurhluta / við Sandskeið.



Mynd 7.5 Yfirlit valkosta fyrir stækkun hafnarsvæðisins á Dalvík.

7.2.1. Valkostur A – Stækkun hafnar til norðurs

7.2.1.1. Lýsing svæðis og framkvæmda

Stækkun hafnar til norðurs felur í sér um 28 ha landfyllingu sem yrði beintengd núverandi hafnarsvæði og byggði á sömu landfyllingaraðferð og þegar hefur verið beitt. Svæðið myndar eðlilegt, samhangandi framhald af núverandi höfn og fellur vel að ásýnd strandlengjunnar.

7.2.1.2. Kostir

Samfella og heildstæð skipan hafnarsvæðis. Stækkunin tengist beint núverandi hafnarsvæði og skapar eitt sameinað starfssvæði.

Allir grunninviðir þegar til staðar. Nálægð við núverandi hafnar- og þjónustumannvirki (rafmagn, lagnir, vegtengingar) dregur úr framkvæmda-kostnaði og auðveldar stigskiptingu framkvæmda.

Lítill áhrif á ásýnd byggðar. Stækkunin sést lítið frá íbúðabyggð þar sem hún er á efri hluta hafnarsvæðis og fer fram í framhaldi fyrri landfyllinga.

Hentugt fyrir fjölbreytta atvinnustarfsemi. Skapar stórt svæði með góðu plássi fyrir útgerðir og fiskvinnslu, hafnsækna framleiðslu, skipaviðgerðir og tengd fyrirtæki.

Landfylling byggir á sambærilegri tækni og fyrri framkvæmdir, auðvelt að skipta í áfanga og framkvæma samhliða rekstri hafnar.

7.2.1.3. Gallar

Veruleg landfylling kallar á áhrif á sjávarbotn, strauma og vistkerfi.

7.2.1.4. Mat

Valkostur A er sterkari og heppilegri kosturinn út frá heildarskipulagi hafnar, atvinnuuppbyggingu, innviðatengslum, rekstrarhagkvæmni, ásýnd og grenndaráhrifum. Umhverfisáhrif eru til staðar en fyrirsjáanleg og hægt að draga úr áhrifum með viðeigandi mótvægisáðgerðum.



Mynd 7.6 Valkostur A – stækkun hafnarsvæðisins til norðurs.

7.2.2. Valkostur B – Stækkun hafnar á suðurhluta / við Sandskeið

7.2.2.1. Lýsing svæðis og framkvæmda

Stækkunin felur í sér landfyllingu við Sandskeið.

Hugmyndin byggir á landfyllingu í samræmi við gildandi deiliskipulag hafnarinnar, þar sem þegar er gert ráð fyrir takmarkaðri landfyllingu á svæðinu.

Til að búa til fullnægjandi starfssvæði þyrfti þó umfangsmeiri landfyllingu en kveðið er á um í núverandi skipulagi.

Slík stækkun myndi skapa aðskilið eða nýtt hafnarsvæði sem væri ekki samhangandi við núverandi höfn.

7.2.2.2. Kostir

Möguleiki á uppbyggingu nýs sérhæfðs svæðis fyrir starfsemi sem þarf ekki að vera í beinu sambandi við meginhafnarsvæðið.

Tengist Sandskeiði þar sem er athafna- og iðnaðarsvæði.

7.2.2.3. Gallar

Veruleg landfylling kallar á áhrif á sjávarbotn, strauma og vistkerfi.

Byr til tvö aðskilin hafnarsvæði. Stækkunin myndi aldrei tengjast eðlilega núverandi höfn og skapa óhagkvæma tvískiptingu.


Tvær hafnarkjarnaþyrpingar þýða tvö þjónustusvæði, tvær aðkomur, tvö svæði sem þarf að halda við og tryggja öryggi á.

Nálægð við Sandskeið, sem er flóðahættusvæði, viðkvæmt strand- og votlendissvæði.

7.2.2.4. Mat

Valkostur B er óhagkvæmari en valkostur A og felur í sér tvískiptingu hafnarsvæðis, aukin rekstrar- og stjórnunaráhrif og umfangsmeiri umhverfisáhrif.

Landfyllingin er þó í samræmi við gildandi deiliskipulag að hluta og nýtist sem raunhæft athafnasvæði fyrir starfsemi sem þjónustar hafnarsvæðið og styður við hafnsækna iðnaðar- og þjónustustarfsemi.



Mynd 7.7 Valkostur B – Stækkun hafnarsvæðis á suðurhluta, við Sandskeið.

7.2.3. Samanburður valkosta

Með hliðsjón af skipulagslegum, rekstrarlegum, umhverfislegum og hagkvæmnis viðmiðum er niðurstaðan eftirfarandi:

Valkostur A – Stækkun til norðurs

Heppilegri og hagkvæmari kosturinn, þar sem hann tengist núverandi hafnarsvæði, nýtir innviðakerfi sem fyrir er, skapar samfellda skipulagseiningu, hefur minni grenndaráhrif, fellur betur að ásýnd og heildarmynd strandlengjunnar, og býður upp á sveigjanlega áfangaskiptingu framkvæmda.

Valkostur B – Stækkun á suðursvæði / Sandskeið

Óhagkvæmur og óheppilegur kostur, þar sem hann myndi óhjákvæmilega skapa tvískipt hafnarsvæði, krefst umfangsmikilla landfyllinga, liggur að viðkvæmu strandsvæði, er langt frá miðlægum innviðum hafnarinnar, og eykur rekstrar- og stjórnunarkostnað til framtíðar.

7.2.4. Lokaályktun

Mælt er eindregið með valkosti A, stækkun til norðurs, sem framtíðarhafnarsvæði Dalvíkur. Hann tryggir samfellda skipan hafnar, nýtir innviði sem fyrir eru, hefur minni rekstrar- og stjórnunaráhrif og fellur best að heildarskipulagi strandlengjunnar.

Jafnframt hefur verið ákveðið að halda áfram með landfyllingu samkvæmt valkosti B í samræmi við gildandi deiliskipulag hafnarinnar. Sú landfylling verður nýtt sem athafnasvæði fyrir starfsemi sem styður við eða þarf að vera í tengslum við aðra hafnarstarfsemi.

7.3. Staðsetning nýs hótels á Dalvík

Til að styðja við framtíðarsýn sveitarfélagsins um sjálfbæra ferðapjónustu, eflingu vetrar- og sumarstarfsemi og uppbyggingu á ferðamannainniðum var unnin valkostagreining fyrir mismunandi staðsetningar nýs hótels á Dalvík.


Matið byggir á eftirfarandi viðmiðum:

Viðmið:

1. Aðgengi og samgöngur
2. Umhverfisáhrif og jarðrask
3. Tenging við ferðapjónustu og upplifun
4. Lagnir, veitur og nytsemi
5. Grenndaráhrif og fjarlægð frá íbúðabyggð
6. Samræmi við aðalskipulag og verndarsvæði
7. Áhrif á ásýnd og landslag

Valkostirnir sem voru skoðaðir:

- A – Neðan skiðaskála í Böggvisstaðafjalli
- B – Innan fólkvangs, sunnan við Brimnesá
- C – Opið svæði sunnan við Brimnesá
- D – Sunnan við Böggvisstaði



Mynd 7.8 Yfirlit valkosta fyrir hótél.

7.3.1. Valkostur A – Hótel neðan skíðaskála í Bökkvisstaðafjalli

7.3.1.1. Lýsing svæðis

Svæðið er í fólkvangi Bökkvisstaðafjalls og með beina tengingu við skíðasvæðið og gönguleiðir. Vegur liggur að skíðaskála og veitur eru til staðar. Svæðið hefur mjög hátt útsýnis- og upplifunargildi.

7.3.1.2. Kostir

Mjög sterk tenging við vetrarferðapjónustu (skíði) og sumarútvist (gönguleiðir).

Myndar heildstæðan ferðapjónustukjarna (hótel + tjaldsvæði + útvist).

Útsýni yfir Dalvík og Eyjafjörð og sterkt landslagsgildi.

Fjarri íbúðabyggð og því lítil grenndaráhrif.


7.3.1.3. Gallar

Innan fólkvangs sem gerir strangar kröfur um hönnun og jarðrask. Þarf nákvæmt mat á áhrifum á útvistargildi fólkvangsins.

Aukning umferðar um Mímisveg sem liggur í gegnum íbúðabyggð.

7.3.1.4. Heildarmat

Sterkasti kosturinn út frá ferðapjónustu, tengingum og rekstrarlegum forsendum, með neikvæðum umhverfisáhrifum sem hægt er að draga úr.



Mynd 7.9 Staðsetning valkostar A.

7.3.2. Valkostur B – Í Bökkvisstaðafjalli sunnan við Brimnesá

7.3.2.1. Lýsing svæðis

Svæðið er innan fólkvangs og án aðkomuvegar og veitulagna. Um er að ræða óraskað land í miklum hlíðarsvæðum. Engir innviðir er til staðar og hótelpuppbygging krefst verulegs rasks. Fjarri byggð og annarri þjónustu.

7.3.2.2. Kostir

Mjög gott útsýni yfir Eyjafjörð og sterkt landslagsgildi.

Nærtæk tenging við útivistarsvæði í fólkvanginum.

Möguleg vetrartenging: gestir geta skíðað niður að skíðaskála og aftur heim.

7.3.2.3. Gallar

Innan fólkvangs sem gerir strangar kröfur um hönnun og jarðrask. Þarf nákvæmt mat á áhrifum á útivistargildi fólkvangsins.


Breyting á ásýnd verndarsvæðis og hugsanlega áhrif á upplifun útivistar.

Verulegt jarðrask vegna vegagerðar, lagna og byggingarsvæðis.

Engin samlegð við önnur ferðamannasvæði í nágrenninu.

7.3.2.4. Heildarmat

Óhagkvæmur og umhverfislega viðkvæmur valkostur. Krefst umfangsmikillar innviðagerðar og rýrir ásýnd fólkvangsins.



Mynd 7.10 Staðsetning valkosta B

7.3.3. Valkostur C – Á opnu svæði sunnan við Brimnesá

7.3.3.1. Lýsing svæðis

Svæðið er rétt utan fólkvangsins, innan þéttbýlismarka Dalvíkur, vestan fyrirhugaðrar íbúðarbyggðar ÍB202. Landið er óraskað og í landhalla. Malarvegur liggur í fjallshlíðinni sunnan við staðinn.

7.3.3.2. Kostir

Stutt í þjónustu á Dalvík (verslun, sundlaug, íþróttasvæði).

Staðsett utan fólkvangs, minna álag á útivistarsvæðið en hjá valkosti A og B.

Góð tenging við útivistarsvæði og nálægð við friðlandið án þess að ganga inn á það.

7.3.3.3. Gallar


Óraskað land og landhalla kallar á verulega jarðvinnu og rask á vistkerfum.

Nálægð við fyrirhugaða íbúðabyggð skapar möguleg grenndaráhrif (útsýni, umferð).

Engin samlegð við önnur ferðamannasvæði í nágrenninu.

7.3.3.4. Heildarmat

Raunhæfur en miðlungs hagkvæmur valkostur. Krefst mikils undirbúnings, jarðrasks og innviðaupbyggingar. Engin samlegð við ferðaþjónustu á sama hátt og valkostur A.



Mynd 7.11 Staðsetning valkosta C

7.3.4. Valkostur D – Sunnan við Bökkvisstaði

7.3.4.1. Lýsing svæðis

Svæðið er rétt sunnan við þéttbýlismörk Dalvíkur, neðan fólkvangs í Bökkvisstaðafjalli. Um er að ræða óraskað land, enginn vegur eða veita liggur til svæðisins.

7.3.4.2. Kostir

Góð tenging við náttúru og útivist í fólkvanginum án þess að fara inn fyrir mörkin.

Gott útsýni að friðlandinu og Eyjafirði.

Nálægð við þéttbýlið án þess að vera inni í því.

7.3.4.3. Gallar

Enginn aðkomuvegur og engar veitur til staðar, eykur kostnað og rask.

Óraskað land, verulegt jarðrask og breyting á ásýnd.

Engin samlegð við þjónustu né ferðaþjónustu.

7.3.4.4. Heildarmat

Óhagstæður valkostur vegna innviðaskorts, jarðrasks og takmarkaðrar samlegðar.



Mynd 7.12 Staðsetning valkostar D.

7.3.5. Samanburður valkosta

Valkostur A, hótél neðan skíðaskála í Böggvisstaðafjalli, stendur best að vígi hvað varðar aðgengi, rekstrarhagkvæmni og samlegð við núverandi innviði skíðasvæðis. Valkostir C og D kalla á meiri uppbyggingu nýrra innviða með tilheyrandi jarðraski.

Samantekt helstu niðurstaðna:

- **Aðgengi og veitur:** A er eini valkosturinn þar sem aðkoma og grunnveitur eru til staðar.
- **Umhverfisáhrif:** Valkostur A og B, innan fólkvangsins, geta haft neikvæð áhrif á útivistargildi fólkvangsins.
- **Ferðapjónustupplifun:** A og B hafa besta landslags- og upplifunargildi, en A hefur rekstrarlega og innviðalega yfirburði.
- **Grenndaráhrif:** A og B hafa lítil áhrif á íbúðabyggð; C og D hafa miðlungs áhrif.
- **Rekstrarhagkvæmni:** A stendur langbest vegna samlegðar við skíðasvæðið og nálægðar við þjónustu.
- **Samlegð:** Er metin hæst í valkosti A vegna tengingar við tjaldsvæði, skíðasvæði og útivist.

7.3.6. Lokaályktun

Valkostur A, hótél neðan skíðaskála í Böggvisstaðafjalli, er talinn heppilegasti valkosturinn fyrir nýtt hótél á Dalvík.

Rökin fyrir því eru sterk samlegð við vetrar- og sumarferðapjónustu, nálægð við núverandi innviði og þjónustu skíðasvæðis, hæfileg fjarlægð frá íbúðabyggð, gott aðgengi og möguleiki á samnýtingu við nýtt tjaldsvæði, umhverfisáhrif sem má draga úr þrátt fyrir staðsetningu innan fólkvangs, besta rekstrargrundvöllurinn til lengri tíma.

Aðrir valkostir eru annað hvort óhagkvæmir, valda óþarfa jarðraski og innviðakostnaði eða brjóta upp heildstæða skipan ferðapjónustukjarna.


7.4. Framtíðarathafnasvæði Dalvíkur

Við endurskoðun aðalskipulags Dalvíkurbyggðar er mikilvægt að ákvarða framtíðarstaðsetningu athafnasvæðis sem rúmar bæði léttan og þyngri iðnað utan þéttbýlis og tryggir:

- góða aðkomu og öryggi fyrir þungaflutninga,
- lágmörkun grenndaráhrifa,
- samlegð milli atvinnugreina,
- ásýndarlega vistvæna og aðlaðandi aðkomu að Dalvík,
- nýtingu lands sem þegar hefur verið raskað ef það er mögulegt,
- og sveigjanleika í langtíma skipulagsþróun.

Valkostir til skoðunar:

- A – Athafnasvæði á Böggvisstöðum,
- B – Athafnasvæði austan við Hrísa.



Mynd 7.13 Yfirlit valkosta fyrir athafnasvæði.

7.4.1. Valkostur A

Athafnasvæði á Böggvisstöðum

Er innan þéttbýlismarka Dalvíkur og hluti af framtíðar byggingarlandi bæjarins. Á svæðinu er þegar athafnasvæði, AT-408. Vegtenging og veitur eru þegar til staðar.

7.4.1.1. Kostir

Samfelld og rökrétt stækkun við núverandi athafnasvæði við Böggvisstaði.

Veitur og vegir til staðar.

Engin bein grenndaráhrif á íbúðabyggð.


7.4.1.2. Gallar

Mjög sýnilegt frá þjóðveginum og aðkomu inn í bæinn. Landið stendur hærra en vegurinn, sem þýðir að atvinnustarfsemi og byggingar myndu blasa við aðkomu að bænum. Þarf markvissar mótvægisáðgerðir til að draga úr ásýnd og sýnileika.

Raflinu möstur á svæðinu og helgunarsvæði þeirra takmarka nýtingu.

7.4.1.3. Heildarmat valkosta A

Sterkur kostur skipulagslega, en raflinumöstur takmarka nýtingu þess. Ásýnd gagnvart aðkomu að bænum yrði neikvæð og krefst verulegrar landmótunar til að draga úr áhrifum.



Mynd 7.14 Staðsetning valkosta A.

7.4.2. Valkostur B

Athafnasvæði austan við Hrísa

Svæðið er staðsett utan þéttbýlis, beint ofan við efnistökusvæði sem er þegar raskað og í notkun. Vegur liggur að svæðinu vegna efnistökkunnar og er góður fyrir þungaflutninga, með beinni tengingu við þjóðveg. Svæðið stendur lítillaga neðar en þjóðvegurinn, sem þýðir að það blasi minna við aðkomu að bænum en Böggvisstaðasvæðið.

7.4.2.1. Kostir

Góð aðkoma fyrir þungaflutninga. Aðkoma liggur beint frá þjóðvegi. Núverandi vegur frá efnistökusvæðinu er hannaður fyrir þungaflutninga og er auðvelt að nýta áfram.

Nýting á áður röskuðu landi. Svæðið er þegar raskað að hluta vegna efnistöku. Efnistökusvæðið er hægt að nýta til landmótunar og draga úr ásýnd, t.d. með mótum, skjólbeltum og gróðurrækt.

Minni sjónræn áhrif. Svæðið liggur neðar en þjóðvegurinn, sem dregur úr sýnileika atvinnusvæðisins.

Stærð og form svæðisins henta bæði léttum og þungum iðnaði.

7.4.2.2. Gallar

Skapar ekki sameinað atvinnusvæði. Minnkar möguleikann á að hafa eitt samfelld atvinnusvæði, þar sem Hrísar og Böggvisstaðir yrðu aðskilin svæði.

Þó svæðið liggir neðar þarf að huga vel að frágangi og landmótun til að tryggja að aðkoman til Dalvíkur sé snyrtileg.

7.4.2.3. Heildarmat valkostar B

Staðsetningin er hagkvæm, framkvæmdavæn og umhverfislega skynsamleg þar sem hún nýtir raskað land að hluta. Aðkoma fyrir þungaflutninga er betri en á Böggvisstöðum. Sjónræn áhrif yrði minni, þar sem landið er neðar en þjóðvegurinn og hægt að nýta landmótun úr efnistökusvæðinu.

Heildarályktunin er sú að valkostur B er mjög raunhæfur kostur, þótt hann nái ekki markmiði um eitt sameinað atvinnusvæði.



Mynd 7.15 Staðsetning valkosts B.

7.4.3. Samanburður valkosta

Samanburður valkostanna sýnir að báðir möguleikar, A á Böggsstöðum og B austan við Hrísa, uppfylla meginmarkmið sveitarfélagsins um framtíðarrými fyrir athafnastarfsemi utan þéttbýlis. Þeir hafa þó ólíka styrkleika.

Aðkoma og umferð þungaflutninga er betri í valkosti B, þar sem svæðið tengist þjóðvegi með vegi sem þegar er hannaður fyrir þunga umferð vegna efnistökusvæðis. Á Böggsstöðum er aðkoman góð, en ekki jafn sterk og í valkosti B.

Sjónræn áhrif eru meiri á Böggsstöðum þar sem landið stendur hærra en þjóðvegurinn og atvinnustarfsemi myndi blasa við aðkomu til Dalvíkur. Valkostur B er neðar í landinu og því minna sýnilegur, auk þess sem hægt er að nýta landmótun efnistökusvæðis til að draga enn frekar úr ásýnd.

Valkostur B nýtir þegar raskað land og stenst þannig betur markmið landsskipulagsstefnu um endurnotkun slíkra svæða. Valkostur A er að hluta raskaður, en ekki í sama mæli.

Samlegð við núverandi starfsemi er sterkari hjá valkosti A, sem er rökrétt framlenging á núverandi athafnasvæði. Valkostur B er framkvæmanlegur og vel tengdur en myndar aðskilið atvinnusvæði.

Grenndaráhrif eru lítil hjá báðum valkostum og hvorki A né B hefur bein áhrif á íbúðabyggð.

Einfaldari framkvæmd og minni kostnaður er í valkosti B, þar sem vegir eru þegar að hluta til til staðar og landið mótað. Á Böggsstöðum þarf

meiri landmótun og mótvægisáðgerðir vegna ásýndar og raflína.

Heildstætt mat sýnir því að valkostur A er heppilegri ef markmiðið er eitt samfellt atvinnusvæði til langs tíma. Valkostur B er kemur betur út varðandi aðkomu, kostnaði, raski og ásýnd, og hentar vel ef áherslan er á hagkvæmni og lágmarksröskun óspillts lands.

7.4.4. Lokaályktun

Valkostur B (Austan við Hrísa) er sterkur valkostur og getur í raun reynst betri fyrir þungaflutninga, hefur minni ásýnd frá þjóðvegi, hefur minni áhrif á jarðveg (nýting raskaðs lands) og er auðveldari í framkvæmd.

Áhersla sveitarfélagsins er á rekstrarhagkvæmni, lágmarks nýtingu óspillts lands og bestu mögulegu aðkomu fyrir þungaflutninga og því er valkostur B valinn.

7.5. Breytt aðkoma að Hauganeshöfn


Íbúar Hauganess hafa kallað eftir nýrri og öruggari aðkomu vegna þess að núverandi vegur liggur í gegnum íbúðarbyggð áður en komið er að hafnarsvæðinu og Sandvík, sem eru vinsæl ferðamannasvæði.

Markmið valkostamatsins er að:

- draga úr gegnumakstri þungaflutninga og ferðamanna um íbúðagötur,
- bæta umferðaröryggi í þorpinu,
- tryggja skilvirka aðkomu að fyrirhuguðu fiskeldi norðan Hauganess (AT-834),
- og styrkja tengingu við ferðaþjónustu, baðaðstöðu, hafnarsvæðið og framtíðaruppbyggingu í Sandvík (VÞ-759).

Tveir valkostir voru teknir til skoðunar:

- A – Eldri vegur endurnýjaður frá Þjóðvegi
- B – Eldri vegur endurnýjaður að hluta



Mynd 7.16 Yfirlit valkosta fyrir breytta aðkomu að Hauganeshöfn.

7.5.1. Valkostur A – Eldri vegur endurnýjaður frá Þjóðvegi

7.5.1.1. Lýsing valkostar

Þessi valkostur felur í sér að þróa gamlan vegslóða frá Þjóðveginum beint að Hauganeshöfn og Sandvík. Slóðinn er nú þegar til staðar og jarðvegur raskaður, sem dregur úr upphafsriski.

7.5.1.2. Kostir

Bein og skýr akstursleið fyrir ferðamenn og þjónustubíla. Vegurinn myndi tengjast Þjóðvegi á einum stað, ferðamenn fara beint að hafnar svæði og Sandvík. Minnkar líkur á að ferðamenn villist inn í íbúðagötur.

Beinir allri þungaflutninga- og ferðamannaumferð frá íbúðabyggð. Mikill ávinningur fyrir öryggi og ró í þorpinu. Lækkar umferðarálag, hávaða og sjónræn áhrif á íbúahverfi.

Jarðvegur er þegar raskaður. Nýtt vegstæði að hluta þegar til, minni umhverfisáhrif en nýtt vegstæði.

7.5.1.3. Gallar


Hættuleg gatnamót við Þjóðveg. Ný tenging frá Þjóðvegi væri beint á mótum heimreið Stærri-Árskógar, sem myndar óörugg krossgatnamót. Vegagerðin myndi ekki heimila tvær gagnstæðar tengingar. Þyrfti að fækka tengingum og loka núverandi heimreið, færa hana að sameiginlegri heimreið hjá Stærri-Árskógskirkju.

Hærri kostnaður. Þessi valkostur kallar á fulla endurbyggingu frá Þjóðvegi að höfn. Fleiri hönnunarbættir, þar á meðal breytingar á Þjóðvegi og heimreiðum.

Hentar síður fyrir framtíðaraðkomu að fiskeldi norðan Hauganess (AT-834). Þó tengingin sé bein, er hún síður hentug sem aðal tenging fyrir væntanlegt athafnasvæði norðan Hauganess.

7.5.1.4. Heildarmat valkostar A

Valkostur A býður upp á skýra og beina leið fyrir umferð til og frá höfn, en hann er kostnaðarsamari, kallar á flóknar breytingar á Þjóðvegi, og uppfyllir ekki að öllu leyti kröfur um örugg gatnamót.



Mynd 7.17 Lega valkostar A.

7.5.2. Valkostur B – Eldri vegur endurnýjaður að hluta

7.5.2.1. Lýsing valkostar

Þessi valkostur nýtir núverandi Hauganesveg að hluta, en beinir síðan umferð um Ásveg, heimreið að Syðra-Ási, og áfram að Selá og Hauganeshöfn. Jarðvegur er þegar raskaður á öllum þessum slóðum.

7.5.2.2. Kostir

Engin ný tenging við þjóðveg, dregur úr áhættu. Þarf ekki að opna ný gatnamót við þjóðveg.

Beinir allri umferð til og frá höfn frá íbúðabyggðinni. Sami ávinningur og í valkosti A, en með minni framkvæmd.

Jarðvegur þegar raskaður og vegir til staðar um Syðra-Ás og Selá. Minna jarðrask en í valkosti A.

Styrkir ferðapjónustu og hafnarstarfsemi. Ný aðkoma liggur beint að ferðapjónustuvæði og hafnarsvæði, sem getur aukið sýnileika og aðgengi.

Minni kostnaður og einfaldari framkvæmd með nýtingu á núverandi vegslóðum. Þarf aðeins að styrkja burðargetu vegar fyrir þungaflutninga.

7.5.2.3. Gallar

Gatnamót Hauganesvegar og Ásvegar. Núverandi gatnamót eru þannig að akstursstefnan liggur eðlislægt áfram inn í þorpið, ekki út á nýju leiðina. Þarf sérstaka hönnun til að leiðbeina umferð að réttri leið og tryggja öryggi.

Aukin umferð í gegnum ferðapjónustu- og atvinnusvæði. Þó þetta sé gagnlegt fyrir fyrirtæki,

þarf að tryggja góða aðgreiningu gangandi, hjólandi og akandi.

7.5.2.4. Heildarmat valkostar B

Valkostur B er hagkvæmari, einfaldari, umhverfisvænni og betri hvað varðar umferðaröryggi en valkostur A. Hann skapar örugga aðkomu án þess að hrófla við gatnamótum við þjóðveg, sem er mikilvægur þáttur í samráði við Vegagerðina.



Mynd 7.18 Lega valkostar B.

7.5.3. Samanburður valkosta

Samanburður valkostanna sýnir að báðar leiðir, A og B, ná markmiðum um að beina umferð þungaflutninga og ferðamanna frá íbúðargötum Hauganess og bæta þannig umferðaröryggi og lífsgæði íbúa. Munurinn liggur fyrst og fremst í öryggiskröfum við þjóðveg, umfangi framkvæmda og samræmi við framtíðaruppbyggingu.

Valkostur A felur í sér beina tengingu frá þjóðvegi að höfn og Sandvík, en kallar á ný krossgatnamót sem eru talin óörugg og myndu krefjast umfangsmikilla breytinga á núverandi tengingum og heimreiðum. Þrátt fyrir skýra leið og nýtingu raskaðs lands að hluta, er kostnaður hærri og valkosturinn þjónar síður fyrirhuguðu athafnasvæði norðan við Hauganes.

Valkostur B nýtir núverandi vegslóða án þess að opna ný gatnamót á þjóðvegi og fellur því betur að öryggissjónarmiðum Vegagerðar. Hann beinir jafnframt allri umferð frá íbúðabyggð með mun minni framkvæmdum og jarðraski, þar sem jarðvegur er þegar raskaður á allri leiðinni. B styrkir tengingu við ferðaþjónustusvæði og hafnarsvæði, er kostnaðarhagkvæmari og þjónar best aðkomu að AT 834, þó að endurhönnun gatnamóta á Hauganesvegi og Ásvegi verði nauðsynleg til að tryggja rétta akstursstefnu og umferðaröryggi.

7.5.4. Lokaályktun

Niðurstaða valkostamatsins er að Valkostur B, endurnýjun eldri vegar að hluta, sé heppilegasta lausnin fyrir breytta aðkomu að Hauganeshöfn. Valkosturinn krefst ekki nýrra gatnamóta við þjóðveg og fellur því best að öryggiskröfum Vegagerðar. Hann nýtir raskað land og núverandi vegslóða, dregur úr framkvæmdakostnaði og umhverfisraski, og beinir allri umferð til og frá höfn frá íbúðabyggð. Leiðin styður jafnframt betur við aðkomu að fyrirhuguðu atvinnusvæði norðan Hauganess (landeldi) og styrkir tengingu við ferðaþjónustusvæðið við Sandvík. Heildstætt er valkostur B því bæði auðveldari í framkvæmd og hagkvæmari en valkostur A.

8. MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM FRAMKVÆMDA

Í aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar eru nokkrar stefnuákvarðanir sem gætu leitt til framkvæmda sem eru háðar umhverfismati framkvæmda, sbr. lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og reglugerð nr. 1381/2021.

Niðurstaðan byggir á mats- og tilkynningarskyldu einstakra framkvæmdaflokka og tengir það beint við þær framkvæmdir sem stefna og landnotkun aðalskipulags Dalvíkurbyggðar heimilar eða undirbýr.

Athugið: Umhverfismat framkvæmda fer alltaf fram á framkvæmda-stigi, ekki skipulagsstigi. Aðalskipulag kveður þó á um hvort framkvæmdir séu yfirhöfuð heimilar og getur þannig leitt til mats- eða tilkynningarskyldra framkvæmda.

Reitur / svæði	Framkvæmd / heimiluð uppbygging	Mats- eða tilkynningarskylda	Athugasemdir
I-834 Árskógsvirkjun*	Vatnsaflsvirkjun allt að 5 MW, stíflur, lón, aðrennslis- og frárennslisskurðir	Flokkur B – tilkynningarskylda	Vatnsaflsvirkjanir eru almennt tilkynningarskyldar; Skipulagsstofnun metur matsskyldu. Stórar breytingar á vatnafarsháttum.
H-106 Dalvíkurhöfn	Stækkun hafnar, landfyllingar, dýpkun	Flokkur A eða B	Hafnarstækkanir með landfyllingu, heildarumfang
AT-805 ofan Árskógssands	Landeldi, matvælaíðnaður, gagnaver, önnur fyrirferðarmikil starfsemi	Flokkur A/B fer eftir starfsemi	Starfsemi og umfang liggur ekki fyrir. Landeldi og orkufrek starfsemi eru oft matsskyldar framkvæmdir.
AT-659 Hrisamóar	Nýtt svæði fyrir fyrirferðarmikla starfsemi	Fer eftir tegund starfsemi	Uppbyggingin sjálf ekki matsskyld, en fyrirtæki á svæðinu geta verið það.
AT-828 Fiskeldi **	Seiðaeldi / landeldi	Flokkur B – tilkynningarskylda	Fiskeldi á landi er nánast alltaf tilkynningarskyld og oft matsskyld.
AF-508 Tjaldsvæði (Böggvisstaðafjall)	Nýtt tjaldsvæði í fólkvangi	Flokkur B – tilkynningarskylda	Staðsetning innan verndarsvæðis, fólkvangs.
VP-507 Hótel í Böggvisstaðafjalli	Hótel í fólkvangs- og útivistarsvæði	Flokkur B – tilkynningarskylda	Staðsetning innan verndarsvæðis, fólkvangs.
Ólafsfjarðargöng	Jarðgöng	Flokkur A – alltaf matsskyld	Jarðgöng eru samkvæmt lögum alltaf matsskyld framkvæmd.
Efnistökusvæði	Langtíma efnistaka úr landi/áreyrum/fjörum	Flokkur B – tilkynningarskylda	Matsskylda fer eftir umfangi og staðsetningu m.t.t. votlendis og verndarsvæða.

* Álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir

** Umhverfismat framkvæmda er hafið